

Fornleifaskráning í Hvanneyrarhreppi I

Minjar á Úlfsdölum og í Siglufjarðarbæ



Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS284-04041
Reykjavík 2005



© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Um fornleifaskráningu	5
3. Fornleifaskráning í þéttbýli.....	8
4. Fornleifaskrá	10
5. Fornleifar og byggð.....	71
<i>Bæjarhólar og býli.....</i>	<i>71</i>
<i>Þéttbýlismyndun á Siglufirði – verslun og síld.....</i>	<i>72</i>
<i>Kvíar og stekkir</i>	<i>76</i>
<i>Beitarhús og sel</i>	<i>77</i>
<i>Mógrafir og torfrista</i>	<i>78</i>
6. Niðurstöður.....	78
<i>Tölfræði</i>	<i>78</i>
<i>Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu</i>	<i>80</i>
FORNLEIFAKORT.....	83
Heimildaskrá.....	91

1. Inngangur

Haustið 2004 fór fram fornleifaskráning í hluta Hvanneyrarhrepps sem nú er yfirleitt aðeins nefndur Siglufjörður. Skráðar voru 189 fornleifar á sex jörðum. Annars vegar er um að ræða nyrstu jarðir í hreppnum og raunar þær nyrstu í allri Eyjafjarðarsýslu, Máná, Dalabæ og Engidal, en hins vegar jarðirnar Höfn, Hvanneyri og Hvanneyrarsel en nú nær þéttbýli Siglufjarðar yfir stærstan hluta þeirra.

Áður en hafist var handa við aðalskráningu sumarið 2004 hafði Fornleifastofnun Íslands tekist á hendur stórt skráningarverkefni í hreppnum vegna fyrirhugaðra jarðganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.¹ Voru þá skráðar minjar í Héðinsfirði og að auki minjar inni á Siglufjarðardal sem taldar voru í hugsanlegri hættu vegna vega- og gangagerðar. Fyrirhugað er að niðurstöður þeirrar skráningar birtist í skýrslu á vordögum 2007 ásamt lokaáfangi skráningarinnar, þ.e. minja á Siglufjarðardal, Siglunesi, Reyðará og í Hvanndölum. Sumarið 1997 gerði Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur, fornleifakönnun í kaupstaðarlandinu vegna fyrirhugaðrar byggingar snjóflóðavarnargarða ofan bæjarins og var niðurstaða hans sú að engar minjar væru í hættu af þeim sökum.² Aðrar fornleifaathuganir hafa ekki farið fram á skráningarsvæðinu svo vitað sé.

Efnisskipan í þessari skýrslu er svipuð og í öðrum skýrslum um skráningu fornleifa. Á eftir inngangi er kafli um fornleifaskráningu sem m.a. gefur yfirlit um löggjöf og aðferðir við fornleifaskráningu (2. kafli). Í kjölfarið fylgir sérstakur kafli um aðferðir við fornleifaskráningu í kaupstöðum (3. kafli). Þá er birt skrá yfir fornleifar á svæðinu, (4. kafli) og síðan tekin saman yfirlit um helstu minjaflokka (5. kafli) og tölfræði minja (6. kafli).

Sædís Gunnarsdóttir safnaði heimildum um fornleifar í hreppnum. Birna Lárusdóttir sá um frágang og ritun þessarar skýrslu en auk hennar vann Sigríður Þorgeirsdóttir við skráninguna haustið 2004. Rætt var við nokkra heimildamenn um svæðið og eru þeim öllum færðar kærar þakkir fyrir aðstoð og góðar móttökur. Listi yfir þá er aftast í skýrslunni, á bls. 92. Þá á Örlygur Kristfinnsson, safnstjóri Síldarminjasafnsins, sérstakar þakkir skildar fyrir margvíslega aðstoð og óbilandi áhuga á viðfangsefninu.

¹ Orri Vésteinsson. 2001. *Fornleifakönnun. Jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar*. FS141-01061. Fornleifastofnun Íslands.

² Bjarni F. Einarsson. 1997. *Leiðigarðar á Siglufirði: álitsgerð vegna fornleifa í tengslum við umhverfismat og fyrirhugaða leiðigarða á Siglufirði*. Þjóðminjasafn Íslands.

2. Um fornleifaskráningu

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sér í lagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförunum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulegan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein Þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ...“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í Þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstaði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó gröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir grefrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 14. gr. Þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú telur ... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir ... skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.“

Það eru því hagsmunir framkvæmdaaðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

3. Fornleifaskráning í þéttbýli

Fornleifaskráning í þéttbýli er vandkvæðum bundin af nokkrum ástæðum. Þyngst vegur að langstærstur hluti minja er yfirleitt horfinn vegna byggðar og framkvæmda sem henni fylgja. Sú er raunin einmitt á Siglufirði en byggð þar óx mjög ört snemma á 20. öld og því hefur staðsetning margra minja og örnefna sem tengdust upprunalegu bæjunum, Hvanneyri og Höfn, glatast. Í fornleifaskráningu er reglan sú að skrá staðsetningu minja jafnvel þótt engar leifar þeirra sjáist lengur á yfirborði. Ástæðan er tvíþætt: Annars vegar geta mannvistarleifar leynst undir yfirborði og komið í ljós við framkvæmdir eða annað umrót og hins vegar hafa fornleifafræðingar áhuga á að geta staðsett hús og önnur mannvirki og þannig gert sér í hugarlund hvernig menningarlandslagið hefur litið út, breyst og þróast í tímans rás. Rætt var við heimildamenn um staðsetningu horfinna minja og auk þess stuðst við fyrirliggjandi heimildir. Sú mikilvægasta er án efa þrjú kort sem sr. Bjarni Þorsteinsson gerði af Siglufirði árin 1868, 1888 og 1918 (sjá bls. 82). Þau sýna staðsetningu einstakra bygginga og gefa góða mynd af þróun bæjarins á þessum uppgangstíma. Þrátt fyrir þetta reyndist ekki unnt að ákvarða staðsetningu nokkurra minjastaða en þeirra er engu að síður getið í fornleifaskránni.

Það er umdeilanlegt hvað á að skrá í þéttbýlisskráningu. Samkvæmt þjóðminjalögum teljast minjar 100 ára og eldri til fornleifa eins og rakið var í 2. kafla, þ.m.t. búsetulandslag í víðasta skilningi. Eins og gefur að skilja fellur fjöldi timburhúsa á Siglufirði undir þessa skilgreiningu, enda var kominn þar vísir að þorpi í upphafi 20. aldar. Hefð hefur skapast fyrir því í fornleifaskráningu að taka hnit á slíkum byggingum og segja stuttlega frá ástandi þeirra, ef þær á annað borð eru enn uppistandandi. Að öðru leyti er timburhúsum ekki lýst nákvæmlega, enda heyrir byggingarsaga og gerðfræði þeirra ekki undir starfssvið fornleifafræðinga nema að takmörkuðu leyti. Í mörgum tilvikum mætti vafalaust finna ítarlegri heimildir en hér eru raktar um einstök hús, t.d. á skjala- og ljósmyndasöfnum. Rétt er að taka fram að þar sem byggð hefur verið jafn þétt og t.d. á Þormóðseyrinni hafa vafalaust staðið mörg mannvirki í aldanna rás sem hvergi er getið í heimildum eða á kortum og enginn man eftir lengur. T.d. er líklegt að ofan við höfnina/lendinguna hafi staðið naust, sjóbúðir og annað sem tengist sjósókn um aldaðir og eftir að kaupstaðurinn tók að byggjast má ætla að skepnukofar, skemmur og hjallar hafi verið við flest byggð ból á eyrinni þótt ekki hafi þótt ástæða til að geta þeirra í rituðum


heimildum. Að lokum er rétt að geta þess að ekki er ætlunin að fjalla náið um sögu Siglufjarðar sem slíka í þessari skýrslu, enda hafa aðrir gert það nokkuð vandlega.³

³ Sjá t.d. *Frá Hvanndölum til Úlfsdala* eftir Sigurjón Sigtryggsson og *Siglufjörð* eftir Ingólf Kristjánsson.

4. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: Ey-003:001). Fornleifaskrá hvernjar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernjar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10



Dæmi um hvernig á skráning á dæmigerðum minjastað lítur út

metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávikum.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

EY-001 Máná

10 hdr 1709, Hólastólseign. Stopul byggð allt frá 14. öld og fram yfir 1600. Jarðirnar í Úlfisdölum tilheyrðu kirkjusóknum í Skagafirði en sóknin var flutt um 1614. Jörðin fór í eyði um miðja 20. öldina.

1709: "Túninu grandar vatnsuppgangur, sem jetur rótina til stórskaða og so enginu saman" JÁMI X, 342. "Túnin liggja á landræmu meðfram samnefndri á og beutiland er uppi á dalnum." BE 1990 I, 54 "Tún hefur verið allstórt í fyrstu, fremur þýft, en hefur síðar rýrnað nokkuð og fallið í órækt að hluta við langvarandi auðn og umhirðuleysi." SS, 762.

EY-001:001 Máná bæjarhóll bústaður

66°10.110N 18°59.988V

Bæjarhóllinn á Máná er fast austan við Mánána en um 500 m norðan þjóðvegjar. Á hólnum stendur nú gamalt, niðurmítt íbúðarhús. Það er tæpa 100 m norðaustur af nýlegum sumarbústað og 40-50 m norður af uppistandandi, steinsteyptum fjárhúsum. Á bænum er nú stundaður dálítill sauðfjárbúskapur frá Siglufirði.

Gamla íbúðarúsið stendur á dálitlu holti fremst á brekkubrún sem hallar til austurs, niður að Máná sem rennur í grónu gildragi. Tún eru norðan, sunnan og austan við húsið. Um 10 m norðvestan við húsið eru gömul, járnklædd útihús utan í norðurbrún bæjarhóls.

Gamla íbúðarhúsið er steinsteypt, á tveimur hæðum en með lágu rislofti. Það er ekki kjallari undir húsinu en það stendur á hlöðnum grunni og er grjótið í honum steyp saman. Grunnurinn virðist aðeins undir húsinu að austanverðu, sennilega til að jafna út hallann og ná yfirborði sléttu. Afgirtur kartöflugarður er sunnan við húsið sem er nánast ónýtt. Greinilegur hóll er undir því en hann rennur nokkuð saman við holtið umhverfis.



Bæjarhóll á Máná, gamla íbúðarhúsið lengst til hægri. Horft í norðaustur

Hann er á að giska 40 x 30 m stór frá norðri til suðurs og gróska töliverð í honum, hæð er erfitt að meta en gæti þó verið allt að 2 m. Gamall, steypur stöpull er um 10 m vestan við húsið, hann gæti verið undan rafstöð. Vestast á hólnum er lítill skúr, reykkofi. Samkvæmt Einari Þórarinssyni kom mikil aska í ljós þar þegar grafið var fyrir kofanum og ekki ólíklegt að þar hafi verið öskuhaugur. Við vesturenda bæjarhólsins hefur verið grafinn skurður frá norðri til suðurs, líklega til að bæta rennsli af túnnum sem eru þar vestan við.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

EY-001:002 *Lambhúshóll* heimild um lambhús 66°10.076N 18°59.968V
 Á túnakorti frá 1920 sjást tvö útihús, líkast til sambyggð, í túnjaðri 40-50 m suður af bæjarhól 001. Þau hafa staðið á Lambhúshól sem sagt er frá í örnefnalýsingu: "Næst sunnan bæjar er: Lambhúshóll, vestur frá honum Kvíamór [015] en sunnan Lambhúshóls er mjór og lítill hólrani með tóftum [003] nefndur Svunta."
 Á Lambhúshól eru nú fjárhús, í fullri notkun af frístundabændum á Siglufirði.
 Þessi fjárhús voru byggð um 1980 á rústum eldri fjárhúsa. Í þeim eldri var steypur garði með fjárbaði. Nýr garði var steypur á sama stað og því er lega húsanna hin sama og áður, þ.e. norður-suður en hlaða er sunnan við. Gamla fjárbaðið var látið halda sér.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Máná, 10-11

EY-001:003 *Svunta* heimild um útihús 66°10.024N 18°59.955V
 Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús í túni, 80-100 m SSV af Lambhúshól 002, á stökum túbldæli. Staðsetningin passar vel við lýsingu örnefnaskrár á rústum á svonefndri Svuntu: "Næst sunnan bæjar er: Lambhúshóll, vestur frá honum Kvíamór [015] en sunnan Lambhúshóls er mjór og lítill hólrani með tóftum nefndur Svunta." Smáhóll í túni fast fast austan við heimreið.
 Engar tóftir sjást nú á Svuntu sem er greinilega uppgróinn melhóll. Þar eru geymdar vinnuvélar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Máná, 10-11

EY-001:004 *Húsatún* heimild um fjárhús 66°10.190N 19°00.123V
 Á túnakorti frá 1920 sést útihús nyrst og vestast í Mánártúni, um 180 m NNV af bæjarhól 001. Þessi hluti túnsins var nefndur Húsatún og hefur líkast til dregið nafn sitt af húsunum. Sama má segja um Húsahlein. Um þessa staði segir í örnefnalýsingu: "Lítið vestur frá Undirvelli sem einnig kallast nú Húsatún er kletthalein fram í sjó nefnd Húsahlein ..." Slétt tún, fremur harðlent.

Túnið hefur verið sléttað og ekkert sér til húsaleifa en Einar Þórarinsson man eftir gömlum fjárhúsum þar. Þau hafa verið á lágum hól sem liggur frá austri til vesturs á þessum stað. Grjót hefur verið borið saman norðvestast í túninu og gæti hugsanlega verið úr húsunum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Máná, 11



EY-001:005 tóft heystæði 66°09.221N 18°59.128V


Tóft er um 260 m suður af Mánárseli 010. Hún er innan eða sunnan við Stóramó sem er hálfgróin skriða.

Gróið svæði, mýrlendi er austan við tóftina.

Tóftin er líkast til af heystæði, um 5 x 4 m stór og hallar dálítið mót austri. Veggir eru litlir umfangs og mest um 0,4 m háir, ekki sér í grjót í þeim.

Hættumat: engin hætta

Máná



Kort byggt á túnakorti Mánár frá um 1920

EY-001:006 náma mógrafir

66°09.505N 18°59.359V

Miklar mógrafir eru á Mánárdal, 1,2 km SSA af bæjarhól 001 og um 300 m norður af Mánárseli 010.

Mýrlendi í smáhalla mót austri.

Greinilegt og reglulegt mógrafasvæði, um 40 x 25 m stórt frá norðri til suðurs. Dýpt grafa er mest um 1 m. Áberandi þúst, líklega tóft, er við norðurjaðar svæðisins. Hún er um 8 x 5 m stór frá norðri til suðurs og líkist heystæði ellegar móstæði, þar sem mór hefur verið settur upp til geymslu.

Hættumat: engin hætta

EY-001:007 heimild um lendingu

66°10.235N 19°00.089V

"Heimræði er hjer um sumur en ekki um aðra tíma ársins, því lending er brimsöm mjög, og er ábúandi ei megnugur að láta ganga skip eður fleyta fyrir efnaleysu og fólkfæðu," segir í Jarðabók Árna og Páls 1709. Lending Mánarbænda mun hafa verið við mynni Mánár, um 240 m norður af bæ 001.

Snarbrattir sjávarbakkar eru beggja megin ár og brimið vinnur stöðugt á þeim. Fjaran er smágrýtt og stöku rekaviðardrumbur sést þar. Gamall uppgróinn vegur liggur í sneiðing niður brattann, sjór hefur brotið fremsta hluta hans. Stendur heima að þarna hafi verið lending, gamalt og mosagróið bátsflak er við enda vegarins. Mannvirki sjást engin er gamall hjallur úr timbri er utan í brekku ofan við lendinguna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:JÁM IX, 342

EY-001:008 heimild um túngarð

"Er hér engjaland einnig nokkuð innan hinnar stóru samgirðingar, er verið hefir umhverfis bíli þessi bæði [Dalabæ og Máná] og getuð er. Má ætla þetta verk hinna firstu er hér áttu bigð. Hefir þessi mikli garður legið hér skammt vestan túns og beint að sjá út, en illa þar viðhaldið sakir fjöru og brims. Er hér því annar garður mun ingri og þó forn þvert austur um túnið nokkuð inn frá bökkunum og beint á móti lambheijagarðinum austan ár ...," segir í örnefnaskrá. Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Stæðilegur garður umlykur þetta forna tún á þrjá vegu, en áin er á fjórðu hlið. ... Þessi mannvirki eru sýnilega frá fyrstu byggð, en síðar hefur verið sett viðaukagirðing vestan við túnið, einkennileg bogadregin eða hringmynduð. Óljóst er, hvað sá garður hefur átt að verja, eða í hverju skyni hann hefur verið hlaðinn." Hvorki sést tangur né tetur af þessum fornu garðlögum í landi Mánár og enginn þeirra heimildamanna sem rætt var við kannaðist við þau. Því verða þau að teljast löngu horfin. Þrátt fyrir það er alls ekki útilokað að samgirt hafi verið um tún Mánár og Dalabæjar, enda sjást garðleifar Dalabæjarmegin árinna (sjá fornleif Ey-002:006 og 014). Hugsanlega hefur hluti garðlaganna verið sléttaður í tún en vestan túna er mýrlendi og gæti hann þar verið sokkinn og því illgreinilegur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Máná, 10; SS, 762

EY-001:009

tóftir

heystæði

66°09.473N


18°59.261V

Nokkrar tóftir eru á Mánárdal við Máná, 1,3 m suður af bæjarhól 001 og 150-250 m norður af Mánárseli 010. Tóftirnar eru allar lágrestar og líkjast helst heystæðum.

Slétt og þurrt, lágt nes. Máná rennur í sveig með því að austan. Vestar og raunar víðast hvar í dalnum eru grösugar engjar.

Þrjár tóftir sjást á nesinu, á svæði sem er alls um 145 x 15 m stórt, og verða þær hér aðgreindar með bókstöfum. A) er í miðrið, lítil og lágrest tóft. Í henni örlar á grjóti í og við vegg og er hún alls um 5 x 2,5 m stór frá norðri til suðurs. Hæð hennar er mest um 0,3 m. B) er mun hærri og greinilegri tóft 75 m sunnar. Hún er á lágum hól og gætu hugsanlega leynst eldri tóftaleifar þar í. Hún er 4 x 2,5 m frá norðri til suðurs og eru veggirnir fullkomlega greinilegir, um 0,4 m háir. Ekki sést dyraop og veggir eru algrónir. Þriðja heystæðið, C, er um 70 m norður af A, á flötu en þurru nesi við ána. Það er þokkalega greinileg, einföld og græn þúst, um 5 x 2,5 m stór frá norðri til suðurs og um 0,3 m hátt.

Hættumat: engin hætta

**EY-001:010** Mánársel tóft sel

66°09.348N 18°59.267V

"Neðst í honum [Stóra-Mó] nær á árbakkanum, hefur verið Mánársel eru þar tvær selkofatóftir og kvíar, fáum metrum suður er sel og kvíar Dalabæjar á eistri árbakkanum," segir í örnefnaskrá. Tóft Mánársels er um 1,5



Mánársel 010, horft í vestur

km suður af bæjarhól 001 og aðeins um 70 m vestur af Dalabæjarseli Ey-002:011.

Tóftin er í halla mót austri, utan í árbakka. Umhverfi er lyngi vaxið en nokkuð gras á tóftinni.

Tóftin er hér um bil ferhyrmd, um 7 x 7 m stór og veggir fremur signir en ná þó allt að 0,5 m hæð. Þúfur í miðri tóftinni gætu bent til að hún hafi verið tvískipt en þó er það mjög óljóst. Dyr gætu hafa verið í suðausturhorni. Sunnan við tóftina eru þúfur, hugsanlega leifar af öðru mannvirki en stærð þá aðeins tæpir 2 x 2 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Máná, 12

EY-001:011 tóftir býli

"Þar næst innar nær beint gegn hinu forna bíli austan ár [Ey-002:022], er nes við ána, þurrlegt og þíft nokkuð, tóptarleifar eru þar og nokkrar gamlar, virðist þar hafa verið lítil hjábíli um stund þó ekki á fistu öldum því engar sjást þar girðingar ...," segir í örnefnaskrá. Rústir þessar eru rétt tæpan 1 km suður af bæjarhól 001 og um 70 m suðvestur af hinu meinta fornbylí austan ár.


Tóftirnar eru á litlu nesi sem skagar fram í Máná. Allt svæðið er þýft og mýrlegt.

Þrátt fyrir þýfið má greina tóftaleifar á

66°09.655N 18°59.352V



Tóftir 011, horft í vestur



svæði sem er allt að 140 m langt frá norðri til suðurs og 50 m breitt. Annars vegar er um að ræða tóft sem er tæplega 10 x 10 m stór og skiptist í þrjú hólf. Nyrst er hólf sem er um 5 x 3 m að innanmáli frá austri til vesturs, alveg opið í austurátt. Sunnan við það er annað hólf minna, um 3,5 x 2,5 m norður-suður en beint vestur af því hið þriðja sem er veigalítil dæld, um 1 m í þvermál. Hins vegar er óljós, stakstæð tóft og einföld um 12 m SSV af tóftinni. Hún virðist um 4 x 3 m stór frá norðri til suðurs og snúa dyrnar í norður, að stóru tóftinni. Báðar eru tóftirnar algrónar og veggir mjög hlaupnir í þúfur, mest hátt í 1 m háar rústabungur. Að lokum má geta þess að um 50 suður af rústum þessum er gróskumikið stórþýfi á svæði sem er um 40 m í þvermál. Hugsanlegt er að þar leynist mannvistarleifar en sjást þó ekki veggjaskil.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Máná, 12

EY-001:012 Gunnlögstóftir tóft útihús

66°10.180N 18°59.964V

"Niðurvöllur ... en lítið austar tóftir frá 1890-95 nefndar Gunnlögstóftir síðst í honum er og þúfa eins sem ei má nitja [014] sem víðar er hér...," segir í örnefnaskrá. Tóft sem kemur heim og saman við Gunnlögstóftir er fast utan eða austan við túngirðingu, 130 m NA af bæjarhól 001.



óftin er á litlum hól fremst á bakka Mánár sem rennur í gili fyrir neðan. Tóftin virðist einföld, um 7 x 5-6 m stór frá norðri til suðurs. Veggir eru algrónir, allt að 0,6-0,8 m háir. Dyr sjást ekki en tóftin er barmafull af spýtnabraki og gömlu bárujární. Einnig sést þar í hryggjarsúlu, líklega af lambi sem hefur verið urðað þar. Ekkert er vitað um hlutverk hússins en þó ekki ólíklegt, af stærð og lögun að dæma, að það hafi verið skepnuhús af einhverju tagi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Máná, 10

EY-001:013 *Hesthúshóll* örnefni hesthús

"... en ist og neðst í Heimavelli er hólballi með tóftir nefndur Hesthúshóll," segir í örnefnaskrá. Heimavöllur nefndist túnið niður og út frá bæ skv. sömu skrá. Nú veit enginn hvar Hesthúshóll var og enginn hóll kemur heim og saman við lýsinguna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Máná, 10

EY-001:014 álagablettur

"Niðurvöllur ... en lítið austar tóftir frá 1890-95 nefndar Gunnlögstóftir [012] síðst í honum [Niðurvelli] er og þúfa eins sem ei má nitja sem víðar er hér..." segir í örnefnaskrá. Þúfan er ekki lengur þekkt og hefur væntanlega verið sléttuð í tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Máná, 10

EY-001:015 *Kvíamór* örnefni kvíar

66°10.052N 19°00.018V

Næst sunnan bæjar er: Lambhúshóll [002], vestur frá honum Kvíamór en sunnan Lambhúshóls er mjór og lítill hólrani með tóftum [003] nefndur Svunta," segir í örnefnaskrá. Kvíamór gæti hafa verið um 60 m vestur af Lambhúshól 002, sunnan við sumarbústað Einars Þórarinssonar.

Mjög grösugt þýfi í halla mót austri. Trjám hefur verið plantað í brekkuna, víða er grænka en engin tóft þó ljós. Einar telur sig muna eftir tóft skammt ofan við veginn en þar fannst ekkert sökum mikils gróðurs.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Máná, 10-11


EY-001:016 *Stekkjarlaut* tóft stekkur

66°09.989N 19°00.803V

"Nokkuð vestar með sjónum er Sandvík, og enn nokkuð vestan hennar Stekkjarvík. Upp frá henni: Stekkjarlaut og þar stekkjartóftir, en norðan víkur Stekkjarhleins," segir í örnefnalýsingu. Tóft sem kemur heim og saman við lýsinguna er um 650 m norður af bæjarhól 001,



Stekkjartóft 016, horft í vestur



norðan undir Mánárhymu.

Aflöng laut eða gildrag, allt að 30-40 m breitt með flötum og grónum harðlendisbotni. Svæðið er rónagað af hrossum.

Tóftin er illa farin, e.t.v. vegna snjóalaga og ágangs hrossa. Hún er alls 17 x 5,5 m stór frá norðri til suðurs en mjókkar í suðurátt. Op hefur verið

norðan megin og hugsanlega einnig á vesturvegg. Hún hefur sýnilega verið tvískipt en veggir eru alveg horfnir á köflum og sumstaðar mikið gengnir til. Þannig er stórt rof á austurlangveggnum. Innra hólfíð hefur verið um 7 m langt. Austan til í því innanverðu er ógróin grjóthleðsla, allt að 0,5 m há og sjást þar 3 umfór grjóts. Annarsstaðar eru hleðslur ekki nema 0,2-0,3 m háar.

Hættumat: hætta, vegna rask

Heimildir: Ö-Máná, 11

EY-001:017 *Gerði* heimild um fjárhús 66°10.017N 18°59.857V
 "Suður með ánni innst í hinni fornu girðingu er allstór melur með fjárhústóttum mörgum og tún gott, nefnist þar Gerði og standast þau á við Gerðin austan ár, virðast fjárhús beggja bílanna hafa áður verið hér innra flutt eða átt en síðast flutt við sjó út," segir í örnefnaskrá. Gerði voru tæpa 200 m suður af bæjarhól 001.

Þar er nú sléttað tún. Greinileg bunga er í túninu þar sem fjárhúsin voru og meiri grænka þar en annarsstaðar í kring. Því er líklegt að leifar af hleðslum sé enn að finna undir sverði. Svæðið er a m k. 10 x 10 m stórt. Einar Þórarinnsson telur að mörg hús hafi staðið á Gerði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Máná, 11

EY-001:018 *Torfholt* örnefni rista 66°10.108N 18°59.793V
 "Utan við ána beint niður frá bæ er Torfholt ..." segir í örnefnaskrá. Torfholt er um 150 m austur frá bæjarhól 001. Óhreyft og þýft holt við tún. Girðing liggur upp á holtið vestanvert. Holtið er nærri hringlaga, allt að 1,5 m hátt en aflíðandi að vestanverðu. Ekki sjást greinileg merki um torfristu en á miðju holtinu er kassalaga dæld, tæpir 2 x 2 m.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Máná, 11

EY-001:019 *Miðaftantóft* tóft útihús 66°10.087N 19°00.239V
 "Skamt vestur frá túni á melhæð einni hefur gömul tóft verið nefnd Miðaftantóft var síðar bigð þar rétt," segir í örnefnaskrá. Miðaftantóft er tæpa 190 m vestur frá bæjarhól 001, 150-170 m norðan við þjóðveg.



Miðaftantóft 019, horft í norður




Þýft, algróið en bitið svæði. Tóftin er mjög greinileg og

iðagræn, 8 x 5 m stór frá norðri til suðurs. Hún er aðeins eitt hólf og standa veggirnir vel eða allt að 1,3 m. Grjót sést víða í veggjum. Dyr hafa sennilega verið í norðausturhorni, þar er veggurinn lægri en annarsstaðar eða 0,2-0,3 m. Þar innan við liggur flatur steinn. Ekki er ljóst hvort þessi tóft er af réttinni sem talað er um í örnefnalýsingu eða hvort hún var úr timbri.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Máná, 11

EY-001:020 tóft 66°10.117N 19°00.245V
 Um 60 m beint norður frá Miðaftantóft 019 er önnur tóft, lítil. Grasi gróið svæði innan girðingar. Tóftin er einföld, um 3,5 x 3 m stór og veggir mjög lágir, aðeins um 0,3 m á hæð. Dyraop er ekki greinilegt.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar



EY-001:021 tóft stekkur 66°10.093N 19°00.444V
Tóft sem líkist stekki er um 340 m norðvestur af bæjarhól 001 og um 150 m norðan Þjóðveggar.

Mýrlent er umhverfis tóftina. Tóftin er greinileg og skiptist í tvö hólf, er alls um 11 m löng og 5-6 m breið frá austri til vesturs. Stærri hólf er vestar, 9 x 4 m A-V og hefur verið rekið inn að vestanverðu. Lítil kró er áföst því að suðaustan, um 3,5 x 2,5 m að stærð N-S, opin í norðurátt en ekki að sjá að op hafi verið milli hólfna. Veggir eru algrónir og sést ekki í grjóti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Máná, 11

EY-001:022 *Skriðugötur* heimild um leið

66°09.928N 19°00.928V

"Er þá komið að hinum bröttu Dalaskriðum sem fyrr er getið, vestan í norðurenda fjalls þess er Dalalönd og Almennunga skilur; eru þær allbreiðar og allt af háfjalli ofan, þó færar hið efra og þar alfara sumarleið, nefnd Skriðugötur, en slóðir eru einnig á neðstu nöfum, ofan við flugbratta sjávarbakka, nefndar Nafagötur [023]. Liggja þær beint milli enda strandanna og er það í minni geymt, að þar hafi eitt sinn verið með hest farið, en tvisvar um Nesskriður," segir í örnefnalýsingu. Skriðugötur hafa legið utan í fjallinu beint suðvestur af bæ, væntanlega fremur ofarlega. Fjallið var ekki klifið til að leita gatnanna sem væntanlega hafa legið í Almennunga og Fljót.

Skriðurunnin hlífð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Máná, 11

EY-001:023 *Nafagötur* heimild um leið

66°10.049N 19°00.695V

"Er þá komið að hinum bröttu Dalaskriðum sem fyrr er getið, vestan í norðurenda fjalls þess er Dalalönd og Almennunga skilur; eru þær allbreiðar og allt af háfjalli ofan, þó færar hið efra og þar alfara sumarleið, nefnd Skriðugötur [024], en slóðir eru einnig á neðstu nöfum, ofan við flugbratta sjávarbakka, nefndar Nafagötur. Liggja þær beint milli enda strandanna og er það í minni geymt, að þar hafi eitt sinn verið með hest farið, en tvisvar um Nesskriður," segir í örnefnalýsingu. Nafagötur hafa þá væntanlega legið til vesturs en meðfram sjávarbakkannum í stað þess að halda upp í skriðurnar.

Sjávarbakkinn er víða gróinn en snarbratt niður af honum og sumstaðar landbrot.

Ekki sjást merki um miklar götur en þó kindaslóðar á stöku stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Máná, 11

EY-001:024 *Gamli-Stekkur* heimild um stekki

66°09.934N 18°59.656V

"Innst á Mánagrund áður nefndri er Gamli-Stekkur og þar niður við ána hvammar þrír litlir, niður frá Mánárgrund ..." segir í örnefnaskrá. Gamli Stekkur er ekki þekktur lengur. Hann hefur væntanlega verið á grund sem nú er að mestu komin undir tún, 400-500 m suður af bæjarhól 001.

Grösug tún í rækt. Engar mannvirkjaleifar sjást á svæðinu. Austan við túnið eru þrír hvammar við ána sem koma heim og saman við lýsingu örnefnaskrár.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Máná, 12

EY-002 Dalabær

20 hdr, Hólastólseign. 1709 Dalabæjarkot eyðihjáleiga. Í eyði frá 1950. Höfuðból Úlfadalabúa en nafnið Dalabær ekki kunnugt fyrr en á 16. öld, frá 1352 er talað um Úlfsdali. Gískað hefur verið á að þetta býli hafi heitið Bær og verið Bær í Dölum. SS, 728

1709: "Túninu granda skriður sem gil og lækir bera úr fjalli og er fyrir þessum eyðilagður meira en 1/3 vallar. Engjum granda sama til stórskaða og eyðileggingar." 1920: Tún 4 ha, garðar 140m². "Jörðin er landmikil með miklar engjar og gott beitiland í hlíðum dalsins." BE I, 55

EY-002:001 Dalabær bæjarhóll bústaður



Bæjarhóll 001 á Dalabæ, horft í norður


var rífið og rústunum jafnað út um 1980. Undir því var manngengur kjallari. Sökum tíðra sviptivinda var húsið fest niður með keðjum í steypa stólpa. Nú sjást engar leifar þess eða stólpanna. Hóllinn er iðagrænn og ræktarlegur. Vegur hefur legið að honum úr ASA, þar eru leifar af upphleðslu, hugsanlega heimreið. Alls er hóllinn rúmir 50 x 50 m að stærð og allt að 3-4 m há. Hann er vel gróinn en þó grillir víða í lausagrjót og smáhleðslur. Hæsti hluti hólsins og raunar bróðurpartur hans er sléttur flati þar sem húsið hefur staðið. Hleðsluleifar sjást utan í hólnum, á totu sem gengur til norðvesturs frá honum og er heldur lægri en flatinn. Hleðslan liggur frá norðvestri til suðausturs, í halla, og er að mestu ógróin, alls um 9 m löng. Líkast til eru þetta leifar af kálgarði. Um 10 m norðvestur af honum er regluleg dæld utan í hóljaðrinum, um 1 m þvermál, hugsanlega gamall brunnur eða súrheystóft. Tæpa 10 m suðaustur af hleðslunni er rof utan í hólnum, líklega tilkomið vegna kinda sem híma þar undir. Það er 3-4 m breitt. Í rofinu sést í torfhleðslur og ösku- og ruslalög. Þar var hirt brot af brýni, glerbrot og leir, alls 6-7 gripir. Suðaustasti hluti hólsins er lág tota, rúmum 12 x 12 m að stærð. Hugsanlegt er að það sé Bænhúshóll 002. Sigurður Helgi man eftir eftirtöldum húsum á bæjarhólnum auk íbúðarhússins: steinsteyptu fjósi, smiðju og fjárhúsi.

66°10.199N 18°59.506V


Dalabær stóð ofarlega í túni austan Mánár, hér um bil gegnt Mánárþænum Ey-001:001 en um 300 m austan árinna. Bæjarhóllinn er innan við 100 m neðan eða norðan við þjóðveg. Hann er um 400 m austur af bæjarhólnum á Máná.

Hóllinn er alveg greinilegur, ofarlega í túni sem aldrei hefur verið sléttað. Að sögn Sigurðar Helga Sigurðssonar hefur gróðurfar í túninu breyst mikið og er það nú komið í mýri að miklu leyti, einkum eftir að nýi þjóðvegurinn var byggður ofan við það.

Bæjarhóllinn er afar veglegur og hefur ekkert verið raskað. Á honum stóð síðast tilsníðið, innflutt einingahús, reist 1907-1908 en það



Dalabær



Kort byggt á túnakorti Dalabæjar frá um 1920

Þessu ber ágætlega saman við túnakort sem gert var 1920 og hafa húsin staðið í hnapp suðvestan við bæinn. Þau eru hér skráð með bæjarhólnum, enda hafa þau staðið á honum. Um hús sem Þorvaldur ríki Sigfússon átti áður og stóð væntanlega á sama stað segir í örnefnalýsingu: "Timburhús hafði hann byggt sér - tólf álna langt og átta álna breitt, og tekið er fram, að það hafi verið með skorsteini og tveim ofnum, en það mun hafa

verið talið þá bera vott um velmegun og ríkidæmi, enda er húsið metið jafnhátt og Dalabæjarjörðin eða á tólf hundruð krónur." Þorvaldur lést árið 1879.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 8

EY-002:002 *Bænhúshóll* heimild um bænhús 66°10.198N 18°59.471V
1709: "Bænhús er hjer og tíðr veittrar þegar heimafólk er til sacramentis af þessum þremur bæjum, sem hjer standa í dölunum, og betala bændur til samans vi álnir á hverja messu:" " ... hóll er hér lítill ofan bæjar, nefndur Bænhúshóll og er þar hlaða," segir í örnefnaskrá. Til er myndband af viðtali við Þórhöllu Hjálmarsdóttur heitna sem lengi bjó á Dalabæ. Þar kemur fram að Bænhúshóllinn hafi farið undir nýja þjóðveginn, sem er um 100 m ofan við bæjarhólinn. Ekki er ljóst hvað til er í þessu og Sigurður Helgi Sigurðsson kannast ekki við að hafa heyrt um Bænhúshól. Eini hóllinn sem mætti giska á að væri Bænhúshóll "ofan bæjar" er dálítill tota sem er áföst bæjarhól að suðaustan og var lýst með honum. Þá er ekki óhugsandi að Skemmugerði 003 gæti verið leifar Bænhúshóls. Ekki er kunnugt um neina mannabeinafundi á Dalabæ.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: JÁM IX, 342-343; Ö-Dalabær, 5; Viðtal við ÞH

EY-002:003 *Skemmugerði* þúst skemma 66°10.178N 18°59.492V
"Sunnar bæjar fellur Bæjarlækur en sunnan hans er Skemmugerði ...," segir í örnefnaskrá. Bæjarlækur rennur fast við suðurjaðar bæjarhólsins en handan hans rís annar hóll sem hlýtur að vera Skemmugerði. Þar er sýnt útihús eða kálgarður á túnakorti frá 1920. Kúptur hóll og rústalegur að sjá. Hóllinn er alls rúmir 20 m í þvermál, hæstur vestast, allt að 3 m. Þar er reglulegt far í honum, vaxið sóleyjum, líklega gamalt hússtæði eða hugsanlega leifar af kálgarði. Það er rúmí 15 m á lengd frá norðaustri til suðvesturs og um 6 m breitt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Dalabær, 5



EY-002:004 tóft útihús 66°10.162N 18°59.460V
Tóft er um 10 m sunnan við meint Skemmugerði 003 og 30-40 m austan við Goðhól 023. Lágur, grösugur hóll sem nú er umkringdur mýri. Tóftin er algróin og tvískipt, vel greinileg, alls um 8 x 8 m stór. Bæði hólfín eru opin í norðvestur, hvort um sig um 8 x 4 m stórt. Óljós þverveggur skiptir austara hólfínu í tvennt. Aftan eða suðaustan við tóftina mótast óljóst fyrir hólfí í þýfi, alls um 8 x 5 m stóru frá NV-SA, hugsanlega heygardi.


Hættumat: engin hætta

EY-002:005 *Kötlugerði* tóft útihús 66°10.142N 18°59.408V

"Nokkuð suður og upp af túni er og hólbali lítill, með gömlum tóftum nefndur Kötlugerði," segir í örnefnaskrá. Hóll sem gæti verið Kötlugerði er um 20 m suður af tóft 004 og skammt norðan við þjóðveg. Hár og áberandi hóll en mýrar eru allt í kring um hann. Hóllinn virðist rústahóll en gæti þó verið náttúrulegur að hluta, rúmlega 25 x 25 m stór. Það mótast greinilega fyrir tóftum á honum. Á háhólnum sjást þrjú hólf og gætu öll hafa tilheyrt sömu tóft sem þá hefur verið um 11 x 8 m stór. Sunnar er tvískipt tóft sem snýr hér um bil suðvestur-norðaustur. Heildarstærð hennar er um 8 x 5 m en nyrðra hólfíð er meira en 2/3 heildarlengdar. Op er á því og snýr í norðaustur. Innra hólfíð er mjög samansigið og óljóst. Út frá norðurvegg þessa tóftarhluta gengur síðan þriðja hólfíð til norðurs, þvert á hið fyrrnefnda. Það er um 3-4 m í þvermál og snúa dymar í suður. Ekki er vitað um hlutverk þessara tófta en þó er helst að giska á að þær séu af útihúsum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Máná, 6



EY-002:006 garðlag túngarður
Leifar af mjög óljósum túngarði
sjást með Dalabæjartúni
sunnanverðu, um 10 m norðan
þjóðveggar. Norðausturendi hans er
20-30 m ASA af Kötlugerði 005.

Votlent tún í órækt.


Garðurinn er sokkinn í túnið en þó
má vel rekja hann tæpa 90 m til
suðurs og suðvesturs. Líklegt er að
hann hafi tengst garðlagi 014. Hann
er hærri að innanverðu, þ.e. að
norðan, allt að 0,4 m en algróinn.
Breiddin er mest um 0,9 m.
Garðurinn er býsna fornlegur og
hugsanlegt að hann sé hluti garðs
sem átti að hafa girt af sameiginlega
lönd Dalabæjar og Mánár, sjá Ey-
001:008.

Hættumat: engin hætta

66°10.149N 18°59.363V



*Garðlag 006 sést óljóst sem dökk rák (slóð eftir skráningarmann).
Horft í austur.*



EY-002:007 tóft

66°10.561N 18°59.373V

Tóft er um 100 m beint sunnan við vestustu tóftina á Dalabúðum 021 og tæpa
700 m norður af bæjarhól 001.

Grösug grund. Lág klöpp er fast ofan við tóftina.

Tóftin er grösug og fremur óljós, alls um 10 x 8 m stór frá norðri til suðurs.
Hún er tvískipt og gæti verið af stekki. Norðar er hólf sem snýr austur-vestur, 8
x 4 m stórt. Op er á suðurlanghlið, yfir í hitt hólflið sem liggur út frá því til
suðurs og er allt að 6 x 6 m stórt. Op er á því á vesturhlið, fast upp við
viðbygginguna sem áður var lýst. Veggir eru algrónir og hvergi sést í grjóti.

Hættumat: engin hætta


EY-002:008 tóft heystæði

66°10.543N 18°59.420V

Tóft er um 50 m vestur af tóft 007. Hugsanlega eru fleiri tóftir
norðan við hana. Gróin grund en land lækkar vestan við og
mýrlendi tekur við.

Tóftin er einföld og mjög lágrest, veggir litlir um sig og líta
ekki út fyrir að vera húsveggir. Því er tóftin líklega af heystæði.
Alls er hún um 6 x 5 m frá norðri til suðurs og alveg opin í
suðurátt. Lítur helst út fyrir að aðeins hafi verið hlaðið um hey í
eitt skipti. Um 5 m austar, milli tófta 007 og 008, eru mót mýrar
og holts. Skilin eru nokkuð áberandi svo að minnir helst á
upphlaðinn garð, en þó er tæpast um mannvirki að ræða.
Rúmum 5 m norðan við tóftina er þýfi, mögulega leifar annars
heystæðis og um 20 m norður af því þriðja þústin, hér um bil
sporöskjulaga og um 3 m í þvermál. Alls er því svæðið hátt í 40
m langt og 6-8 m breitt ef allt er meðtalið.

Hættumat: engin hætta



EY-002:009 náma mógrafir 66°10.456N 18°59.529V

Miklar mógrafir eru upp af bökkunum milli Vörðhúsa 032 og Stórhúsa 034, heldur þó nær Stórhúsum. Þetta
er tæpa 500 m norðaustur af bæjarhól 001.

Grafirnar eru í mýrlendu dragi sem liggur hér um bil frá þjóðvegi og norður að sjó.

Dragið virðist meira og minna sundurgrafið og svæðið alls um 100 x 30 m frá norðri til suðurs. Á a m k.
þremur stöðum eru allt að 1,5 m djúp grafasvæði, regluleg, hið syðsta stærst þeirra, allt að 30 x 20 m. Bakkar
grafanna eru víða ógrónir enn og því eru þær tæpast gamlar. Á a m k. þremur stöðum sjást litlar tóftir við



Mógrafir 009, horft í suður

Úlfshaugur. Hafa menn hér því trúað, að hóll þessi sé haugur Úlfs kappa þó mikil fjarstæða sé, því melhóll er þetta grýttur og sem sjá má, af náttúru en ekki mönnum gjörður. Út frá hólnum nefnist og Úlfsgrund og niður frá henni, að ánni, Úlfsengi." Hólsins er getið í fornleifaskýrslu úr Holtshreppi árið 1817: "A dalabæjardal er Höll, á sléttri grund, kalladur Úlfshöll, allur grase vaxinn: 40 fadmar ummkring; enn ej mjóg Här; sagt er Úlfur sä, af hvorjum Ulfsdalir taka Nafn, sé þar heigdur." Keimlík frásögn er í fornleifaskýrslu frá Viðvík sama ár, en þar tekur Jón Espólín fram að haugurinn hafi ekki verið opnaður. Í fornleifaskýrslu fyrir Hvanneyri sem Gamalíel Þorleifsson ritaði segir um hauginn: "Úlfshaugur skamt frá Bænum Dalabæ, riett af sömu Lögum og Stærd, sem No 2 [þar er átt við Álfról skammt frá Saurbæ], hvar Landnáms Madurinn Ulfur, umm hvörn ogso Sögurnar gieta, og af hvörum Plátsid, Ulfsdalir, dregur Nafn, skal vera heigdur." Úlfshaugur er um 700 m suður af bæjarhól 001, skammt sunnan við þjóðveg og sést vel þaðan, þ.e. frá veginum. Vegarslóði liggur upp að haugnum úr norðri.

Úlfshaugur er hálfgróinn, toppmyndaður malarhóll.

Hann er 2-3 m hár en ekki að sjá að hann sé manngerður að neinu leyti.

Hann er rúmlega 20 x 16 m stór frá austri til vesturs og frá honum hallar í vesturátt, að Máná. Alls engar hleðslur eða tóftaleifar sjást á hólnum eða við hann.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: FF, 510, 514, 529-30; Ö-Dalabær, 8

EY-002:011 *Dalabæjarsel* tóftir sel 66°09.332N 18°59.184V
 "Neðst í honum [Stóra-Mó] nær á árbakkanum, hefur verið Mánársel [Ey-001:010] eru þar tvær selkofatóftir og kvíar, fáum metrum suður er sel og kvíar Dalabæjar á eistri árbakkanum," segir í örnefnaskrá. Í annarri skrá segir: "... vestan í tungunni eru tóftir sels og kvía, hefir þar verið Dalabæjarsel. Nefnist því tungan Seltunga og suðvestan hannar Sellækur." Tóftir Dalabæjarsels eru á bakka Mánár, innarlega á Dalabæjardal, 1,6 km suður af bæjarhól 001. Þurr árbakki. Austan við tóftirnar rennur lækur ofan úr fjalli og út í Máná um 100 m norðar. Hálfgróið grjótholt er þar sem lækurinn krækir fyrir.

Seltóftirnar eru alveg greinilegar: Um er að ræða rústahól með 4-5 hólfulum. Hann er allt að 1,2 m hár, og

mógrafirnar, líklega byrgi sem hefur verið hlaðið um mó. Það nyrsta er um 2 m í þvermál, um 20 m suðaustur af því er annað, um 2 x 5 m stórt frá norðri til suðurs. Um 50 m suður af því er hið þriðja en það er aðeins óljós þúst.

Hættumat: engin hætta


EY-002:010 *Úlfshaugur*
 þjóðsaga legstaður

Í örnefnalýsingu segir: "Nokkuð suður frá Dagmálagili gengur melkambur mikill um þvera hlíðina, allt á láglandi ofan, og upp um Dagmálabrúnir og myndar þar hæð nokkra; nefnist melur þessi Háaklif. Niður og út frá enda hans, neðan hlíðar, eru grundir sléttar og nær syðst og efst á þeim, neðan við enda klifsins, lítill stakur hóll, er nefnist



Úlfshaugur 010, horft í suðaustur

aflöng tóft, líklega kvíar, gengur frá honum í vestur. Alls er rústahóllinn um 12 x 12 m stór. Suðvestast í honum er unglegt hólf (A), líklega byggt eftir að selið lagðist af sem slíkt. Það er 2 x 4,5 m stórt að innanmáli, mjög reglulega ferkantað og um 0,5 m djúpt, virðist grafið ofan í hólinn. Norðan við það er hólf (B), um 3 x 2 m að innanmáli frá austri til vesturs. Austan við hólf (A) vottar fyrir tveimur hólfum. Það syðra, (C) er rúmir 2 x 2 m að innanmáli og virðist sem dyr hafi snúð í suðurátt. Nyrðra hólfíð, (D) er eilítið stærra og opnast í austur. Norðan við það vottar fyrir



Dalabæjarsel 011 er stóri rústahóllinn lengst til vinstri. Hægra megin við hann sjást litlar tóftir 041 og í baksýn móggrafasvæði 042.

fimmta hólfinu, (E) en það er grunnt og óljóst. Ekki sjást op á milli hólfanna nú en þó er líklegt að svo hafi verið þótt þau séu samansigin nú. Hinar meintu kvíar er greinileg, aflöng tóft sem er áföst rústahólnum en gengur frá honum til vesturs. Hún er 8-9 m löng og um 3 m breið, skýr og greinileg en algróin, líkt og rústahóllinn en rís lægra en hann. Greinilegt op er vestast á norðurhlíð. Fjölmargar tóftir (sjá 041) eru bæði norðan og austan við selið og tengjast líklega flestar mótekju eða heyskap. Flestar þeirra virðast yngri en seltóftir. Þó er ein tóft sem gæti hafa tilheyrt selinu, enda er gróska í henni minni en í hinum tóftunum og að auki er hún stærri en þær. Hún er 15 m suðaustur af rústahólnum, alls 8 x 6 m stór frá norðri til suðurs, einföld og virðist dyralaus. Lögum hennar er ekki mjög skýr, líklega þar sem veggirnir hafa sigið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Máná, 12; Ö-Lækir, 9

66°10.079N 18°59.698V


EY-002:012 Gerði tóftir fjárhús

"Suður með ánni innst í hinni fornu girðingu [sjá 006 og 014 ásamt Ey-001:008] er allstór melur með fjárhústóftum mörgum og tún gott, nefnist þar Gerði og standast þau á við Gerðin austan ár, virðast fjárhús beggja bílanna hafa áður verið hér innra flutt eða átt en síðast flutt við sjó út," segir í örnefnaskrá. "Neðan hans [Skráphóls 027] við ána er melur allstór vallgróinn, með tóftum mörgum; hafa þar fjárhús verið o fl. máski húsmannsbíli, nefnist þar Gerði og sunnan þeirra við ána Gerðahvamar," segir í annarri örnefnaskrá. Gerðin eru auðfundin á austurbakka Mánár, rúma 250 m suðvestur af bæjarhól 001.

Grösugur hryggur sem liggur frá norðri til suðurs. Fram af honum til vesturs er fremur brattur árbakki en mýrarsund að austan. Á Gerðum eru þrjár greinilegar tóftir en misjafnlega flóknar að gerð. Nyrsta tóftin, hér



Tóft (A) á Gerðum 012, horft í suðvestur



nefnd (A), er fjórskipt og nánast L-laga útihústóft. Nyrsta hólfíð er lítil kofatóft, tölvert rofin og illa farin af kindum, alls um 4 x 5 m frá austri til vesturs. Rof, hugsanlega dyr, eru á vesturvegg og norðausturhorni. Sunnan við hana er fjárhústóft með grjóthlöðnum garða, um 9 x 5 m stór frá austri til vesturs og hefur op verið á norðvesturhorni og líklega einnig á norðurvegg, yfir í kofatóftina sem fyrst var getið. Garðinn er eini hluti tóftarinnar sem er ógróinn að mestu, allt að 0,7 m hár. Einnig hefur verið innangengt í hólf sem er sambyggt fjárhúsinu að austan. Það er alls 9 x 5 m stórt frá austri til vesturs og erfitt að ímynda sér annað en að það hafi verið heygardur eða hlaða. Einnig er op á honum upp við fjárhústóftina að norðanverðu. Að lokum liggur langt hólf út frá fjárhúsinu til suðurs. Það er alls um 12 x 6 m stórt frá norðri til suðurs og gæti hafa skipst í tvennt hér um bil fyrir miðju. Op gæti hafa verið norðvestast. Tóft (B) er um 15 m sunnar, einnig margskipt og að líkindum útihústóft, alls um 20 x 10 m stórt frá norðri til suðurs. Nyrst er lítið, fremur óljóst hólf frá austri til vesturs. Dyr hafa verið á því í vestur. Alls er hólfíð um 4 x 3 m að stærð, fremur lágreist. Samhliða því að sunnanverðu er annað hólf, líklega fjárhús, um 5 x 10 m stórt frá austri til vesturs. Dyrnar hafa snúið í vestur og innan veggja sést óljós upphleðsla sem gætu verið leifar af garða. Innsti eða austasti hluti

tóftarinnar er hærri en vesturparturinn, líkt og þar hafi verið upphlaðinn stallur. Hugsanlega eru rústahólar með uppsöfnuðum mannvistarleifum undir báðum tóftunum, (A) og (B). Tóft (C) er í myrlendi um 30 m suður af (B). Hún er einföld og ferhyrnd, hátt í 7 x 7 m stór, með dyr norðarlega á vesturhlið. Veggir eru allt að 0,8 m háir en algrónir.

Hættumat: engin hætta



Tóft 013 (B), horft í norðvestur

Heimildir:Ö-Máná, 11; Ö-Dalabær, 2


EY-002:013 *Dalbæjarkot*
 bæjarstæði býli
 66°10.130N 18°59.256V
 1709: "Dalbæjarkot. Eyðihjáleiga byggð fyrir manna minni og varaði byggðin inntil næstu 6 ára. ... Aftur má hjer byggja þó það sjer til rýrðar heimajörðunni," segir í Jarðabók Árna og Páls. Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Einhverntíma á sautjándu öldinni var byggð hjáleiga í grennd við þetta nafnlausu fornbylí [022]. Hún mun hafa verið í byggð í nokkra áratugi, en fór í eyði 1703. Hjáleiga þessi

var nefnd Dalabæjarkot en á síðustu tímum voru allar þessar rústir, bæði fornar og yngri, nefndar Háagerði." Tóftir sem taldar eru af Háagerði eru í fjallsrótum, ofan eða sunnan við þjóðveg um 220 m suður af bæjarhól 001. Þurrt graslendi í halla mót norðvestri.

Tvær tóftir eru á staðnum, á svæði sem alls er um 65 x 40 m stórt. Sú nyrðri og austari, (A), er fast austan við náttúrulegan, gróinn hólkoll. Hún er einföld, um 7 x 4 m stór frá NA-SV og er op á miðri norðurlanghlið. Lítið hól er sambyggt henni að suðvestan, aðeins um 2 x 2 m stórt, opið í norðvestur. Veggir eru algrónir og mest um 0,4 m háir. Um 40 m suðvestar er stór og mikil tóft, (B), og líkist hún stekki. Tóftin er grjóthlaðin, alls 15 x 12,5 m frá norðri til suðurs. Hún skiptist í tvö hólf. Aðalhólfíð, sem er stærra, er 15 x 8 m norður-suður með opi á norðurvegg. Út frá miðri austurlanghlið er síðan minni kró sambyggt, um 5 x 6 m stór. Opið er á milli hólfanna tveggja. Veggir eru stæðilegir og ógrónir, allt að 0,7 m háir og virðist tóftin því ekki gömul. Ekki sjást merki um fleiri tóftir á svæðinu en það er allt mjög grösugt.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:JÁM IX, 343-344; SS, 729



Garðlag 014 vinstra megin við grænu dældina

EY-002:014 garðlag túngarður

66°10.018N 18°59.690V


"Fornir garðar hafa fundist umhverfis þetta tún, og garður mikill nokkru ofar. Hann liggur frá ánni og út hlíðina og síðan til sjávar nokkru austan við túnið. Innan þessa garðs svo engjastykki mikil," segir í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala. Leifar garðs sem gæti hafa verið hluti af þessu garðakerfi sjást í brattri brekku sem liggur upp frá Máná fast neðan og sunnan við tóft 012c á Gerði.

Snarbrött, grasi gróin brekka mót vestri. Ofan við hana er mýri þegar komið er upp á jafnsléttu.

Algróinn, greinilegur garður er á þessum stað. Hann er um 2 m breiður og 0,4-0,5 m hár. Hann sést best í brekkunni en þegar uppi á flatlendinu er hann miklu ógreinilegri. Garðspottinn í brekkunni er rúmlega 20 m langur frá SV-NA og eftir það má rekja garðinn um 35 m til viðbótar. Af stefnunni að dæma er líklegt að hann hafi tengst garðlagi 006 en að suðurenda þess eru um 200 m. Samkvæmt lýsingunni hefur garðurinn legið til sjávar austan við túnið, í námunda við Stórhús 034. Hans var leitað þar á stóru svæði en virðist alveg horfinn.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:SS, 728



EY-002:015 *Hestúshvammur* tóftir hesthús
66°10.219N 18°59.901V

Nokkrar litlar tóftir eru í grösugum hvammi við Máná, rúma 250 m vestur af bæjarhól 001. Líklega er þetta Hestúshvammur sem um segir í örnefnalýsingu: „.. nokkuð neðar er annar lítill hávaði, einnig með hesthústóftum, nefndur Litlagerði [029] en neðan þess við ána Hestúshvammur. Á túnakorti sjást útihús norðvestan bæjar sem gætu komið heim og saman við Hestúshvamm þótt erfitt sé að staðfesta það.

Mýrlend grund. Tóftirnar eru a.m.k. þrjár. (A) er nyrst, lítið hrúgald með óræða lögun, 4-5 m í þvermál. Annað líkt hrúgald er um 20 m vestsuðvestar en gæti verið náttúrulegt. (B) er 40 m suðvestur af A, um 5 x 2,5 m stór tóft sem snýr SV-NA, lágreið og líkist mjög heystæði. Tæpa 30 m suður af henni er langveglegasta tóftin, (C), sem gæti verið af útihúsi en er þó býsna hrúgaldsleg. Hún er 7 x 5 m stór, einföld, snýr norður-suður og hefur dyraop snúið í suðurátt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ó-Dalabær, 2; Túnakort 1920



Leifar Dalaréttar 016, horft í suður

Leifar sjást af tveimur grjóthlöðnum, hér um bil ferköntuðum hólum og hefur hvort um sig verið um 20 m langt frá norðri til suðurs en breidd hvors hóls er á bilinu 5-7 m. Veggir eru úr lagi gengnir víðast hvar nema norðvestast þar sem hleðsla nær allt að 0,4 m hæð og eru í henni 2-3 umför grjóts. Austurveggur eystra hólsins er alveg horfinn. Við suðvesturjaðar réttarinnar er hálfgróinn grjóthóll sem gæti hafa verið ýtt saman við vegagerð. Innan við 10 m eru frá réttinni og upp að uppfyllingu undir þjóðvegi.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

EY-002:016 *Dalarétt* hleðsla rétt

66°10.629N 18°58.826V

"Við suðurjaðra hennar [Hrafnaskriðu] var nýlega bigð skilarétt Dalbúa nefnd Dalarétt en stóð þar skammt, og er nú vestar á bakkanum af timbri gjörð en grjóti áður," segir í örnefnaskrá. Leifar eldri réttarinnar eru fast norðan þjóðvegur, um 950 m ANA af bæjarhól 001.

Hálfgróin, nokkuð brött brekka mót norðri, líklega að mestu mynduð af skriðtaumum úr fjallinu fyrir ofan. Töluverðar hleðsluleifar sjást enn en að líkindum hefur réttin verið skemmd við vegagerð.



Heimildir:Ö-Dalabær, 7-8

EY-002:017 *Árvík* heimild um lendingu 66°10.246N 19°00.044V
1709: "Heimræði er hjer ár um kríng, og lending ein, sem þó er brimasöm og hættuleg þegar aðamar [sic], og hefur hjer oft skipum á borist." "Þar var eina brúklega lending í Úlfsdölum þó ekki gæti hún talist neitt afbragð," segir í Byggðum Eyjafjarðar. Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Á sjávarbakkanum rétt austan árinna er mikið um fornar húsatóftir, líklega sjóbúðir. Hefur lending og uppsátur Dalabæjar verið í Árvíkinni, en síðar færst austur á Dalavog, eins og lending hét á síðari öldum." Lýsingin á þessari eldri lendingu kemur heim og saman við lendingu Mánár, þ.e. þar sem Máná rennur út í sjó. Ekki er ljóst hvort bæirnir notuðu eina og sömu lendingu eða hvort þær voru sín hvoru megin við árkjafinn.

Smágrýtt fjara.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:JÁM IX, 343; BE 1990 I, 55; SS, 728

EY-002:018 náma mógrafir 66°10.233N 18°59.808V
Mógrafir eru um 120 m VSV af Hesthúsgerði 028 og rúma 80 m NA af tóft 015A.
Mýrlent, grösugt svæði. Grafirnar eru alls um 20 x 22 m stórar frá austri til vesturs. Dýpstar eru þær í suðausturhorni, 0,9-1 m.

Hættumat: engin hætta

EY-002:019 náma mógrafir 66°09.558N 18°59.260V
Mógrafir eru 240 m suður af meintu bæjarstæði 022 og rúma 500 m suður af Úlfsaug 010.
Þýft mýrlendi. Grafirnar eru í smáhalla mót austri. Stórt og reglulegt mógrafasvæði, um 60 x 70 m stórt frá norðri til suðurs. Grafirnar eru allt að 1,5-1,6 m djúpar og geta því tæpast verið mjög gamlar en fjara út í áttina að bakka Mánár. Tóft er á hól í mórgröfunum, sjá 037.

Hættumat: engin hætta

EY-002:020 *Dalavoga* heimild um lendingu

66°10.628N 18°59.456V



Lending í Dalavogu 020, horft í norður

Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Á sjávarbakkanum rétt austan árinna er mikið um fornar húsatóftir, líklega sjóbúðir [030]. Hefur lending og uppsátur Dalabæjar verið í Árvíkinni [017], en síðar færst austur á Dalavogu, eins og lending hét á síðari öldum. Einnig þar, á Vogubakkanum, er mikið um húsatóftir [021], en þær munu verið nokkru yngri en hinar vestur við ána." Lending í Dalavogu hefur verið austan og neðan við Dalabúðir 021.

Snarbratt er niður að sjó og líklega 20-30 m niður að sjávarborðinu. Klettahlein skýlir lendingunni að vestan en að austan er lágur skerjatangi. Innsigling hefur væntanlega verið þar á milli. Leifar

af dráttarspili eru á bakkanum ofan við lendinguna en sífellt hrynur úr honum og þess ekki langt að bíða að spilið steypist fram af.

Aðstæðum við lendinguna er lýst lítilliga í Frá Hvanndölum til Úlfsdala: "Lending í Dalavogu var reyndar ekki neitt ágæt. Þræða varð um þröngt sund milli boða, og mátt þar oft litlu muna. Þegar inn fyrir boðana kom, var landtaka allgóð og uppsátur gott." Lendingunni var einnig lýst í sóknarlýsingu Hvanneyrarprestakalls nálægt miðri 19. öld: "Sú lending er kölluð Vogar; liggur hún inn milli tveggja kletta, ei er hún breiðari en svo, að árafritt er til beggja hliða, en súgur megn við klettana. Fyrir ofan sjómál eða fjöruborð eru bakkar mjög háir og að kalla þverhnyptir, og verður að setja skipin undan sjó miðhlíðis upp í þá, hvar þau svo að segja hanga í strengjum."

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SS, 728-729; Siglufjörður, 46




Rústir og leifar af hjalli á Dalabúðum 021, horft í norðaustur

tæpa 800 m NNA af bæjarhól 001. Þorvaldur Sigfússon mun hafa verið fæddur um aldamótin 1900.

Gróinn bakki og grösugur en nánast þverhniptur og brýtur sjór allt að 1 m af bakkanum á ári. Dálítið nes gengur í sjó fram norður af austustu tóftinni. Það er klofið af þröngum klettabás sem sjór hefur sorfið.

Á Dalabúðum sjást a.m.k. 4-5 tóftir auk ýmissa hleðsluleifa og leifa af hjalli. Hluti tóftanna, sérstaklega þær sem eru austast, er í stórhættu vegna landbrots. Engar þeirra eru sérstaklega fornlegar, a.m.k. ekki að dæma af yfirborðsummerkjum, og gætu flestar hafa verið notaðar á 19. öld og jafnvel fram á þá 20. Alls er rústasvæðið um 40 x 50 m stórt frá austri til vesturs. Lýsingin hefst hér austast á svæðinu en síðan verður haldið vestur á bóginn. Austan við tóftirnar er hjallur úr rekavið, nokkuð tekinn að halla. Frá honum eru um 2 m fram á sjávarbakkann. Leifar sjást af bárujárnsþaki ofan á timbrinu og hefur hjallurinn áreiðanlega verið notaður langt fram á 20. öld. Rúma 7 m vestur af honum eru leifar

Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Á sjávarbakkanum rétt austan árinna er mikið um fornar húsatóftir, líklega sjóbúðir. Hefur lending og uppsátur Dalabæjar verið í Árvíkinni, en síðar færst austur á Dalavogu, eins og lending hét á síðari öldum. Einnig þar, á Vogubakkanum, er mikið um húsatóftir, en þær munu verið nokkru yngri en hinar vestur við ána." Í örnefnalýsingu segir: "... þá hér var sjór sóttur, sem nú er aldrei, en á það minna tóftir búða og hjalla hér á bakkanum (Dalabúðir), nefnist næst vestasta búðatóptin Þorvaldsbúð átti hana Þorvaldur ríki Sigfússon, sem hér bjó lengi á síðustu öld og mest gjörði ásamt sonum sínum ..." Dalabúðir eru frammi á háum bakka



af dráttarspili frammi á blábrúninni en það er ofan við lendingu 020. Um 2 m vestan við spilið er komið að austustu tóftinni, (A), sem er að nokkru leyti hrúnin í sjó. Hún er um 5 x 4 m stór og snýr NA-SV en ekki mjög heilleg, þannig ná veggir hvergi saman í hornum. Nyrsta horn tóftarinnar virðist hrúnið fram af bakkanum og líklega ekki langt í að fleiri veggir fylgi sömu leið. Tóftin er algróin og veggir mest um 0,4 m háir. Fast við suðvesturhorn tóftarinnar er sú næsta, hér nefnd (B) og er raunar ekki ljóst hvort þessar tvær hafa verið sambyggðar. Tóft (B) er tvískipt, alls 10 x 8 m stór og snýr norður-suður. Eystra hólfíð er sjónarmun lengra og mjórra en það vestara en suðurgafli þess þó óljós. Meðfram vesturlangvegg þess innanverðum er gróin þúst langsum sem lítur út eins og leifar af seti eða jötu en gæti líka verið gamalt vegghrún. Frá norðurenda þessarar tóftar er aðeins tæpur 1 m fram á sjávarbakkann og ekki útilokað að fremsti hluti veggjanna sé þegar hrúinn í sjó. Frá nyrsta hluta vesturveggjar tóftarinnar, þó ekki sambyggð, gengur óljós vegghleðsla 2-3 m til vesturs. Sömuleiðis er óljós veggjarhleðsla í sömu stefnu um 3 m sunnan við tóftina og enn ein stök hleðsla liggur N-S um 3 m vestan tóftarinnar, rúmlega 5 m löng. Tóft (C) er um 7 m vestur af tóft (B) og eilífið sunnar. Hún er tví- eða þrískipt, alls 7 x 10 m stór frá austri til vesturs en dyraop snúa í norður. Austar er hólf sem er um 5 x 5 m að innanmáli og virðist sem lítið hólf sé inn af því til suðurs en það er óljóst. Vestara hólfíð er mjórra en suðurgafllinn á því er óljós. Um 2 m vestan við norðurenda tóftarinnar er upphlaðinn stallur, lægstur í miðju, rúmlega 1 x 0,5 m stór en allt að 0,4 m há. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hann hefur gegnt en þó mætti giska á að þar hafi staðið bræðslupottur. Annar stallur eða þúst, mun óljósari, er 4-5 m beint suður af. Tóft (D) er 12-15 m suðvestur af (C). Hún er einföld, um 6 x 7 m stór og snýr norður-suður, með dyraop í norður og einnig virðist op eða rof á suðausturhorni. Breið og vegleg hleðsla er um 5 m beint norður af henni, 3 m löng A-V, allt að 2 m breið og 1,2 m há. Einnig er hleðsla um 5 m löng sem snýr eins sunnan við tóftina, heldur veigaminni. Að lokum er tóft (E) rúma 20 m austur af (D). Hún samanstendur af tveimur, samsíða veggjum sem vísa frá austri til vestur og virðast því hafa verið op bæði á austur- og vesturgafli. Veggir eru algróinir og allt að 1 m háir. Slíkt hið sama á við um allar hinar rústirnar, þær eru algróinir og víðast á bilinu 0,8-1 m háar, að undanskilinni tóft (A) sem er lægri eins og áður sagði og gæti verið eldri. Hvergi sést í grjóti í veggjum og raunar virðast þeir að miklu leyti torfhlaðnir, í það minnsta þar sem rof eru í þeim. Bakkinn fram af tóftunum er snarbrattur og ekki hægt að sjá snið eða annað sem nota má til að draga ályktanir um þykkt mannvistarleifa eða hversu mikið hefur hrúnið fram af. Til er myndbandsupptaka af viðtali sem Þ. Ragnar Jónasson og Örlygur Kristinnsson tóku við Þórhöllu Hjálmarsdóttur á Dalabæ. Þar segist henni svo frá Dalabúðum: "En svo upp á bakkanum standa verbúðirnar, sem Þorvaldur ríki og Páll sonur hans höfðu. Og þarna höfðu þeir verslun og þarna höfðu þeir lifrabræðslu og svo stendur þarna grind af hjalli og það er hjallurinn okkar, sem að Sigurður byggði, annars var þarna gamall hjallur sem fauk og hann byggði svo þennan hjall, sem sést grindin af og þar hertum við fisk og geymdum oft kornmat þegar komið var með það á haustin til vetrarins og geymdum hann stundum þarna nokkra daga eftir því sem að tækifæri gafst til að koma honum heim. En þetta er allt orðið eyðilaggt og ónýtt."

Hættumat: stórhætta, vegna rofs


Heimildir:SS, 728. 729; Ó-Dalabær, 7; Viðtal við ÞH

EY-002:022 bæjarstaði býli

66°09.693N 18°59.331V

Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Til forna hefur Dalabær ekki átt lönd nema skammt fram á dalinn. Þar í austurhlíðinni hefur staðið bær fyrir svo löngu, að enginn veit nafn hans. Þetta býli hefur haft not af fremri hluta dalsins sennilega beggja vegna árinna. Þarna hefur verið allgott bæjarstaði, umhverfi grösugt og fallett, fjallaskjól meira en á hinum býlunum og sumarblítt, en fannalög að sama skapi meiri. Fornir garðar voru til skamms tíma sýnilegir um allstórt tún á hallandi breiðum, greiðfært og grösugt." "Sést nokkuð firir fornum garði ofan þess og alllangt út og niður að á, en lækjargili tvö eru að sunnan og garður þar horfinn. ... Sjást því aðeins leifar hins forna bæjar neðst á túninu og tóftir fjárhúskofa hinna síðara efst," segir í örnefnaskrá Lækjar, en svo vildi Helgi Guðmundsson, höfundur örnefnaskrár, nefna þetta meinta býli með tilvísan í læki sem renna beggja vegna við rústirnar. Tóftirnar eru rúma 900 m suður af bæjarhól 001, austan Mánár.Grösug og þurrlend hlíð í halla mót vestri. Tveir lækir renna við rústirnar sunnanverðar. Túnstaði umhverfis er ágætt og hreint ekki ólíklegt að þarna hafi verið byggð, í það minnsta um stundarsakir.

Alls sjást fjórar greinilegar rústir á svæðinu sem er alls um 90 x 35 m stórt frá austri til vesturs. Gengið var um allt svæðið í leit að túngarði sem getið er um í heimild en hann virðist sokkinn og horfinn með öllu. Stærsta rústin er vestast á svæðinu, lítill rústahóll, hér nefndur (A). Hann er rúmlega 20 x 20 m að stærð, iðagrænn og nokkuð þýfður. Þrjú hólf eru greinileg í hólnum. Vestan í honum miðjum eru tvö hólf samhliða og liggja bæði frá austri til vesturs. Hið syðra, (1) er um 6 x 3 m að innanmáli. Frá því eru dyr í vestur en einnig í norður, yfir í hitt hólfíð (2) sem er heldur minna og virðist hafa skiptist í tvennt með þvervegg heldur innar en fyrir miðju. Þriðja hólfíð er gegnt hólfí (1) í austasta hluta hólsins og á því eru dyr í austur. Það er um 5 x 3 m að innanmáli og frá því sunnanverðu liggur lítill afkimi í sveig til suðvesturs, um 2-3 m langur og 1 m breiður. Tóftin er algróin svo að hvergi sér í grjóti, veggjahæð mest um 0,4 m. Frá rústinni er býsna brattur bakki til vesturs, að Máná. Tóft (B) er um 20 m norðaustur af (A). Hún líkist mjög stekki og er nánast sömu gerðar og tóft á Háagerði 013. Tóftin er tvískipt og L-laga. Vesturhlutinn er einfalt hólf sem liggur A-



V með op í austurátt, alls 15 x 5 m stórt. Fast við opið liggur kró út frá hólfinu til suðurs, um 5 x 5 m stór og opnast hún inn í stærra hólfnið til norðurs. Þetta er líklega stæðilegasta tóftin á svæðinu en þó eru veggir algrónir, mest á bilinu 0,5-0,7 m háir. Tóft (C) er fremst á háum lækjarbakka, um 15 m suður af (B) og 20 m suðaustur af (A). Hún snýr frá suðvestri til norðausturs og minnir lag hennar á tölustafinn 8, stærð alls um 8 x 4. Með öðrum orðum er

hún tvískipt og eru bæði hólfni sporöskju- eða hringlaga, hið syðra heldur minna en það nyrðra. Opið er á milli hólfanna og ennfremur eru op á útveggjum, bæði í vestur og í suðaustur. Að lokum er tóft (D) austast á svæðinu, um 60 m austur af tóft (B). Hún er 8 x 5 m stór frá austri til vesturs og skiptist í tvennt. Á vesturhólfinu eru dyr í vestur en engar dyr sjást á því austara og ekki heldur op á milli hólfna.

Hættumat: engin hætta


Heimildir:SS, 729; Ö-Lækur, 9

EY-002:023 *Goðhóll* þúst

66°10.150N 18°59.526V

"Hér hefir eflaust verið hof Dalbúa í fornum sið, er hét og hóll einn í túni suðvestur frá bæ er nefnast mun hafa Goðhóll en nefnist nú Goða [kvk.]. Voru fornar tóftir þar nýlega niðurbrotnar," segir í örnefnaskrá. Goða er sunnarlega í túni, um 80 m suður af bæjarhól 001. Áberandi, þurr hóll í annars mýrlendu túni. Á suðausturbrún hans er gamall rafmagnsstaur.

Hóllinn er býsna sérkennilegur. Hann er næstum alveg hringlaga, 18-20 m í þvermál. Hann er tiltölulega flatur að ofan en er í smáhalla og þannig er hann heldur hærri að vestanverðu en að austan eða allt að rúmum 2 m. Vesturhlið hólsins er aflíðandi en mjög regluleg og virðist ekki ólíklegt að þar hafi einhvern tíma verið kálgarður, mót suðvestri. Það verður að teljast mjög líklegt að hóllinn sé manngerður en ekki mótar fyrir greinilegum hleðslum. Þó eru kantarnir heldur hærri en miðjan líkt og þar hafi verið hleðslur. Norðurhlið hólsins er einna óreglulegust líkt og brúnin hafi sigið þar út á við, niður halla. Þar, við hólræturnar, er



reglulegt far sem gæti verið eftir torfskurð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Dalabær, 1

EY-002:024 *Messugötur/Dalaleið* gata leið

66°10.087N 18°59.156V

Götur, sem nefndust Messugötur skv. Þórhöllu Hjálmarisdóttur, sjást vel utan í Dalabæjarfjalli suðvestan við bæjarhól 001, beint ofan við tóftir 013.

Skriðurunninn fjallshlíð. Göturarnar liggja utan í hlíðinni og sjást enn betur þegar innar dregur á dalinn, til suðurs. Þar eru þær jafnvel tví- eða þrískiptar. Göturarnar lágu frá Engidal, inn Dalabæjardal og upp á svonefndan Langahrygg. Þessi leið var farin til messu á Hvanneyri. Til er munnleg lýsing frá Þórhöllu Hjálmarisdóttur sem fest var á filmu. Þar lýsir Þórhalla því að farið hafi verið ríðandi fram í svonefnt Skarð eða Dalaskarð og síðan niður Skjaldarhaus. Messugötur hljóta að hafa sameinast svonefndri Dalaleið en um hana segir í riti um Siglufjörð: "Sunnan við Hafnarfjall er Dalaleiðin, sem liggur upp Skjöld, en Skjöldur er milli tveggja djúpra gilja. Lækirnir úr giljunum renna saman neðan við Skjöld og nefnast Snóksá, en hún er landamerki milli Hafnar og Skarðdals. Ofan við Skjöld eru Skjaldarbringur. Liggur vegurinn eftir þeim til

Úlfsdala."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Viðtal við ÞH; Siglufjörður, 94

EY-002:025 *Rafnsdý* þjóðsaga

66°10.184N 18°59.526V

"Sunnar bæjar fellur Bæjarlækur en sunnan hans er Skemmugerði og neðan þess Rafnsdý, hafa menn hér því trúað að í því hafi Dala Rafn er druknaði 1636 og áður getur, fólgði fé," segir í örnefnaskrá. Rafnsdý er ekki lengur þekkt en líklegt er að það hafi verið sunnan eða vestan við Skemmugerði 003.

Þar er víða mýrlent en ekkert dý sjáanlegt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalabær, 5-6

EY-002:026 tóft

66°09.749N 18°59.216V


Tóft er 150-160 m suður frá Úlfshaug 010, um 80 m norðan við austustu tóftina á meintu bæjarstæði 022.

Grasivaxin og þýfð brekka sem hallar mót vestri.

Tóftin er tvískipt, 5 x 10 m stór frá austri til vesturs. Hólfin eru nokkurn veginn jafnstór og veggurinn sem skiptir tóftinni sundur virðist ekki ná alla leið yfir hana. Dyr eru á norðausturhorni. Hluti af suðurvegg er orðinn mjög siginn og máður, ekki útilokað að þar hafi verið op. Hugsanlegt er að tóftin tilheyrir tóftum sem annars eru skráðar saman undir númeri 022.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalabær, 6



EY-002:027 *Skráfshóll* þúst

66°10.101N 18°59.637V

"Suður og niður frá Goðhól [023] er stakur lágur melhóll, nú gróinn með tóftum nokkrum, nefndur Skráfshóll, hefir þar áður verið hákarlsroð þurrkað til skæða," segir í örnefnaskrá. Skráfshóll er austan við Gerðin 012, rúma 200 m vestur af bæjarhól 001. Á honum vottar óljóst fyrir tóftaleifum.


Aflangur, þurr hóll sem liggur norður-suður en mýrlendi er allt um kring, líka er mýrarsund milli hans og Gerða. Hundapúfa er syðst á hólum en norðan hennar mikið þýfi, um miðbik hólsins. Þó er tæpast unnt að greina vegg þótt óljóst móti fyrir hólfi, ferköntuðu, um 2 x 2 m að innanmáli. Alls er þýfið á svæði sem er um 10 x 6 m stórt frá norðri til suðurs. Einnig er þýft nyrst á hólum en það er síður greinilegt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalabær, 6

EY-002:028 *Hestúsagerði* tóft hesthús

66°10.267N 18°59.671V




"Í engjahalla þessum út og niður frá bæ er hávaði lítill með hesthúsatóft nefnast þær Hestúsagerði nokkuð neðar er annar lítill hávaði, einnig með hesthústóptum nefndur Litla-Gerði [029] en neðan þess við ána Hesthúshvammur [015]," segir í örnefnaskrá. Tóftir sem passa við þessa lýsingu eru 150 m norðaustur af bæjarhól 001.

Grasi vaxið og mjög þýft svæði, bæði á tóftunum og í kring. Mýrlent er í kring.

Tvær tóftir eru á gerðinu. Sú nyrðri, (A) er um 10 x 7 m stór frá austri til vesturs og ná veggir mest um 1,2 m hæð. Op virðast hafa verið bæði á suður- og norðurvegg og bendir lögun tóftarinnar til að hún gæti hafa verið tvískipt, þ.e. það vottar fyrir þvervegg í miðju hennar. Í veggjum grillir í einn og einn stein. Um 8 m sunnar mótar fyrir annarri tóft, (B). Hún er einföld og virðist um 9 x 7 m stór frá austri til vesturs, mest um 0,4 m há og mun ógreinilegri en sú sem fyrr var lýst. Í suðausturhorni sést glitta í hleðslugrjótt. Dyrar gæti hafa verið í norðausturhorni þótt það sé heldur óljóst. Austur- og norðurveggir eru signir og mjög óljósir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalabær, 6



EY-002:029 *Litla Gerði* tóft hesthús 66°10.207N 18°59.812V
 "Í engjahalla þessum út og niður frá bæ er hávaði lítill með hesthúsatóft nefnast þær Hesthúsagerði [028] nokkuð neðar er annar lítill hávaði, einnig með hesthústóptum nefndur Litla-Gerði en neðan þess við ána Hesthúshvammur [015]," segir í örnefnaskrá. Staðsetning Litla-Gerðis er nú óþekkt en rúst sem gæti komið heim við lýsinguna eru á brún beint ofan eða suðaustan við tóftir í Hesthúshvammi 015, um 220 m vestur af bæjarhól 001.

Þýft er í kringum tóftina og fremur votlent.

Tóftin er einföld, 9 x 6 m stór frá austri til vesturs og algróin, ná veggir um 1 m hæð þar sem mest er. Dyr hafa sennilega verið á norðausturhorni. Á stöku stað grillir í hleðslugrjótt í veggjum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalabær, 6

EY-002:030 *Lambhagi* tóftir




Lambhagi 030, horft í vestur

66°10.268N 18°59.958V

"Austan við árosinn er sjávarbakkar háir sem hér hvervetna og þar túnefni gott nefnist þar vestast Lambhagi enda forn garður um hann sunnan og austan, eru á honum tóptir 5-7 gamlar, virðast þar hafa fjárhús verið og máski sjóbúðir," segir í örnefnaskrá. Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Við sjóinn austan árinna liggur forn garður umhverfis þurrlegt nes, sem heitir Lambhagi." Lambhagi er fast austan við mynni Mánár, um 360 m norðvestur af bæjarhól 001.

Grösugur bakki, heldur mýrlendur, sem sífellt brýtur af að norðanverðu. Þó nokkrar tóftir eru í Lambhaga, flestar á blábrún sjávarbakkans og því farið að brotna af þeim. Flestar tóftirnar eru mjög óljósar, enda þýft



á bakkanum og gróska mikil. Alls voru taldar 4-5 tóftir á svæði sem er alls um 70-80 m langt frá austri til vesturs og 15 m breitt. Að auki er hugsanlegt garðlag 30-40 m sunnan við vestustu tóftina. Lýsingin hefst hér austast, 80-90 m austur af Mánármynni. Þar er greinileg tóft, hér nefnd (A), 5 x 5 m stór alveg frammi á sjávarbakkannum. Hún virðist opin í norður en ljóst er að brotnað hefur af henni. 2-3 m austan við tóftina er greinileg brún sem hallar að tóftinni og má rekja hana a.m.k. 30-40 m til suðurs - sennilega er hún náttúruleg. Fast vestan við (A) er dæld, líkast til náttúrulegt gildrag. Vestan við dragið er mikið þýfi og hugsanlega mannvistarleifar þar í en þó engin ótvíræð tóft fyrr en tæpum 30 m vestar en þar er tóft, kölluð (B). Hún er lítil, aðeins 5 x 2,5 m stór frá austri til vesturs, dyr eru ekki greinilegar og ytri veggjarbrúnir ógreinilegri en þær innri sem gæti bent til að tóftin sé niðurgráfin. Frá henni liggur óljóst garðlag rúma 5 m til norðurs en hverfur þar við sjávarbakkann. Tóft (C) er um 15 m vestar en garðlagsendinn, fremst á sjávarbakkannum. Hún snýr frá norðri til suðurs, er rúmlega 5 m löng og um 4 m breið, líklega niðurgráfin og fremur óljós en virðist einföld. Öll þessi spilda, allt frá tóft (A) að tóft (C), er mjög þýfð og líklega leynast þar bæði fleiri tóftir og eldri mannvistarleifar. Tóft (D) er allra vestast á svæðinu og um 20 m vestur af (C). Hún er veglegust þeirra allra og gæti sem best verið af fjárhúsi eða öðru útihúsi. Alls er hún 10 x 5 m stór frá norðri til suðurs og tvískipt. Fremra hólfíð er rúmlega 7 x 5 m stórt og dyr austast á norðurgafli. Sunnan við er minna hólf sambyggt, gæti verið hlaða eða heygarður, 3 x 5 m stórt op lítið op á austurvegg. Veggir eru veglegir og hátt í 1 m háir en allar hinar tóftirnar eru mun lægri og ógreinilegri, á bilinu 0,2-0,5 m háar. Hvarvetna er gróið og hvergi varð vart við hleðslugrjót. Um 2 m norðvestan við tóft (D) sjást leifar af óljósu garðlagi sem liggur skáhallt frá SV-NA á um 5 m kafla, varla nema 0,5-1 m breitt. Það hverfur fram af bakkanum og er líklega horfið að mestu leyti. Að lokum má geta þess að um 30 m suður af tóft (D) er mikið þýfi en grunsamlega reglulegt og liggur hér um bil A-V á 25-30 m kafla. Þetta gætu verið leifar af mjög sokknu garðlagi en erfitt að staðfesta það án uppgraftar.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Ó-Dalabær, 6; SS, 728



EY-002:031 *Miðhús* tóft fjárhús

66°10.321N 18°59.763V

"Austan við Lambhagann [030] er vík lítil, nefnd Brinjólfsvík. Austan við hana er fjárhús eitt á bökkunum nefnt Miðhús og um það túnreitir nokkur; Miðhúsagerði, norðaustan við það vogur lítill Miðhúsabás en fram frá því klettur skamt frá landi Miðhúsdrangur. Virðist því hafi hér Miðhús nefnst, að þá hafi fjárhús verið á Lambhaga er það bigðist," segir í örnefnaskrá. Tóftin af Miðhúsi er um 150 m vestur af Vörðhúsi 032 og um 300 m norður af bæjarhól 001. Grösugur, fremur mýrlendur bakki. Tóftin er greinileg, þrískipt og algróin, alls um 17 x 12 m stór frá austri til vesturs. Nyrst eru garðafjárhús, um 10 m löng og 7 m breið að utanmáli með dyr á norðausturhorni. Úr vesturenda þeirra eru dyr yfir í annað hólf, hlöðu eða heygarð sem snýr N-S og er 7 x 12 m stór að utanmáli. Þriðja hólfíð er sunnan við fjárhúsin og markast annarsvegar af suðurvegg þeirra og hins vegar af L-laga hleðslu. Það er alls um 9 x 4 m stórt og op bæði í austur og vestur. Þaksperrur og timbur liggja í Miðhústóftinni, einnig flak af gömlum bát. Hér má geta þess að u.þ.b. miðja vega milli Miðhúss 031 og Vörðhúss 032 er sérkennilegt, hringmyndað holt, 12-15 m í þvermáli. Það virðist náttúrulegt en þó er ekki útilokað að um mjög signa rúst sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ó-Dalabær, 6



EY-002:032 *Vörðhús* tóft stekkur

66°10.397N 18°59.673V

"Nokkru austan á bökkunum eru tóftir nokkrar og undir þeim bigðarúst mikil og há, hefir þar nefnst lengi Vörðhús af hverju sem það nafn er komið. Nú nefnast hér tóftir þessar Stekkur því stekkur var hér síðast um hríð, en miðið sannar hið gamla nafn...." segir í örnefnaskrá. Vörðhús eða Stekkur er rúma 350 m NNA af bæjarhól 001. Grösugur og frekar mýrlendur sjávarbakki. Þverhnípi er fram af og brýtur sjór þar land. Rústin er greinileg og veglegur rústahóll þar undir, allt að 3-4 m háir að austanverðu en 1-2 m annarsstaðar. Tóftin á hólunum er staðileg, tvískipt og vel gróin, alls 18 x 7 m stór frá norðri til

suðurs. Tóftin mjókkar til suðurs og er þar ekki nema 5 m tæpir á breidd. Dyr snúa í norðurátt. Óljós skil eru norðarlega í tóftinni og þar innst hefur sennilega verið lambakró. Veggjahæð er mest um 0,7 m og veggir algrónir. Ekki sjást merki um garða eða jötur. Rústahóllinn undir tóftinni er allt að rúmlega 25 x 15 m stór frá norðri til suðurs og bendir klárlega til að stekkurinn sé byggður á eldri rústum.

Hættumat: hættu, vegna rofs

Heimildir: Ö-Dalabær, 6

EY-002:033 álagablettur

66°10.453N 18°59.603V

"Allt frá Vörðhúsi [032] að Látrahúsi [036] eru brúnir og brekkur hinna háu sjávarbakka víða mjög grösugar, en aldrei slegnar sé þar við nokkru þorað að hreifa, því allt telst hér svæði þetta vættum helgað og mönnum óheimilt ..." segir í örnefnaskrá. Talsvert hefur greinilega verið lagt undir til að halda vættum góðum, enda eru 330 m milli Vörðhúss og Látrahúss. Nú eru hinsvegar bakkarnir að mestu brotnir af og einungis grónir milli Stórhúss 034 og Látrahúss.

Hættumat: hættu, vegna rofs

Heimildir: Ö-Dalabær, 7

EY-002:034 Stórhús tóftir beitarhús

66°10.519N 18°59.536V

"Nokkuð norðaustan á bökkunum, þar sem út lá hinn forni garður [014] til sjávar er fjárhús eitt nefnt Stórhús og túnreitir niður frá því Stórhúsgerði ..." segir í örnefnaskrá.



Stórhús, rúst (A)

Stórhús er 80-90 m suðvestur af Látrahúsi 036 og 600 m norðaustur af bæjarhól 001.

Grösugir og háir, býsna mýrlendir sjávarbakkar. Fram af þeim er þverhnípi niður í sjó.


Á svæðinu er fjárhústóft auk fleiri mannvistarleifa. Alls er rústasvæðið um 75 x 65 m stórt. Hér verður hverri tóft eða hleðslu gefinn bókstafur til aðgreiningar. Fyrst ber að nefna sjálf Stórhús, (A). Tóftin er stór og mikil, hefur húsið greinilega staðið lengur en Látrahús 036 og líklega verið notað langt fram eftir 20. öld. Tóftin er á greinilegum, iðagrænum hól og snýr nokkurn veginn N-S með dyr í norðurátt.

Alls er hún rúmlega 30 m löng og á

bilinu 6-8 m breið - mjóst nyrst en breikkar smám saman til suðurs. Í norðurhluta hafa verið fjárhús og sést þar garði eftir endilöngu með steyptri plötu og fjárbaði allra nyrst. Fjárhúsið er um 13 m langt og 5-6 m breitt að utanmáli. Síðan tekur við stór hlaða í suðurhlutanum, rúmlega 10 m löng. Út frá suðurenda hlöðunnar gengur einfalt og lágreist hól áfram til suðurs við gaflinn austanverðan, um 6 m langt og 3-4 m breitt, hugsanlega heygardur. Veggir fjárhússins hafa verið grjóthlaðnir í grunninn, upp í um 1 m hæð en torf er þar ofan á og ná veggir alls allt að 1,7 m hæð. Rof er innan í vesturvegg þar sem hann mætir hlöðunni og sést vel að hlaðið hefur verið úr streng. Fast austan við mitt Stórhús er ógróin grjóthrúga, líklega hleðslugrjót sem hefur verið flutt þangað. Um 20 m NNA af Stórhústóftinni er stök, lítil tóft, (B), á blábrún sjávarbakkans. Hún er einföld, 5 x 3 m stór, frá austri til vesturs og hugsanlega hefur op verið austast á norðurhlið. Veggjahæð er mest um 0,3 m og hleðslur algrónar. (C) er þúfnabunki 20-30 m suðvestur af Stórhúsum (A). Hann gæti verið náttúrulegur að mestu en þó sést óljóst hól í honum nyrst, um 5 x 2 m N-S að innanmáli og fast austan við það er greinileg, ferhyrnd tóft en lítil, 2,5 x 2,5 m stór. Frá vesturlanghlið fjárhústóftar (A) liggur greinileg upphleðsla um mýrlendi, hér nefnd (D). Hún er 0,2-0,3 m há og 3 m breið, hana má rekja alls um 60 m í suðvestur. Það er ekki með öllu útilokað að þetta sé hinn forni garður sem Helgi Guðmundsson talar um í örnefnalýsingu sinni en þó virðist líklegra að um sé að ræða vegarhleðslu til að auðvelda yfirferð um mýrarsundið að Stórhúsum. Garðlagið er alveg flatt að ofan og kantar vel afmarkaðir og styður það kenninguna. Hleðslan liggur upp á lágt holt - reyndar er norðurhlið þess svo regluleg að grunur leikur á að hún sé upphlaðin í framhaldi af garðinum. Á holtinu, um 20 m suður af garðendanum er tóft E sem gæti verið af heystæði, 7 x 4 m stór frá suðvestri til norðausturs, einföld að gerð og lágreist, ekki nema 0,3 m.

Hættumat: hættu, vegna rofs

Heimildir: Ö-Dalabær, 6



EY-002:035 Látragerði garðlag

66°10.584N 18°59.529V

"Út frá Stórhúsi [034] og enda hins forna garðs [sjá 014] er og túnreitir nokkur, þó forn túnauki og um hann forn garður sem út hefur einnig verið færður að austan. ... túnreitir þessi því nefnst Látragerði ..." segir í örnefnaskrá. Garðlag liggur í sveig um Láturhús að hluta og hlýtur svæðið innan þess að hafa nefnst Látragerði. Grösugur bakki, gróinn melrani er fast austan við.


Norðurendi garðsins er fremst á sjávarbakkanum um 15 m austan við tóft 036 og hefur sýnilega brotið af norðurenda hans. Garðurinn er alveg greinlegur en hefur mikið gengið til og því er hann ekki þráðbeinn. Hann er hærri að innan en utanverðu, allt að rúmur 1 metri en nær á einum stað allt að 1,8 m hæð og hefur þar áreiðanlega verið endurhlaðinn. Alls er garðurinn 50-60 m langur, liggur í sveig austur og suður fyrir tóft Láturhúsa en endar skyndilega um 15 m sunnan við hana. Hann er algróinn og sést ekki í grjóti í honum. Rof eða op er á honum tæpa 5 m frá bakkanum og liggur kindagata þar í gegn. Annað op, 2-3 m breitt er 10-15 m suðvestar.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ó-Dalabær, 7

EY-002:036 Látrahús tóft beitarhús

66°10.569N 18°59.553V




"Út frá Stórhúsi [034] og enda hins forna garðs er og túnreitir nokkur, þó forn túnauki og um hann forn garður sem út hefur einnig verið færður að austan. ... túnreitir þessi því nefnst Látragerði [035], bergtangi mjór út frá því Látrahúsi vogur lítill austan hans er Látrabás, og fjárhús það er á reitnum stóð nýlega Látrahús," segir í örnefnaskrá. Látrahús eru niður á sjávarbökkum tæpa 700 m norðaustur af bæjarhól 001 og 60-70 m vestur af Dalabúðum 021.

Grösugir bakkar en mýrlendir á þessum slóðum. Skammt austur hækkar land með grónum melrana.

Landbrot virðist minna hér en víða við ströndina, a m k. er þverhníptur bakki neðan við húsin algróinn. Þangað eru aðeins fáeinir metrar frá norðurenda tóftarinnar. Tóft húsanna liggur langsum með bakkannum og snýr NA-SV. Dálítill hól er undir henni, líkast til rústaleifar. Alls er tóftin um 17 x 9 m stór. Sjálfst fjárhúsið er austar, alls um 9 x 6 m og snúa dyr í norðaustur. Óljós upphækkun eftir miðri tóftinni endilangri er sjálfsgat leifar af garða. Aftan eða suðvestan við fjárhúsið er hæsti hluti tóftarinnar, allt að 1,5 m háir. Þar er stórt hól 9 x 8 m en mikið samanhrunið og hlýtur að hafa verið hlaða. Op hefur verið á henni til suðurs. Tóftin er algróin og sést hvergi í grjóti.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Dalabær, 7



EY-002:037 tóft

66°09.555N 18°59.259V

Í miðjum mógröfum 019 er nokkuð háir hól og á honum er tóft.


Grasi vaxið þýfi.

Tóftin er greinileg, 5 x 4 m stór frá austri til vesturs. Veggir eru litlir um sig og um 0,3 m háir, sennilega torfhlaðnir. Austurhliðin er orðin óskýr en sennilega virðist að op hafi verið í norðausturhorni. Líklega hefur mó verið hlaðið saman í tóftinni.

Hættumat: engin hætta

EY-002:038 Geldsauðatóft tóft beitarhús 66°10.632N 18°59.278V

"Upp frá búðunum [021] er flatur melur, er nefnist Vegsholt. Nokkuð austar á bökkunum eru tóftir gamlar, hafði síðast verið þar hús fyrir útigöngusauði og nefnist því Geldsauðatóft," segir í örnefnaskrá. Tóftir sem koma heim og saman við þessa lýsingu eru um 100 m austan við Dalabúðir 021, 820 m NA af bæjarhól 001. Graslendi upp frá háum sjávarbökkum og eru um 15 m frá tóftinni fram á bakkann. Austar eru grónir skriðtaumar og líklega meiri hætta á skriðum og snjóflóðum. Dálítið gil er fast austan við tóftirnar en austan við það eru skúrar sem tengjast skotæfingum Siglfirðinga.



Tóftin er greinilega á svolitlum rústahól og er hún um 12 x 6 m stór frá austri til vesturs, sennilega þrískipt. Austast er greinilegt hól um 2 x 3 m að innanmáli, líklega heygardur eða hlaða. Vesturhlutinn er óljósari enda veggir að miklu leyti komnir í þýfi. Þó virðast þar hafa verið tvö hól til viðbótar. Það sem er í miðju tóftarinnar er um 3 x 3 m að innanmáli en allra vestast er óljóst hól sem virðist hafa verið opið bæði í vestur og norður. Veggir eru signir og algróinir. Rústabungan sem tóftin er á er aðeins lítillega lengri en rústin en breidd allt að rúmum 10 m. Ekki sjást merki um garða í tóftinni. 10-12 m norðaustur af henni er iðagrænn og

kúptur hóll sem gæti verið rústahóll þótt ekki sjáist neitt lag á honum. Hann er u.þ.b. 8 m í þvermál.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Dalabær, 7-8



Geldsauðatóft 038 fyrir miðri mynd, skotæfingaskúrar í baksýn. Horft í austur.

EY-002:039 tóft heystæði

66°09.668N 18°59.227V



Tóft er á Dalabæjardal, á tungu sunnan lækjar sem markar meintar býlisrústir 022 að sunnan og gegnt tungu sem skagar fram í ána Mánármegin. Þetta er rétt rúmlega 1 km suður af bæjarhól 001.

Vel gróin brekka sem hallar mót vestri.

Stök og lágreist tóft, um 6 x 4 m stór frá austri til vesturs. Hún liggur í halla niður brekkuna. Líklega hafa verið dyr í suður og hugsanlega hefur tóftin verið tvískipt. Veggir eru ekki nema um 0,3 m háir og að mörgu leyti minnir tóftin nokkuð á heystæði - veggir eru tæpast nógu veglegir til að geta hafa verið húsveggir.

Hættumat: engin hætta

EY-002:040 tóft heystæði


66°09.597N 18°59.251V

Norðan við mógrafir 019 og um 440 m sunnan við Úlfshaug 010 er tóft í hér um bil miðri hlíðinni.

Þýft og grasi vaxið, fremur mýrlent svæði.

Tóftin er næstum hringlaga en þó dálítið ílöng, 13 x 10 m stór frá austri til vesturs. Hún er mjög sigin og hlaupin í þúfur en þó eru vestur- og norðurhlíð nokkuð greinilegar. Veggjahæð er mest um 0,5 m en hvergi sér í grjóti. Ekki sést op á tóftinni og hlýtur að teljast líklegt að hún sé af heystæði.

Hættumat: engin hætta



EY-002:041 Svarðarholt tóftir


66°09.336N 18°59.126V

"[...] nefnast því brekkur allar fyrir botni hans [Lambadals] Tungur; gengur hin austasta þeirra nokkuð niður dalinn milli Lambadalaár og aðalárinnar. Er yst í henni grýttur holtrani og móbyrgi nokkur, nefnist þar Svarðarholt enda Syðri-Grafarspilda þar gegnt að austan," segir í örnefnalýsingu. Innst á Dalabæjardal, fast norðan og austan við Dalabæjarsel 011, er fjöldi lítilla rústa á holti fast við Máná. Ofan þess í hlíðinni eru miklar mógrafir (sjá 042).

Þurr og gróið holt. Alls er svæðið um 185 x 100 m stórt frá norðri til suðurs og tóftirnar 17 talsins en þó ekki útilokað að fleiri slíkar geti leynst á svæðinu. Allar eru þær mjög líkar að lögun og gerð, grónir nabbar á bilinu 2-3 m breiðir og 4-5 m langir. Yfirleitt sjást torfkragar á brúnum þústanna, líkt og hlaðið hafi verið um hey eða mó en engar eiginlegar veggjahleðslur sjást. Beinast liggur við að tengja rústirnar við mógrafirnar - að mór hafi verið settur upp í stæður þar en þó gætu einhverjar þústanna verið leifar af heystæðum. Margar þeirra eru algrónar, með töluverðri grósku, en í sumum grillir þó í grjóti í hleðslum. Hluti tóftanna sést á ljósmynd af Dalabæjarseli 011.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Lækir, 9



Kort sem sýnir dreifingu tófta 041 með rauðum punktum

EY-002:042 Syðri-
Grafarspilda náma
mógrafir
66°09.378N
18°59.029V

" [...] nefnast því brekkur allar fyrir botni hans [Labadals] Tungur; gengur hin austasta þeirra nokkuð niður dalinn milli Labadalaár og aðalárinnar. Er yst í henni grýttur holtrani og móbyrgi nokkur, nefnist þar Svarðarholt enda Syðri-Grafarspilda þar gegnt að austan," segir í örnefnalýsingu.

Gríðarmiklar mógrafir eru innst á Dalabæjardal austanverðum, gegnt seltóftum 011. Þýfð mýri. Lækur rennur 70-100 m sunnan við grafirnar.

Mógrafasvæðið er greinilega ekki gamalt, næstum ferhyrnt að lögun og afar reglulegt, alls um 80 x 80 m stórt. Grafirnar eru allt að 1,7 m djúpar, dýpstar við vesturbakkann en

grynka til austurs. Sennilega hefur mór verið þurrkaður þarna inni á dalnum og geymdur þar, til þess bendir fjöldi lítilla tófta við grafirnar, sbr. 041 og 043. Slíkt var algengt og þá mórinn oft fluttur heim á sleðum að vetrarlagi. Mógrafirnar sjást á ljósmynd af Dalabæjarseli 011.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Lækir, 9

EY-002:043 tóft heystæði

66°09.833N 18°39.024V

Tvær tóftir, líklega heystæði eða móstæði, eru fast norðan við mógrafir 042. Tóftirnar eru fremur ofarlega í hlíð á grasi vöxnum bakka. Tóftirnar eru mjög greinilegar og eru báðar einfaldar. Tóft (A) er austar. Hún er 5 x 4 m stór frá austri til vesturs og veggjahæð allt að 0,3 m. Op virðist hafa verið á miðjum vesturvegg. Tóft (B) er 10-15 m norðvestar. Hún er um 6 x 3,5 m frá austri til vestur, allt að 0,4 m há og sést rof eða op á austurvegg. Tóftirnar líkjast mjög þeim sem eru vestan við mógrafirnar, sjá 041.


Hættumat: engin hætta

EY-002:044 þúst

Óregluleg tóft er á Dalabæjardal, um 250 m norðan við Dalabæjarsel 011.

Gróin brekka með mýrlendum slökkum mót vestri.

Tóftin er hrúgaldsleg og hugsanlega ekki leifar byggingar heldur umróts af öðrum toga. Alls er svæðið um 10 x 13 m frá norðri til suðurs, býsna þýft. Vestast mótargröfnum hólfulum eða niðurgrofnum dokkum og er hvor um sig 2-3 m í þvermál. Yfir miðja tóftina þversum er upphækkun sem gætu verið leifar af hleðslu og sömuleiðis eru hugsanlegar hleðsluleifar á suðurbrún þústarinnar. Á stöku stað gægjast steinar upp úr sverði, hugsanlega hleðslugrjót.



66°09.472N 18°59.157V

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Lækir, 9

EY-002:045 *Lambhúsgerði* örnefni lambhús

Lambhúsgerði er nefnt í örnefnaupptalningu fyrir Siglufjörð, Héðinsfjörð og Úlfsdali en ekki í örnefnaskrá Dalabæjar. Af upptalningunni að dæma hefur það verið nálægt Kötlugerði 005 og Skemmugerði 003 og líklegast að það hafi gengið undir öðru nafni í seinni tíð, gæti t.d. verið sama og tóft sem hér er skráð nr. 004.

Heimildir: Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 27

EY-002:046 *Stekkjjarvellir* örnefni stekkur

Stekkjjarvellir eru nefndir í örnefnaupptalningu fyrir Siglufjörð, Héðinsfjörð og Úlfsdali en ekki í örnefnaskrá Dalabæjar. Af upptalningunni að dæma hafa þeir verið ofan við bæ, að líkindum sami staður og hér er skráður nr. 013, enda er þar tóft sem líkist stekki.

Heimildir: Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 27

EY-002:047 *Kvíaból* örnefni kvíar

Kvíaból er nefnt í örnefnaupptalningu fyrir Siglufjörð, Héðinsfjörð og Úlfsdali en ekki í örnefnaskrá Dalabæjar. Af upptalningunni að dæma hefur það verið ofan við bæjarhól 001 en ekki er ljóst hvar.

Heimildir: Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 27

EY-002:048 heimild um útihús


Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var útihús rétt um 40 m norðaustur af bæ.

Grasi gróið svæði rétt við bæjarhól 001.

Engar leifar sjást af húsinu og ekki vitað hverskonar hús það var.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920



þúst 044

66°10.217N 18°59.471V

EY-003 Engidalur

10 hdr 1709. Hólastólseign. Jörðin í eyði frá 1919 er snjóflóð féll á bæinn, síðar var byggt þar á nýjum stað 1925 en 1930 brann bærinn og jörðin fór í eyði. Viti var reistur á jörðinni á Sauðanesi og er þar búið og kallast jörðin nú Sauðanes. 1712: Ein eyðihjáleiga, afbylið 'Arbakki um aldamótin 1900.

1709: "Túninu grandar grjóthrun úr fjalli til stórskaða og eyðileggingar, og fyrir 4um árum var ábúandi landskuldarfrí fyrir það að koma áföllum skaða af vellinum. Engjar eyðilagðar fyrir sama grjóthruni." JÁM X, 344 "Þarna hefur sennilega verið allstórt tún á fyrri öldum, jafnlent og grösugt." SS, 703

EY-003:001 Engidalur tóft bústaður

66°10.870N 18°57.694V


Tóftin af gamla Engidalsbænum er beint norðan við mynni Engidals, vestan við Engidalsá og norður frá þjóðveg um 10 m. Sauðanesviti er um 5-700 m norðaustan við bæjarstæðið. Bærinn fór í eyði eftir mannskætt



Engidalsrústir 001. horft í norður

snjóflóð veturinn 1919. Um það segir í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala: "Aðfaranótt þess dags [12. apríl 1919] féll snjóflóð mikið úr fjallinu austan Engidals - Strákafjalli. Féll það yfir bæinn og kaffærði hann. Fórst þar allt heimafólk, sjö manns. Um þessar hamfarir vissi enginn maður fyrir en næsta miðvikudag...Aftur var byggt upp á Engidal 1925. Þá var bærinn reistur á öðrum stað, nær sjónum."

Grænn skiki milli þjóðveggar og girðingar, sem nær upp að norðurvegg tóftarinnar. Norðan við girðinguna er sléttáð tún er nær alveg niður á sjávarbakkann. Var túnið allt sléttáð um 1967 samkvæmt heimildarmanni. Fyrir neðan þjóðveginn (norðanmegin)



er vegslóði er liggur þétt upp að tóftinni sunnan megin, gæti hann hafa skemmt eitthvað af suðurhluta tóftarinnar. Tóftin er víða gróin að utanverðu en grjóthleðslur sjást í innanverðum veggjum sem eru um 1,2 - 1,3 m háir. Tóftin er 23 x 13 m að stærð og snýr austurvestur. Bæjardyr snúa til norðurs. Það eru 4-5 hólf í tóftinni og sést móta fyrir veggjum milli þeirra sem og opum á milli þar sem innangengt hafi verið á milli hólfana. Byrjað verður að lýsa hólf A sem liggur í NNV hluta tóftarinnar, því næst haldið rangsælis um tóftina. Hólf A er opið til norðurs og er um 6 x 4 m að stærð, liggur austur-vestur. Þar sem opið er á norðveggjum og er frekar stórt þá er hugsanlegt að þar hafi verið þiljað að hluta. Suðausturhliðin á hólf A, er opin inn í hólf D. Í miðju hólf A er gryfja sem er ferhyrnd, hlaðin að innan og um 2 x 2 m að stærð. Á skilti á minnisvarða, er stendur skammt vestan við tóftina, stendur að þetta sé sögunargryfja. Suður af hólf A er hólf B en milli þessara tveggja hólfna er 2-3 m þykkur torfveggur. Hólf B er 7 x 5 m að stærð og liggur austur-vestur. Allir veggir í þessu hólf A eru mjög greinilegir nema suðurveggurinn sem er horfinn, sennilega hefur hann horfið þegar vegslóði var lagður fyrir sunnan tóftina. Mjög líklega hefur verið opið frá hólf B inn í hólf C á norðausturhorninu, en erfitt er að greina opið. Hólf C er 5 x 4 m að stærð og liggur austur-vestur. Grjóthleðslur sjást greinilega á norðurvegg. Þetta hólf er frekar óljóst og líklegt að suðurhlið þess hafi skaddast, líkt og gerst hefur með suðurvegg á hólf B. Frá hólf C liggur gangur í norðausturhorninu sem er 4 m langur að hólf D. Hólf D er austast í tóftinni og 3 x 3 m að stærð. Hleðslur eru greinilegar í austurveggjum og er inngangurinn á vesturhlið hólfins. Um 7 m austan við tóftina er önnur tóft. Á milli þeirra er vegur sem liggur til norður inn á núverandi tún. Vegur þessi hefur klippt í sundur sambengið á milli tóftanna en ekki er ólíklegt að þær hafi verið tengdar. Tóft þessi liggur alveg að árbakkanum austan til. Tóftin er 12 x 4 m að stærð og liggur austur-vestur. Fast sunnan í tóftinni liggur stór steinn, kannski náttúrulegur en frá honum og alveg upp að þjóðveg er þó nokkur grænka sem gæti bent til að tóftin hafi verið stærrí. Samkvæmt Trausta Magnússyni var fjós þar sem austasti hlutinn stendur. Sjálfur Bæjarhólinn er svo til enginn en hugsanlegt er að allt hafi verið meira og minna sléttað í kring vegna vegslóða, túns og fyrir minnisvara. Um 5 m vestan við tóftina stendur minnisvarði sem var grafinn tvo metra niður. Hugsanlegt er að við það hafi minjar skemmt, ef einhverjar hafa verið þar sem hann var settur. Á honum er uppdráttur af bænum Engidal sem og upplýsingar um ábúendur sem fórust í snjóflóðinu 1919. Á uppdrættinum segir að hólf A hafi verið geymsla, hólf B hafi verið baðstofa með hjónadyngju, rúmbálk og eldstöð. Hólf C á að hafa verið fjós og að lokum á hólf D að hafa verið eldhús með eldstæði. Einnig voru bæjargöng sem tengdu öll hólfina saman. Þar sem það kemur fram á uppdrættinum að hólf C hafi verið fjós þá má draga þá ályktun að fjósið er stóð austast í bæjarröðinni hafi verið eldra.

Heimildir: SS, 704

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

EY-003:002 álagablettur 66°10.988N 18°58.175V
 "Vestan í Hjallsnesi [022] er laut ein er bannblettur hefur talist," segir í örnefnaskrá. Lautin er beint austur á móts við Starlágaholt og liggur hún vestan við sjálft nesið eða um 420 m NV af bæ 001 og er vel sjáanleg. Lautin er grasi vaxin og þýfð. Út frá vesturhlið hennar er frekar brött brekka. Lautin liggur norður-suður og er um 18 x 7 m stór. Austurhliðin á lautinni er þó nokkuð brött frá brún.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Engidalur, 2

EY-003:003 Ódáinsakur heimild um akur 66°10.944N 18°57.561V
 "Þar suður frá [Árbakka 005] er smáþýft engi mjög grænt og gróðursælt; nefnt Ódáinsakur," segir í örnefnaskrá. Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Nokkru austan árinna var grasmór fagur, nefndur Ódáinsakur. Þar átti engin skepna að geta dáið, fremur en í nafna hans á Hvanndölum. Ódáinsakur á Engidal hafði það fram yfir hinn, að hann hafði einnig lækningarmátt. Þótti öruggt að veikar skepnur fengju bata, ef þeim yrði komið í Ódáinsakur. Til er saga um að eitt sinn hafi báti borist á í Engidalsbási, en það er eina landingin á Engidal, ef kalla má það landingu. einn bátsverja virtist druknaður þegar hann náðist. Var hann borinn upp á bakka og lagður þar milli þúfna á Ódáinsakri, breitt yfir hann og hann síðan yfirgefinn, þar sem allir hugðu hann dauðan. Seint um kvöldið, þegar öðrum störfum var lokið, átti að bera líkið heim til bæjar. Var þá maðurinn lifnaður við og var hinn hressasti. Lifði hann í mörg ár eftir þetta. Almennigur þakkaði þetta hinum undarlegu töfrum Ódáinsakurs." Akurinn er um 170 m norðaustan við bæ 001. Á túninu er nú iðagræn flöt sem er 170 x 150 m að stærð og liggur austur-vestur. Ekki sést lengur til akursins vegna sléttunar túns. Í Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Til er saga um að eitt sinn hafi báti borist á Engidalsbási, en það er eina landingin á Engidal, ef kalla má það landingu (004). Einn bátsverja virtist druknaður þegar hann náðist. Var hann borinn upp á bakka og lagður þar milli þúfnanna á Ódáinsakri, breitt fyrir hann og hann síðan yfirgefinn, þar sem allir hugðu hann dauðan. Seint um kvöldið, þegar öðrum störfum var lokið, átti að vera líkið heim til bæjar. Var þá maðurinn lifnaður við og var hinn hressasti. Lifði hann í mörg ár eftir þetta." Samkvæmt Trausta Magnússyni plægði Jón Oddson fyrstur akurinn með hesti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SS, 703; Ö-Engidalur, 2,

EY-003:004 *Engidalsbás* heimild um lendingu 66°11.021N 18°58.156V
Í frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Til er saga um að eitt sinn hafi báti borist á Engidalsbási, en það er eina lendingin á Engidal, ef kalla má það lendingu. Einn bátsverja virtist drukknður þegar hann náðist." " Þá nefnist og lendingin niður frá túni Engidalsbás," segir í örnefnaskrá. Um 460 m norðvestur af bæ [001] eða á Hjallsnesinu [022] sjálfu, í fjörunni, er vík sem líkleg gæti verið fyrir lendingu. Beint niður af Hjallsnesi er lítil grjótvík. Til vesturs er klettasylla en til suðurs og austurs er brött grjóthlíð. Víkin opnast til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:SS, 703; Ö-Engidalur, 1-2

EY-003:005 *Árbakki* bæjarstæði býli 66°11.122N 18°57.510V
"Hjábýli var reist í Engidalslandi á síðustu árum nítjándu aldarinnar. Þar var reist timburhús, sem mun hafa staðið í nánd við ána að austanverðu og skammt frá sjó. Guðlaugur Þorfinnsson reisti þetta býli og nefndi Árbakka. Hann bjó þar 1897-1905. Húsið var dregið sundur, flutt til Siglufjarðar og reisti þar aftur 1908. Þar stóð það við Lækjargötu þar til það var rífið fyrir fáum árum." Ekki minntist heimildarmaður þess að þarna hafi staðið hús en líklegur staður er um 340 m norður af Ódáinsakri [003] og um 500 m norður af bæ [001]. Þar hefði Árbakki getað staðið samkvæmt heimildarmanni Trausta Magnússyni.

Engin ummerki eru á staðnum en þýfður lítill hóll er um 4 m norður af bakkanum sem er ekki mjög náttúrulegur að sjá og hugsanlegt að einhverjar mannvistarleifar séu þar.

Engar fornleifar eru sjáanlegar en sjálfur hóllinn er um 9 x 5,5 m að stærð, liggur norður-suður og er um 0,6 m að hæð, þar sést glitta í nokkra steina en engar hleðslur eru þar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SS, 706

EY-003:006 bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709 segir: "Tóftarústir eru hjer við völinn, þar ætla menn að áður hafi hjáleiga eður einhvör bygð verið, en vita þó ekki um það frammar að undirretta." Í dag kannast engin við þessa lýsingu né fundust minjar sem passa lýsingunni og því má ætla að bæjarstæðið hafi horfið undir tún eða byggingar,

Heimildir:JÁM IX, 344

EY-003:007 heimild um fjárhús 66°10.970N 18°57.654V
"Austur á árbakkanum, skammt neðan bæjar hafa fjárhús verið og þar nokkuð norðar hesthús [008], nefndist þar Hesthúsgerði, var eptir snjóflóðið reist þar íbúðarhús er síðar brann," segir í örnefnaskrá. Um 200 m norðaustur af bæ [001] er grænn reitur á sléttu túninu. Grænn reitur er frekar austarlega á sléttu túninu um 7 m vestur af Engidalsárþakka. Engar minjar sjást á túninu þar sem allt hefur verið sléttað. Íðagrænn reitur er þó á austanmegin í túninu. Á reitnum fyrir ca. miðju er dæld þar sem glittir í stein og stein á stangli sem hugsanlega gætu hafa verið úr hleðslu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Engidalur, 2

EY-003:008 *Hesthúsgerði* heimild um hesthús 66°11.015N 18°57.627V
"Austur á árbakkanum, skammt neðan bæjar hafa fjárhús [007] verið og þar nokkuð norðar hesthús, nefndist þar Hesthúsgerði, var eptir snjóflóðið reist þar íbúðarhús er síðar brann," segir í örnefnaskrá HG. Um 80 m norðaustur frá fjárhúsum [007] og um 270 m norður af bæ [001] átti að hafa staðið hesthús. Íðagrænn reitur liggur frekar austarlega í túninu um 1 m vestur frá Engidalsárþakka.

Engar minjar sjást á túninu þar sem allt hefur verið sléttað en íðagræn reitur sem er um 8 x 5 m að stærð og liggur austur-vestur er vel sjáanlegur. Reiturinn liggur í smá dæld er gæti hafa verið eftir undirstöðurnar. Trausti minntist á að það hafi verið kjallari á íbúðarhúsinu sem var reist eftir snjóflóðið sem féll 1919.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Engidalur, 2

EY-003:009 *Kvíatunga* örnefni kvíar 66°10.814N 18°57.641V
"Suður frá bæ er slétt eirarrönd nefnd Kvíatunga," segir í örnefnaskrá. Ekki kannast núverandi ábúendur við Kvíatungu og eins og sjá má á örnefnalýsingu er það frekar óljóst hvar hún hefur verið en líklegur staður gæti verið um 65 m austur af garði [013]. Engidalsá liggur austan við svæðið, en þjóðvegurinn skilur bæinn [001] og þennan stað að. Grasivaxið svæði, frekar þýft.

Engar minjar eru sjáanlegar en þó er nokkur grænka vestan við árbakkann. Svæðið er um 24 x 8 m að stærð og liggur norður-suður. Eitthvað er af litlu grjóti á reitnum en líklegt er þó að þeir hafi frekar komið frá ánni

sem gæti hafa étið af tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Engidalur, 2

EY-003:010 *Miðaftanstóft* heimild


"Nokkuð vestur frá bæ er mjög gömul tóftarrúst - líklega sú er jarðabók 1708 ætla máski gamla hjáleigu - nefnd Miðaftanstóft ..." segir í örnefnaskrá. Eina tóftin, sjá fornleif 024, sem er vestan við bæ 001 er um 500 m frá bæ. Ekki er augljóst að um sömu tóft sé að ræða en mikið af túninu hefur verið sléttað og því líklegra að rústin hafi horfið við það. Trausti Magnússon kannast ekki við nafnið Miðaftanstóft.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Engidalur, 2

EY-003:011 tóft

66°11.019N 18°58.075V



Tóft 011 A

Austan við Hjallsnesið [022] eða um 400 m norðvestur af bæ [001] eru tvær tóftir. Mjög grasvaxið, þýft svæði sem liggur nálægt sjávarbakkanum og eru er í hættu vegna rofs.

Tóftirnar standa nálægt sjávarbakkanum og eru hér nefndar A og B. Tóft A er austan af tóft B og er um 6 x 5 m að stærð og liggur norður-suður.

Norðurveggurinn er nánast alveg horfinn en tóftin opin í suðausturhorninu. Hleðslur eru grónar og um 1,2 m að hæð. Um 5 m suður af tóftinni liggur gróinn veggur sem er 1,5 m að hæð og um 6 m langur frá austri til vesturs. Tóft B vestur af tóft A og er um 7 x 6 m að stærð og

liggur austur-vestur og eru veggir um 0,7 m háir. Veggirnir á tóft B eru frekar óljósir og þá aðallega austur- og norðurhliðin. Tóftin er opin á suðausturhorninu. Hlutverk tóftanna er ekki þekkt en hugsanlegt að um hjalla sé að ræða þar sem þeir standa nálægt Hjallsnesi.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Engidalur, 2



Tóft 011 B

EY-003:012 *Gamli-Stekkur* örnefni stekkur

66°10.893N 18°58.005V

"Suður frá Starlágaholti er Gamli-Stekkur en stekkur [027] var síðast heima á túni og hefur svo verið hér víða á síðustu árum," segir í örnefnaskrá. Talið er að stekkurinn hafi verið rétt vestan við Starlág, þar átti hann að hafa verið utarlega í túbakkanum, vestan megin, eða um 240 m norðvestur af bæ [001]. Í suðvesturátt blasir Grásteinn [014] við.

Frekar mýrlent og mosavaxið svæði.

Engin tóft sést á svæðinu en þar er þó iðagrænn reitur, 31 x 13 m stór frá norðri til suðurs. Hugsanlegt er að stekkurinn hafi verið þar en sennilega hefur allt verið sléttað þar sem túnrækt er austan við umrætt svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Engidalur, 2


EY-003:013 garðlag túngarður

66°10.808N 18°57.693V

Túngarður markar tún í Engidal að sunnan og vestan. Þó sést hann eingöngu sunnan Þjóðveggar. Garðurinn sást einnig að norðan en hefur verið sléttaður undir tún. Hann er um 120 m norður af bæ [001] og um 20 - 30 m vestur af Engidalsá.

Þýft tún. Garðurinn liggur í boga frá austri til norðurs, er um 50 m langur og er frekar ógreinilegur fyrstu 15 - 20 m á austurendanum en hækkar svo og verður greinilegri þar sem hann verður um 1,2 m breiður og allt að 1,3 m hár. Garðurinn hverfur alveg um 20 - 30 m sunnan við Þjóðveg, þar hefur efnistaka verið á breiðu belti meðfram vegi. Óljós tóft er sambyggð garðinum innanverðum, um 10 m suður frá norðurendanum. Tóftin er um 10 x 5 m að stærð og liggur norður-suður. Hleðslur eru um 0,4 m háar og algrónar. Tóftin er frekar óljós en hugsanlegt er að hún sé tvískipt.

Hættumat: hætta, vegna veggerðar





Leifar túngarðs 013, horft í suðvestur

Þessi hafi legið frá Engidal vestur að Dalabæjardal og Mánárdal.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Engidalur, 2

EY-003:015 *Torfholt* örnefni rista

66°11.004N 18°57.414V

"Austan hans [Ódáinsakurs 003] er melur nefndur Torfholt," segir í örnefnaskrá. Um 330 m austur af bæ er lítið holt sem nefnist Torfholt, oft einnig kallað Hóllinn samkvæmt Trausta Magnússyni en norðan til í því stóð einnig reykkofi [019]. Grasivaxið svæði. Rétt norðan við holtið er kálgarður.

Holtið hefur nokkuð brattar hliðar til vesturs og er það um 30 m langt. Hugsanlegt er að torf hafi verið þurrkað á holtinu en þar er frekar þurrt svæði í kring. Ekki er líklegt að þar hafi verið torf rist.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Engidalur, 2

EY-003:016 heimild um beitarhús

66°11.179N 18°57.071V

"Fjárhús fyrir útigöngusaði voru nálægt því þar sem vitinn er nú, annað húsið [017] var þar sem vitinn er að annað aðeins ofar" segir í örnefnaskrá. Um norðaustur af bæjarhól [001] stóð beitarhús samkvæmt Trausta Magnússyni. Grasi vaxið svæði. Rétt norðan við liggur vegurinn að Sauðanesvita.

Engar minjar sjást. Mikið rask hefur átt sér stað við svæðið þar á meðal hefur verið lagður malarvegur sem liggur fast norðan við staðinn, en hann liggur að Sauðanesvita. Sennilega hefur allt verið sléttað þarna þegar vitinn kom.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Engidalur, 2

EY-003:017 heimild um beitarhús

66°11.218N 18°57.065V

"Fjárhús fyrir útigöngusaði voru nálægt því þar sem vitinn er nú, annað húsið var þar sem vitinn er að annað [016] aðeins ofar" segir í örnefnaskrá HG. Um 800 m norðaustur af bæ [001] stóð beitarhús samkvæmt heimildarmanni Trausta Magnússyni.

Sauðanesviti stendur á sléttri grund og eru um 200 m norður að sjárbakkanum.

Engar minjar sjást þar sem Sauðanesviti stendur. Líklegt er að allt hafi horfið þegar vitinn var byggður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Engidalur, 2

EY-003:018 *Brýnisberg* náma

66°11.168N 18°56.951V

Norðaustan af Sauðanesvita og um 780 m austur af bæ [001] stendur stakur klettur í fjörunni sem er kallaður Brýnisberg og náðu Skagfirðingar sér í brýni þar skv. Trausta Magnússyni.

Kletturinn stendur stakur aðeins frá landi í fjörunni. Erfitt er að komast að honum enda mjög brattar hliðar umhverfis hann. Norðan við hann blasir úthafið við.

Brýnisberg er meðal stór klettur en eflaust hefur hann verið stærri en sjórinn hefur gengið mjög á hann. Hann nær aðeins upp í fjöruna en að öðru leyti er hann allur í sjónum.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Engidalur, 2

EY-003:014 gata leið

66°10.810N 18°58.139V

"Nokkru vestur frá bæ, sunnan vegaslóða er þaðan liggja til vestari dalsins er mikill stakur steinn, nefndur Grásteinn ..." segir í örnefnaskrá. Slóðarnir eru um 30 m norður frá Grástein en hann er um 350 m vestur frá bæ [001].

Stígarnir eru frekar mjóir eða um 20 cm að breidd. Í kring er landslagið grasivaxið og liggja þeir þvert á hlið sem liggur til norðurs frá Grástein.

Augljós ummerki eru eftir kindastíg sem liggur frá austri til vesturs. Stígarnir eru tveir og eru samsíða. Mjög líklegt er að leið

EY-003:019 heimild um skemmu



Brýnisberg 018, horft í norðaustur

66°11.021N 18°57.407V

Trausti Magnússon minntist á að rétt norðaustur af Hólnum [015] sé annar lítill hóll þar sem reykkofi stóð. Hóllinn er um 350 m norðaustur af bæ [001] og er beint fyrir ofan núverandi kálgarð.

Grasi vaxinn hóll með stórum steini á norðausturendanum. Nokkuð er af grjóti hér og þar á stangli, sem og eitthvað af torfleifum frá seinni tíð, efst á hólnum.

Hóllinn er um 6 x 4 m að stærð og liggur austur-vestur með grjót og torf hrun sem er um 0.7 m að hæð. Annað er ekki sjáanlegt og engar hleðslur að sjá enda hefur hóllinn verið vinsælt leiksvæði barna í seinni tíð.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

EY-003:020 gerði kálgarður

66°10.904N 18°57.586V

Suðvestur af Torfholti [015] er frekar nýlegur kálgarður. Um 100 m austur af bæ [001].

Garðurinn liggur í grasivaxni hlið sem endar við vesturbakka Engidalsá.

Garðurinn er um 0.3 m að hæð og er 12 x 3 m að stærð, liggur norður-suður. Líklegt er að hann hafi náð lengra til austurs en sá veggur er vel siginn niður til vesturs. Talsvert er af lausu grjóti við garðinn sem gæti hafa hrunið úr honum.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

EY-003:021 náma mógrafir

66°11.098N 18°57.680V


Norður af bæ [001], um 430 m er mógröf. Hún liggur alveg fram að sjávarbakkanum.

Mjög þýft svæði allt í kring og í gröfinni sjálfri. Gröfin er um 23 m x 19 m og liggur norður-suður. Hún er um 1,3 m að dýpt og svo virðist sem hún sé frekar þurr og ekkert mýrlendi er í kring.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar



Mógrafir 021, horft í norðaustur



EY-003:022 Hjallsnes tóft hjallur

66°11.019N 18°58.162V

"Niður af honum [Illviðrakjálka] er Hjallsnes ..." segir í örnefnaskrá. Út á Hjallsnesi eða um 450 m NNV af bæ [001] er hjallstöft.

Þýft grasivaxið nes. Tóftin er 5 x 5 m að stærð og um 0,5 m há og er alveg út á sjálfu nesinu. Eingöngu norður- og suðurhliðarnar eru sýnilegar og líklega hefur hún verið opin til austurs en þó er erfitt að segja þar sem vesturhliðin er einnig alveg horfin.

Hættumat: hættu, vegna rofs

EY-003:023 álagablettur

66°10.933N 18°58.194V

"Vestan í Hjallsnesi (022) er laut ein er bannblettur hefir talist og annar ofarlega í Starlág," segir í örnefnalýsingu. Um 100 m suðaustur af álagabletti [002] og um 400 norðvestur frá bæ [001] er álagablettur. Grasivaxin blettur en þó nokkuð þýfður.

Bletturinn eru um 22 m x 17 m og liggur austur vestur. Sunnan í blettinum er hlíð sem liggur upp á við til norðurs en til vesturs er bletturinn aflíðandi.

Hættumat: engin hætta

EY-003:024 tóft

66°10.816N 18°58.339V



Tóft er um 500 m VSV af bæ [001] og um 250 m SSV frá álagablett [023]. Um 60 m norðar er sjávarbakkinn.

Grasivaxið og vel þýft svæði sem liggur í smá halla, sem nær frá þjóðvegi niður að sjávarbakkanum til norðurs. Tóftin liggur í um miðjum hallanum á grasivöxnu svæði. Ekki er vitað hvert hlutverk hennar en margt bendir til að um stekk sé að ræða. Hún er þrískipt og vel gróin þótt finna megi grjóti á einstaka stöðum í hleðslunni. Lengdin er 12 m í norðursuður en 7 m að breidd og hleðslu hæð um 1,3 m. Þar sem tóftin er þrískipt verður fjallað um hvert hólfi fyrir sig og merkt með bókstöfum. Hólfi A er nyrst og er um 5 m x 4 m og liggur norðursuður, það er op á norðaustur horninu en þar sést glitta í grjóti við hvort hornið. Að auki er op fyrir ca miðjum suðurveggnum en þar er innangengt í hólfi B. Það hólfi er nokkuð minna eða um 3 m x 3 m að stærð. Í hólfi B eru veggirnir ekki eins stæðilegir og vel varðveitir en þó eru þeir vel sýnilegir. Eitthvað af grjóti er sýnilegt við opið á milli hólfa A og B. Hólfi C er minnsta hólfið en það er um 3 m x 1 m og liggur norðursuður og liggur það utan í austurvegg hólfa B. Op er á hólfi C á norðvestur horninu með grjóti við vestur vegg opsins. Veggir eru vel sýnilegir, þó segja megi að vestur og suður veggir séu lægstir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-003:025 þúst

66°10.826N 18°57.703V

Beint austur af garði [013c] eða um 35 m og um 80 m beint suður af bæ [001] er þúst.

Mjög þýft og grasivaxið svæði þar sem Engidalsá rennur um 15 m austur við þústina.

Frekar hár hólfi sem er um 21 m x 17 m og liggur norðursuður. Þarna er hugsanlegt að einhverjar mannvistaleifar hafi staðið en erfitt er að segja til um hvað það hafi verið.

Hættumat: hætta, vegna rofs

EY-003:026 Langhólslaut álagablettur

66°10.491N 18°57.045V

"Yst í Engidal, austan ár, er melhryggur þvert frá enda fjallsins, að ánni, nefndur Langhóll, er hann yrst Engidalshóla. Innan hans neðst er Langhólslaut, er það hér hinn þriðji bannblettur talinn," segir í örnefnaskrá. Langhólslaut er um 860 m suður frá bæ 001 innst í Engidal fyrir um miðjum hryggnum.

Lyngi vaxin laut. Austan við hana rennur Engidalsá.

Frekar djúp laut sem liggur austur-vestur og er mjög lyngi vaxin allt í kring. Í norðausturenda hennar er töluvert af stórum steinum. Þó nokkuð er af stóru grjóti allt í kring.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Engidalur, 4

EY-003:027 heimild um stekk

"Suður frá Starlágaholti er Gamli-Stekkur [012] en stekkur var síðast heima á túni og hefur svo verið hér víða á síðustu árum," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað um neinn stekk heima í túni enda býið að slétta allt yfir allt sem tilheyrði gamla Engidalsbænum. Þó er einnig hugsanlegt að þetta hafi verið færikvjar. Ekki kannaðist heimildarmaður við stekkin né sjást líkleg ummerki um hann í túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Engidalur, 2

EY-003:028 heimild um túngarð

I ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Forn garður hefur legið ofan túnsins frá ánni og niður með því að vestan til sjávar." Engar leifar af garði sjást nú sem koma heim og saman við lýsinguna, nema ef vera skyldi túngarður 013, en hann endar ofan við þjóðveg. Neðan hans er líklegt að garðlög hafi verið sléttuð undir tún.

Heimildir: SS, 703

Ey-004 Hvanneyri

20 hdr til forna. Hóladómkirkjujörð. 1374: á Hólakirkja "Medr huanneyri oll Reka gogn." - DI III, 277. 1449 á Hólakirkja "Item hvanore v kugyllde. l. v. vetter fiska." DI V, 38. 1525 er Hvanneyri talin meðal Hólastólseigna - DI IX, 301. 1550 á Hólakirkja "Med Huanneyre .vij. kugilde. landskyld .j. c." DI XI, 862. 1569: "med Huaneyri 4 kugilldi. landskyld iij ær og x aurar." BG, 260 - landsk 1 hdr skv. DI XV, 229. 1570: Med Huanneyri .iiii. kug." DI XV, 460. [1575]: "med Huanneyri 4 kugildi." BG, 16. 1582: "med Huanneyre iij kugilldi. landskyld jc." BG, 225. 1583: "m Huanneyre iij. voru þar 4. do eitt vr j sumar." BG, 231. 1712 er Hvanneyrarsel eyðihjáleiga. JÁM X, 4. Kirkjustaður frá 1614 áður var bænhús, þingstaður á 18. og 19. öld. 1712: "Túninu spillir nokkuð sjávargángur með landbroti. Engið er stórlega skemt af skriðum, sem á eykst meir og meir. Úthagarnir eru nægir og góðir á Hvanneyrardal, þó það sje erfitt." JÁM X, 4 "Heimatún Hvanneyrar var ekki stórt, og lengst af var það óslétt og grýtt. En í tíð séra Bjarna Þorsteinssonar lét hann gera töluverðar jarðabætur. Meðal annars var mikill hluti túnsins sléttaður og grafnir voru skurðir í engið sunnan við túnið og bæði engi og tún girt. Árið 1918 mældust girðingar á Hvanneyri 543 metrar, en stærð sjálfs túnsins voru túmir 6 hektarar og gaf það af sér um 200 hesta af töðu. Engjaslægjur voru þá ekki sagðar teljandi, en þær voru einkum á Hvanneyrbökum og Hvanneyrarströnd, og einnig höfðu Hvanneyrarprestar ítök í svo kallaðri Leyningskinn ... Fyrrum mun hafa verið sótt á engjar upp í Hvanneyrarskál ..." Siglufjörður 1818-1918-1988, 90

EY-004:001 Hvanneyri bæjarhóll

"Bæjarstæði er hér gott, á melhöfða einum niður frá hlíð fjallsins," segir í örnefnaskrá "Bærinn stóð nokkuð ofan við Þormóðseyrina þar sem nú er prestbústaður Siglufirðinga ..." segir í Bygðum Eyjafjarðar. Gamli bæjarhóll Hvanneyrar er vestan við Hvanneyrarbraut en sunnan Ártúns, um 100 m SSV við sundlaugina á Siglufirði. Hann er norðan við sjúkrahúsið. Íbúðarhúsið stendur nú örlítið framar í hólnum en gamla Hvanneyrarhúsið, en það byggði séra Bjarni Þorsteinsson árið 1898. Gamla húsinu er lýst í fasteignamati 1918: "Íbúðarhús úr timbri, járnþakið og járnklætt með áföstum skúr, járnþöktum. Kjallari var undir öllu húsinu." Árið 1906 stækkaði Bjarni síðan húsið um helming. Á uppdrætti Bjarna Þorsteinssonar af Siglufirði 1868 sést lega gömlu bæjarhúsanna og afstaða þeirra við kirkjuna 002. Á þeim tíma hefur verið eitt útihús norðan við bæjarhúsin. Á uppdrætti 1888 virðist hins vegar búið að byggja við bæinn og þá hafa verið þrjú útihús norðan hans en sunnan við Hvanneyrará. Öll eru þau hér skráð undir sama númeri, enda á sömu torfunni og e.t.v sambyggð. Bæjarhóllinn er inni í íbúabyggð og rennur Hvanneyrará meðfram honum að norðanverðu. Vestan við hólinn er óbyggt, slétt og grösugt svæði þar sem enn má finna leifar kirkjugarðs 002. Austast á hólnum

bústaður

66°09.381N 18°54.500V



Afstaða bæjarhóls 001 og Kirkjuhóls 002, horft í austur



Íbúðarhús á bæjarhól Hvanneyrar 001, horft í norðaustur

stendur prestshús Siglfirðinga, tvílyft hús úr steinsteypu og er neðri hæðin töluvert grafin niður í hólinn. Ekið er upp á hólinn suðaustan við húsið, fram fyrir það og síðan í krók norður fyrir. Húsið stendur á sléttum og grasivöxnum stalli sem augljóslega er manngerður, sennilega uppfylling. Nokkur trjárækt er sunnan við það. Bæjarhóllinn er allgreinilegur, allt að 6-7 m hár að austanverðu og snarbrattur þar, niður að Hvanneyrarbraut. Þó er varla vafamál að hóllinn er náttúrulegur að einhverju leyti. Hann hlýtur að vera mikið skemmdur vegna bygginga, vegagerðar og sléttunar í seinni tíð. Erfitt er að áætla stærð hans en þó má giska á að hann sé um 50 m langur frá norðri til suðurs en 25-30 m á breidd. Rúma 20 m NNV af íbúðarhúsinu sjást leifar af steiptum grunni, hugsanlega undan útihúsi eða hlöðu. Þar í kring, norðan við veginn, er alger órækt og kafagras að Hvanneyraránni og líklegast að þeim hluta bæjarhólsins hafi minnst verið raskað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvanneyri, 1; BE 1990 I, 55

EY-004:002 *Kirkjuhóll* kirkjugarður kirkja
HVANNEYRI VIÐ SIGLUFJÖRÐ (E) ? BÆNHÚS síðar ALKIRKJA

66°09.368N 18°54.548V

Heimagröftur við bænhúsið; (PP, 265) e. 1614: Aðalkirkjan flutt frá Siglunesi til Hvanneyrar; (PP, 265)



Kirkjugarðurinn 002 er inni á græna svæðinu, horft í suður

á Hvanneyri var á dálitilli hæð vestur af gömlu bæjarhúsunum milli tveggja lautardraga, sem talið er að verið hafi farvegir eftir Hvanneyrará, sem í fornri tíðahafi fallið þar um túnið. En ummerki þess sjást nú ekki lengur....Grafreiturn var umhverfis kirkjuna, en rétt sunnan við hann er nú Sjúkrahús Siglufjarðar og trjálundur, sem ungmennafélagið lét gróðursetja á árunum milli 1920 og 1930." Kirkjuhóll er 20-30 m



Minnisvarði um sr. Bjarna og Sigríði, konu hans. Horft í vestur.

Siglunesi til Hvanneyrar; (PP, 265) Áður hafði þó verið bænhús á Hvanneyri, sbr. ritið Siglufjörður, bls 32.

1712: Kirkjustaður og beneficium síðan í tíð herra Guðbrands Þorlákssonar biskups á Hólum. Þá var þetta Hóladómkirkjujörð, en fyrir hægðar sakir prestsins og sóknarinnar og eftir hans og sóknarfólksins beiðni voru umskifti gjörð á Siglunesi, sem áður var beneficium, og þessum stað af biskupi, og hjer sóknarkirkjan sett, og síðan hefur so verið; JÁM X, 3 "... nefnist melbalinn ofan lautar Kirkjuhóll var þar kirkja til 1890 og kirkjugarður notaður til 1907 og þó nokkuð síðar ..." segir í örnefnaskrá. Í riti eftir Ingólf Kristjánsson segir: "Kirkjustæðið

á Hvanneyri var á dálitilli hæð vestur af gömlu bæjarhúsunum milli tveggja lautardraga, sem talið er að verið hafi farvegir eftir Hvanneyrará, sem í fornri tíðahafi fallið þar um túnið. En ummerki þess sjást nú ekki lengur....Grafreiturn var umhverfis kirkjuna, en rétt sunnan við hann er nú Sjúkrahús Siglufjarðar og trjálundur, sem ungmennafélagið lét gróðursetja á árunum milli 1920 og 1930." Kirkjuhóll er 20-30 m suðvestur af húsinu sem stendur á bæjarhól 001.

Þar er óbyggt, sléttað svæði sem smáhækkar til vesturs. Það er slegið og girt með lágrí girðingu. Harla litlar minjar sjást nú um Hvanneyrarkirkjuna gömlu og kirkjugarðinn. Í suðvesturhorni svæðisins er legsteinn eða minnisvarði um sr. Bjarna Þorsteinsson og Sigríði, konu hans. Þau voru síðasta fólkið sem grafið var í gamla garðinum en annars var hann aflagður að mestu 1907. Minnisvarðinn stendur á stalli sem er rúmlega 4 x 2 m stór frá norðri til suðurs. Framan við hann eru fjórir legsteinar í mól sem umlykur minnisvarðann. Tveir þeirra nyrðri eru

handhogginn, sá nyrsti af manni sem nefndur var "Myllu-Kobbi" en hann er án ártals. Hinir steinarnir eru frá 1884 og 1885. Tvö leiði til viðbótar eru sunnan við minnisvarðann, annað frá 1900 en hitt ómerkt. Leiðin eru suðvestast á svæðinu en beint ofan við eru nýleg íbúðarhús, það sem næst stendur er lækisbústaður. Þau eru utan í lágum hól sem er aðskilinn frá bæjarhól með smáæld. Hóllinn er rústalegur og hæsti punktur hans er norðan og norðvestan við leiðin, þar sem græna svæðið mætir bílastæði við lækisbústaðinn. Víða sjást smáældir í hólum og er svæðið alls, að minnisvarða og leiðum meðtöldum, að minnsta kosti 20 x 20 m stórt. Áður mun hafa verið steiptur veggur kringum gamla kirkjugarðinn.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvanneyri; PP, 265; JÁM X, 3; Siglufjörður, 31

EY-004:003 *Hvanneyrarkot* bæjarstæði bústaður 66°09.125N 18°54.420V
Í Jarðabók Johnsen 1847 segir: "Prestur nefnir nú hjáleiguna Hvanneyrarkot, en hjá Hreppstjóra er hennar eigi getið ..." "Svo er Hvanneyri og í Hvanneyrarlandi voru Hvanneyrarkot og Hvanneyrarkofi [...] ..." segir í örnefnaskrá. Í annarri skrá segir: "Þá var býlið Hvanneyrarkot byggt um 1831 síðst á enda Grandans, þar hann mætir eirinni, niður frá Álalæk, stendur að um og nú skásett norðan við itri húsaröð Eirargötu ..." Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir um kotið: "Það var ekki fyrr en Tómas gamli Andrésón frá Saurbæ byggði Hvanneyrarkot 1831. Það var fyrsta býlið sem fékk að standa til frambúðar. Þetta býli Tómasar gekk undir ýmsum nöfnum í tímans rás, en Hvanneyrarkot er fyrsta nafnið, og það mun oftast hafa verið notað. Bærinn stóð norðan Eyrargötu og vestan Grundargötu, lítinn spöl frá götunum eins og þær liggja nú. Þarna var bærinn margoft byggður upp úr torfi, en ætíð á sama stað. Torfbærinn var rifinn 1908 og þá byggt timburhús á rústunum. Það hús var oftast nefnt Valgerðarhús. Það var rífið 1977....." Hvanneyrarkot er merkt inn á uppdrátt Bjarna Þorsteinssonar frá 1868 og einnig á uppdrátt frá 1888 en er þá nefnt Hvanneyrarkofi. Samkvæmt því er um einn og sama stað að ræða. Hvanneyrarkot stóð þar sem nú er óbyggð lóð suðaustur af áhaldahúsi Siglufjarðar, en það stendur við Lækjargötu 14.

Slétt grasflöt. Engar hleðslur eða önnur ummerki sjást nú á lóðinni. Í Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Varðveist hefur smálýsing á bæ Tómasar, og virðingargerð frá 1838. Af þeirri lýsingu verður þó ekki ráðið í útlit hans á nokkurn hátt: "Baðstofuhús 5 álnir á lengd og 3 1/2 alin á breidd, með átta stoðum og fjórum sperrum, tveim bitum, tveim pallstokkum og palli, þrem rúmstæðum, þili með hurð á járnum, tveim glergluggum og lausholtum. Búrkofi og eldhús...Göng til útídyra með litlu þili og hurð á járnum, en láslaus. Skemma 5 álnir á lengd, 2 1/2 alin á breidd með slagþili, hurð, skár og lykli...Þá var einnig fiskhjallur við bæinn."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JJ, 284; Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 6, 17; SS, 859

EY-004:004 *Þormódsleiði* þjóðsaga legstaður

Í fornleifaskýrslu Gamalíels Þorleifssonar, prests á Hvanneyri 1818, segir: "Þormódsleide, aflaug þúfa, eða sem gardsmót 6-7 al langt enn 1 1/2 al breitt, hier í heimatúninu, hvar vera skal grafinn lte Landnámsmaður hier, Þormóður, líka sem Bærin, sovel sem Eyrin hier nidur undan, skal i fyrstu hafa heitid Þormódseyri." Í neðanmálsgrein telur útgefandi að sögnin styðjist við gamla Landnámuútgáfu um að Þormóður rammi hafi fyrst numið Siglufjörð. Ekki er nú vitað hvar í Hvanneyrartúni Þormódsleiði var og þess er ekki getið í síðari tíma lýsingum og örnefnaskrá. Má telja víst að það hafi horfið, annaðhvort við sléttun eða vegna vegalagningar og húsbygginga.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: FF, 529-530

EY-004:005 *Ytrahús*

bæjarstæði bústaður

66°09.016N 18°54.468V

"Svo er Hvanneyri og í Hvanneyrarlandi voru Hvanneyrarkot og Hvanneyrarkofi [003], Ytrihús ..." segir í örnefnaskrá. Betur er sagt frá Ytrahúsi í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala: "Eftir að Hvanneyrarkot [003] reis af grunni, liðu þrjú áratugir þar til næst var byggt hjábýli á Siglufirði, svonefnt Ytrahús. Það var gert af timbri, fyrsta húsið sinnar tegundar í



Lóðin sem Ytrahús 005 stóð á. Ef vel er að gáð sést þaklína hússins enn á gaflri ljósgreina hússins.

hreppnum og hefur líklega þótt glæsileg höll á sínum tíma...Samkvæmt mælingum virðingarmanna Brunabótafélagsins síðla árs 1916 var húsið í upphaflegri mynd 7,7 metrar á lengd og 5,1 á breidd, eða rúmir 39 fermetrar. Vafalaust hefur húsið komið tilhöggvið frá Danmörku, ekki ósennilega með vorskipum 1860. ...Það stóð sunnan Aðalgötu og austan Grundargötu, með langhlið að Grundargötu...Það var rífið 1979. Byggt var norðan við húsið 1905, og þar var verslun fyrstu árin, síðan var þar fyrsta símstöð og pósthús Siglufjarðar. Þessi viðbygging er það eina, sem eftir stendur af Ytrahúsi." Ytrahús stóð sunnan við húsið sem er á horni Aðalgötu og Grundargötu, skáhallt á móti Aðalbúðinni.

Þar er nú auð lóð.

Ytrahús var rífið fyrir allöngu eins en þaklína þess sést ennþá á suðurgafli hornhússins og var þakið sýnilega bratt. Húsið var myndað og mælt upp áður en það var rífið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 17; SS, 860-861

EY-004:006 *Vigfúsarbær* bæjarstæði bústaður 66°09.059N 18°54.714V
"Svo er Hvanneyri og í Hvanneyrarlandi voru Hvanneyrarkot og Hvanneyrarkofi [003], Ytrihús [005], Vigfúsarbær - einnig kallaður Búðarbrekka - ..." segir í örnefnaskrá. Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Sama ár [1866] reisti Vigfús Gíslason torfbæ á hólum upp af eyrinni. Hann var fyrst nefndur Vigfúsarbær, en Búðarbrekka hét hann frá 1872, og enn síðar Önnubær. Bærinn stóð við suðausturhorn núverandi kirkju....Þar eftir [1887] var bæjarkornið rífið en á sama stað var síðar byggður annar torfbær, sem nefndur var Vindheimar." Samkvæmt sama riti voru Vindheimar byggðir árið 1895 af Birni Björnssyni: "Verslunin hefur ekki lagt mikið í viðhald á bæjargarminum. Í fasteignamati 1918 er hann virtur á 100 krónur, en fjárhúskrili, sem Guðbrandur Sigfússon átti á sömu lóð, var talið 200 króna virði." Ekki er nú vitað hvar fjárhúsið stóð en Vigfúsarbær, síðar Búðarbrekka/Önnubær/Vindheimar stóð 20-40 m ofan við Lindarbrekku 017. Síðasti bærinn var rifinn fljótlega upp úr 1925. Þar sem bærinn stóð er nú steypt bílastæði við suðausturhorn kirkjunnar. Öll merki um byggð á þessum stað eru löngu horfin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 17; SS, 863, 867; Ö-Búð,

EY-004:007 *Faktorshús* bæjarstæði bústaður 66°08.995N 18°54.431V
"Svo er Hvanneyri og í Hvanneyrarlandi voru Hvanneyrarkot og Hvanneyrarkofi [003], Ytrihús [005], Vigfúsarbær [006] - einnig kallaður Búðarbrekka - og niður á eyrinni er getið um Faktorshús ..." segir í örnefnaskrá. Í ritinu frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Það kom í hlut Snorra factors að byggja nýtt íbúðarhús 1874. Það stóð sunnan Gránugötu og náði nokkuð út í götuna... Þetta hús var alla tíð nefnt Faktorshús ..." Faktorshús stóð beint sunnan við sonefnt Maddömuhús 042, í línu við vestari húsaröð Norðurgötu. Miðað við kort Bjarna Þorsteinssonar af Siglufirði 1888 virðist hæpið að húsið hafi verið sunnan götunnar - það er nær lagi að það hafi verið þar sem Norðurgatan liggur nú og e.t.v. að hluta inni á auðri lóð á horni Gránugötu og Norðurgötu.

Húsið er horfið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 17; SS, 825; BÞ 1888

EY-004:008 *Lækur* bæjarstæði bústaður 66°09.106N 18°54.492V
"Svo er Hvanneyri og í Hvanneyrarlandi voru Hvanneyrarkot og Hvanneyrarkofi [003], Ytrihús [005], Vigfúsarbær [006] - einnig kallaður Búðarbrekka - og niður á eyrinni er getið um Faktorshús [007], Lækinn ..." segir í örnefnaskrá. "Þá var bílið Lækur bigt um 1881 nokkuð suður með Álalæk að vestan, en það nú á horni, vestan Lækjargötu en sunnan Eirargötu telst Eirarg. 19," segir í örnefnaskrá. Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir að Lækur hafi verið lítil torfbær, rifinn 1920. Þar segir einnig: "Trúlega hefur þetta verið lítið bæjarkrili í fyrstu, er síðar hefur verið endurbyggt og stækkað. Þegar bærinn var mældur og metinn 1918 var hann sagður 5,65 metra langur og 3,15 metra breiður. "Hálft húsið innanbyggt, fúíð og gamalt." Hann var metinn þá, ásamt skemmukorni og lóðarréttindum, á 300 krónur. Bærinn mun hafa verið rifinn 1920 og þá byggt þar lítið tímurbús, sem nýlega [1986] hefur verið rífið." Lækur stóð á suðvesturhorni Lækjargötu og Eyrargötu. Þar er nú steypt bílastæði. Engin merki sjást um bæinn eða húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 17; SS, 863-864

EY-004:009 *Sandhóll* bæjarstæði bústaður 66°09.064N 18°54.500V
"Svo er Hvanneyri og í Hvanneyrarlandi voru Hvanneyrarkot og Hvanneyrarkofi [003], Ytrihús [005], Vigfúsarbær [006] - einnig kallaður Búðarbrekka - og niður á eyrinni er getið um Faktorshús [007], Lækinn [008], Sandhól, ..." segir í örnefnaskrá. "Þá bílið Sandhóll bigt um 1882 nokkuð sunnar og austan Álalækjar, nú horfið og þar brauðgjörðarhús (Lækjarg.10) ..." segir í örnefnaskrá. Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala

segir: "Næsta ár, 1882, byggði Oddi Jónsson úr Fljótum torfbæ á miðri eyrinni og nefndi Sandhól. Trúlega hefur það verið einn minnsti bærinn, þótt jafnan væri þar tvíþýli. Hann mældist 1918 4,4x3,15 metrar eða 13,86 ferm. Sandhóll stóð austan Lækjargötu, nálægt því sem nú er Lækjargata 10...Árið 1905 byggði Þorleifur Bessason annan bæ, áfastan við gamla Sandhól, og bjó þar til 1920 með konu sinni, Hólmfríði Jónsdóttur..." Sandhóll var síðasti torfbærinn sem var rifinn á Siglufirði. Hann stóð aftan eða austan við hús sem nú telst Lækjargata 6. Það er næsta hús norðan við Verslunarfélag Siglufjarðar.



Bæjarstæði Sandhóls 009, horft í vestur.

Þar sem bærinn stóð eru tré, býsna há og ekki laust við að smáhæð sé undir þeim

Annars sjást engar leifar af bænum.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 17; SS, 864

EY-004:010 *Lækjarbakki* bæjarstæði bústaður

"Nokkur voru hjábíli reist í landi Hvanneyrar hina síðustu öld og first þeirra bílið Lækjarbakki sést það í manntalsskrá 1813 en hvar það stóð er ekki fullvíst varð sá úti það ár, er þar bjó og hefir það brátt í eiði farið," segir í örnefnaskrá. Ekki getur það verið sami Lækjarbakki og segir frá í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala, sjá 011. Ekki er vitað hvar þessi eldri Lækjarbakki hefur staðið. Líklega er hér um sama hús að ræða og var einnig nefnt Jensbær en um það segir í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala: "Frá sama tíma [og Ísachsþær 062] er einnig annar bæ, sem fyrst er getið í sóknarmannatali 1805 og þá kallaður Jensbær, kenndur við Jens Olsen Viborg beyki. Vafasamt er þó, að hann hafi byggt bæinn. Líklegast er að Benedikt nokkur Magnússon hafi reist hann 1802...Trúlegt er að þetta býli hafi staðið nokkuð vestur af þeim húsum sem fyrir voru. Síðast var það skráð undir nafninu Lækjarbakki, sem gæti bent til nálægðar þess við Álalækinn." Talið er að ekki hafi verið búið í Jensbæ eftir að Benedikt Þorsteinsson, sem þar bjó, lést vorið 1813. Útilokað er að staðsetja bæinn nákvæmlega út frá fyrirliggjandi upplýsingum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvanneyri, 3; SS, 858

EY-004:011 *Lækjarbakki* bæjarstæði bústaður

66°09.110N 18°54.503V

"Svo er Hvanneyri og í Hvanneyrarlandi voru Hvanneyrarkot og Hvanneyrarkofi, Ytrihús, Vigfúsarbær - einnig kallaður Búðarbrekka - og niður á eyrinni er getið um Faktorshús, Lækinn, Sandhól, Lækjarbakka og Naustið - neðst á eyrinni ..." segir í örnefnaskrá. "... þá bílið Lækjarbakki bigt um 1883 ofan Álalækjar og nálægt bílinu Læk ... Eru um hávaðar nokkrir þar bíli þessi stóðu og líklegast að þar hafi hinn firri Lækjarbakki staðið [010], nema var hafi itra þar síðar var bigt bílið Hvanneirbakki því einnig fellur þar lækur niður," segir í örnefnaskrá. Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Árið 1883 byggði Sveinn Magnússon lítinn torfbæ úti á eyrinni, rétt vestur af Læk, og nefndi Lækjarbakka. Vafalaust hefur hann verið bæði lítill og lélegur í upphafi, en var síðar endurbyggður og stækkaður og var orðinn að mestu úr timbri og stein 1918. Litlu síðar var bærinn rifinn og byggt aftur timburhús það, sem enn stendur við Eyrargötu 21."

Þar sem Lækjarbakki stóð er nú tvílyft timburhús með meira en mannhæðarháum, steiptum grunni. Ástand þess er ekki gott. Smágarður er sunnan við húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 17; Ö-Hvanneyri, 3; SS, 865-866

EY-004:012 Sabýsbær bæjarstæði bústaður

66°09.034N 18°54.395V

Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Andreas Christian Sæby beykir byggði lítið timburhús, sem enn stendur við Norðurgötu 7, en ekki er búið þar lengur [1986]. Í fasteignamati 1918 mældist húsið 10 metra langt og 3,8 metra breitt, eða 38 fermetrar, ein hæ með háu risi og kvisti, virt ásamt útihúsum og lóð á kre. 2800,00. Sæby bjó í húsinu alla tíð frá 1886 til dauðadags 1928." "... Sabýsbær, bigður um 1886 af Andresi Kristjáni Saby, dönskum beiki skammt norður frá kaupstaðnum og varir sú byggð enn," segir í örnefnaskrá. Þetta hús er enn til og stendur nú við Norðurgötu 3 og er búið í því. Það hefur verið gert upp og setur skemmtilegan svip á götumyndina, einlyft timburhús með lágu risi og einum stórum kvisti sem snýr fram að Norðurgötu.



Sabýsbær 012, horft í vestur

Hættumat: engin hætta
Heimildir:SS, 866; Ö-Búð, 3

EY-004:013 Tjarnir bæjarstæði bústaður

"Tjarnir voru neðst á eyrinni og nyrzt á eyrinni var Kambur [016], Eyrarland [015] - uppi á hólnum, Kambhóll - skammt frá Kambi ..." segir í örnefnaskrá. Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "...1895, byggði Gunnar Gunnarsson lítinn torfbæ neðarlega á eyrinni og nefndi Tjarnir. Um nákvæma staðsetningu er ekki vitað, enda varð bærinn ekki gamall." Hann var nánar tiltekið rifinn árið 1905. Staðsetning Tjarna er ekki lengur þekkt

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 17-18; SS, 868

EY-004:014 Ærhúshóll örnefni fjárhús

"Á efri hluta þess [túnsins] eru hávaðar þrír með byggðaleifum, ofan vegar er nú liggur um túnið endilangt; nefndist hinn ysti Ærhúshóll, var yst á honum steinn mikill nær hnöttóttur, nefndur Grásteinn [048]..." segir í örnefnaskrá. Enginn þeirra heimamanna sem rætt var við kannaðist við Ærhúshól og má ætla að hann sé með öllu horfinn líkt og Grásteinn 048. Á svæðinu þar sem hóllinn var er nú mikið jarðrask vegna byggingar snjóflóðavarnargarða skammt norðan við nyrstu hús við Hólaveg.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Hvanneyri, 2

EY-004:015 Eyrarland bæjarstæði bústaður

66°09.000N 18°54.733V

"Tjarnir [013] voru neðst á eyrinni og nyrzt á eyrinni var Kambur [016], Eyrarland - uppi á hólnum, Kambhóll - skammt frá Kambi ..." segir í örnefnaskrá. Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Fjórða býlið sem reis af grunni 1898 var Eyrarland...Þetta var torfbær í upphafi og stóð nálægt því sem nú er húsið Lindargata 9....Jón reif torfbæinn 1907 og byggði timburhús í staðinn...Eyrarland mun hafa verið rífið um 1930." Eyrarland hefur skv. þessari lýsingu staðið um miðja veginni milli núverandi kirkju og Búðarhóls 035, heldur þó nær Búðarhól. Á því svæði eru nú a.m.k. tvær auðar lóðir austan Lindargötu.

Eyrarland er löngu horfið. Í örnefnalýsingu Búðar segir: "Töldu Hvanneyrarprestar nú þangað ná land sitt og átti nafn þessa býlis að styðja rétt þeirra og sanna það."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 17-18; SS, 870; Ö-Búð, 2

EY-004:016 Kambhóll/Kambur bæjarstæði bústaður

66°09.207N 18°54.202V

"Yzt á eyrinni, upp af Hvanneyrarriði, voru bæirnir Kambur og Kambhóll, en sjór braut þá niður og gryningarnar urðu töluvert miklar og brot þarna neðan á Eyrinni," segir í örnefnaskrá. "Loks voru tvö bíli reist ist á Grandanum, þar fjárhús voru og tún nokkuð, bílið Kambur 1897 og bílið Kambhóll 1898, lítið vestar, en allt er það land nú af sjó brotið þar bigðir þessar voru og túnið, var bílið Kambur þá sunnar reist, en

svo rífið og þar bigð olústöð BP," segir í örnefnaskrá. Í ritinu frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Ásgrímur Þorsteinsson byggði torfbæ á sjávarkambi yst og neðst á eyrinni 1897, og nefndi Kamb. Séra Bjarni segir í Aldarminningu, að bæinn hafi tekið af í stóbrimi 1912. Vel má það rétt vera, en grunur leikur þó á að það hafi gerst nokkru fyrr...Rétt hjá Kambi var byggður annar torfbær 1898. Hann reisti Bessi Þorleifsson skipstjóri og bjó þar til 1908...Bærinn var nefndur Kambhóll." Höfundur bókarinnar telur að Kambhól hafi tekið af í stórflóði 1912 en að Kambur hafi horfið fyrr, jafnvel 1907. Kambur sést á korti Bjarna Þorsteinssonar af Siglufirði árið 1918, þá væntanlega yngri Kambur sem var endurreistur á nýjum stað. Á eldra korti, frá 1868, voru fjárhús á sama stað en þau virðast hafa verið aflögð árið 1888, en einnig er til kort frá því ári. Í örnefnalýsingu Hvanneyrar er getið um fjárhús sem nefndust Grandahús og virðist lýsingin á þeim koma heim og saman við þessi fjárhús, en nú virðist örnefnið glatað og gleymt á Siglufirði. Í lýsingunni segir: "Þá nefnist undirlendið allt út frá túni Hvanneyrarströnd en bakkarnir neðan þess og túnsins, út frá á, Hvanneyrarbakkar, einnig víkin niður frá bæ Hvanneyrarkrókur, og malarkambur breiður sunnan hennar Hvanneyrarmöl. Náði kambur sá umhverfis láglandið norðan og austan; en innan hans hefir norðurhluti þess aðeins verið lón mikil (tvö) og forir, utan sandrif fornt er suðvestur lá frá norðausturhorni, nefnt Grandi. Voru yst á honum lengi fjárhús frá Hvanneyri, nefnd Grandahús, og túnblettur, Grandatún." Síðasti Kambsbærinn stóð allra nyrst og austast á núverandi gámasvæði Siglufirðinga en væntanlega hafa upphaflegi Kambur, Kambshóll og fjárhúsið verið norðar þar sem sjór hefur brotið af.

Á gámasvæði þar sem landi hefur öllu verið umbylt. Húsið var rífið fyrir mörgum árum og sjást nú alls engin merki um byggð á svæðinu. Svæðið þar sem gamli Kambur og Kambhóll stóðu er farið í sjó en síðan hefur dálítið verið fyllt upp norðan á eyrinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 17-18, 24; Ö-Hvanneyri, 2; SS, 869-70; BP 1868, 1888 og 1918

EY-004:017 *Lindarbrekka* bæjarstaði bústaður 66°09.060N 18°54.688V

"Tjarnir [013] voru neðst á eyrinni og nyrzt á eyrinni var Kambur [016], Eyrarland [015] - uppi á hólnum, Kambhóll [sjá 016] - skammt frá Kambi, Lindarbrekka og Grund [018] ..." segir í örnefnaskrá. Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Guðrún Einarsdóttir ekkja frá Staðarhóli flutti yfir í kaupúnið 1900 og byggði þar lítinn torfbæ, sem hún nefndi Lindarbrekku. Hún bjó þar til 1910, en seldi þá Páli Jónssyni, sem ætíð síðan var kenndur við Lindarbrekku. Hann reif torfbæinn nærri strax og byggði aftur timburhús sem enn stendur [1986], að vísu nokkuð stækkað frá fyrstu gerð." Bærinn Lindarbrekka stóð hér um bil þar sem nú eru kirkjutröppur austan við núverandi kirkju Siglufirðinga. Tröppurnar liggja niður upphækkun sem kirkjan er reist á en framan við er gata. Lindarbrekka er löngu horfin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 17-18; SS, 871

EY-004:018 *Grund* bæjarstaði bústaður 66°09.078N 18°54.404V

"Tjarnir [013] voru neðst á eyrinni og nyrzt á eyrinni var Kambur [016], Eyrarland [015] - uppi á hólnum, Kambhóll [sjá 016] - skammt frá Kambi, Lindarbrekka [017] og Grund ..." segir í örnefnaskrá. Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Þriðji bærinn, sem byggður var 1900, var torfbær sem Jakob Jakobsson byggði á eyrinni og nefndur Grund...Bærinn stóð þar sem nú er Grundargata 14...Sigríður [Baldvinsdóttir] lét rífa torfbæinn, líklega 1917, og byggja aftur steinhús, eina hæð með lágu risi, um 50 fermetra að flatarmáli." Steinsteypa húsið Grund stendur enn við Grundargötu 14 og dregur gatan nafn sitt af bænum.

Það er steinhús á einni hæð og garður við það austanvert.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Grund 018, horft í norðaustur

Heimildir: Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 17-18; SS, 872

EY-004:019 *Fåborg* bæjarstæði bústaður

"Tjarnir [013] voru neðst á eyrinni og nyrzt á eyrinni var Kambur [016], Eyrarland [015] - uppi á hólnum, Kambhóll [sjá 016] - skammt frá Kambi, Lindarbrekka [017] og Grund [018], Fåborg, nefnt eftir skipi, sem strandaði þarna, og nafnfjölin var negld yfir bæjardyrnar," segir í örnefnaskrá. Nú veit enginn hvar Fåborg stóð. Húsið er ekki merkt inn á neitt þeirra korta sem Bjarni Þorsteinsson gerði af Siglufirði: 1868, 1888 eða 1918.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 17-18

EY-004:020 *Baldur* heimild

"Baldur hét hús neðst á eyrinni," segir í örnefnaskrá. Baldur var norðan við söltunarstöðina en norðan við Baldur var svonefnt Sóðasund. Þetta er norðan við núverandi hús Shell.

Húsið er horfið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 17-18

EY-004:021 heimild um kirkju

66°09.046N 18°54.355V

Sr. Bjarni Þorsteinsson lét reisa kirkju niðri á Eyrinni árið 1890. Hún stóð sunnan við núverandi skólahús, austan við Norðurgötu. Þar er nú leikvöllur, að hluta steiptur og að hluta lagður mól.

Kirkjan er löngu horfin. Hún var aflögð árið 1932.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 23

EY-004:022 heimild um lendingu

66°08.954N 18°54.569V

Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: "Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, og mega gánga so mörg skip sem staðarhaldarinn getið við komið." Talið er að aðallending og höfn hafi jafnan verið í krikanum sunnan þess þar sem Eyrin mætir landi - þar varð einmitt fyrsta þéttbýlismyndun á Siglufirði.

Þar er nú smábátahöfn Siglufirðinga og mun töluverð uppfylling hafa bæst við eyrina - áður gekk sjór mun lengra til norðurs og vesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 4

EY-004:023 *Jerúsalem* heimild

"Á efri hluta þess [túnsins] eru hávaðar þrír með byggðaleifum, ofan vegar er nú liggur um túnið endilangt; nefndist hinn ysti Ærhúshóll [014], var yst á honum steinn mikill nær hnöttóttur, nefndur Grásteinn [048]; var hann álfabýli talinn og stóð af honum mikill geigur. Nokkuð sunnar og ofar er næsti bali og byggðaleifar, nefndist þar Paradís [027], og suður og upp þaðan hinn þriðji með tóftum, nefndist þar Jerúsalem," segir í örnefnaskrá. Nú er ekki vitað hvar Jerúsalem var en líklegast að hóllinn hafi farið undir byggð við Hólaveg eða Fossveg. Ekki er vitað hvort þar var skepnuhús eða mannabústaður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvanneyri, 2

EY-004:024 heimild um túngarð

"Bæjarstæði er hér gott, á melhöfða einum niður frá hlíð fjallsins. Hefir tún verið allstórt, en fremur óslétt. Sjást nú litlar leifar fornra garða utan og ofan þess er mjög hafa varið það vatnságangi er síðar hefir spillt því. Sunnan þess voru tveir fornir garðar og hinn yngri sunnan allstórrar flæðigrundar sem fyrst hefir verið sunnan túns. Má helst ætla að það sé Hvanneyri sú er nafnið er af komið eða túnið allt sunnan bæjar," segir í örnefnalýsingu. Nú veit enginn nákvæmlega hvar garðarnir hafa verið og þeirra sjást engin merki lengur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvanneyri, 1

EY-004:025 *Álfkonusteinn* þjóðsaga huldufólksbústaður

66°10.173N 18°54.153V

Álfkonusteinn er norðan Selgils (sjá Ey-005:001), og er þekktur huldufólksbústaður. Um hann eru skráðar þjóðsögur. Heitir önnur "Sveinn í Engidal" og gerðist um miðja 19. öld en hina skráði Hannes Baldvinsson og gerðust þeir atburðir um 1930. Síðast lét álfkonan í steininum á sér kræla fyrir um 30 árum. Í ritinu Á sprekamó er samantekt um þessar sagnir, rituð af Arnheiði Jónsdóttur. Steinninn er auðfundinn, um 150 m NNV af rústunum við Selgil og blasir hann við frá þjóðveginum þegar ekið er til norðurs frá Siglufirði.

Hann er í gróinni, brattri brekku. Áberandi og tilkomumikill klettur með sléttri áferð, trapisulaga og nokkuð flatur að ofan. Hann er líklega rúmar tvær mannhæðir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Á sprekamó, 35-38

EY-004:026 heimild um þingstað

"Hér var þingstaður á 18. og 19. öld fluttur frá Siglunesi ...," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar þinghús stóð í Hvanneyrarlandi eða hvort það var yfir höfuð sérstakt hús byggt yfir þinghald.

Heimildir:Ö-Hvanneyri, 1



*Rauða örin bendir á
Álfkonustein 025, horft í norðvestur*

EY-004:027 *Paradís* heimild

"Á efri hluta þess [túnsins] eru

hávaðar þrír með byggðaleifum, ofan vegar er nú liggur um túnið endilangt; nefndist hinn ysti Ærhúshóll [014], var yst á honum steinn mikill nær hnöttóttur, nefndur Grásteinn [048]; var hann álfabýli talinn og stóð af honum mikill geigur. Nokkuð sunnar og ofar er næsti bali og byggðaleifar, nefndist þar Paradís, ..." segir í örnefnaskrá. Nú er ekki vitað hvar Paradís var en líklegast að hóllinn hafi farið undir byggð við Hólaveg eða Fossveg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Hvanneyri, 2

EY-004:028

66°08.981N 18°54.478V

Samkvæmt kortum Bjarna Þorsteinssonar frá 1868 og 1888 voru gamla og nýja verslunarhúsið á Siglufirði sunnan við Maddömuhús 042 og Faktorshús 007 en fast suðaustan við Ytrahús 005. Í ritinu frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Snorri reisti einnig nýtt verslunarhús, sem tekið var í notkun 1882. Það stóð rétt vestan við Faktorshúsið, aðeins mjótt sund á milli. Þetta hús var verslunarbúð og aðalmiðstöð Gránufélagsins til 1908..." Þar eru nú ýmis verksmiðjuhús sunnan Gránugötu en austan tjaldstæðis.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:BP 1868; BP 1888; SS, 825

EY-004:029 *Jeríkó* heimild um hesthús

66°09.426N 18°54.711V

"Jeríkó nefndist þar ofan túnsins, þar hesthús var og kvíaból [034] er, þar nú bíli Karls Dúasonar..." segir í örnefnaskrá. Jeríkó var norðan við Hvanneyrará, gegnt rafstöðinni sem byggð var 1936 og enn stendur. Þetta er um 170 m norðvestur af bæjarhól 001. Þar sem Jeríkó var er nú geysilegt jarðrask vegna byggingar snjóflóðavarnargarða. Býli Karls Dúasonar mun einmitt hafa tekið af í snjóflóði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Hvanneyri, 2

EY-004:030 *Salthúsið*

66°08.917N 18°54.155V

Á korti Bjarna Þorsteinssonar af Siglufirði 1888 sést hús, nefnt Salthús, stóð syðst og austast á Eyrinni, upp af bryggju sem þar hefur verið. Þar er nú athafnasvæði Þormóðs ramma.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:BP 1888

EY-004:031 *Bræðsluhúsin*

66°08.918N 18°54.224V

Á korti Bjarna Þorsteinssonar af Siglufirði 1888 sjást svonefnd Bræðsluhús beint upp eða vestur af Salthúsi 030. Þar er nú athafnasvæði Þormóðs ramma.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:BP 1888

EY-004:032 *Síldarhúsin*

66°08.935N 18°54.191V

Á korti Bjarna Þorsteinssonar af Siglufirði 1888 sjást "Síldarhúsin" austast á Eyrinni sunnarlega, norður af Salthúsi 030. Þetta mun sama hús og segir frá í Frá Hvanndölum til Úlfsdala: "Verslunarhúsið var byggt rétt

í fjöruborði, sunnan Gránugötu. Húsið stendur enn að formi til. Það var lengi notað sem geymsluhús síldar kaupmanna, en síðar var efri hæð þess breytt í sumaríbúð síldarkvenna, og þá nefnt "Haflíðabrakki". Þar er nú gamalt, járnklætt timburhús í algerri niðurníðslu. Það er tvílyft, snýr frá norðri til suðurs og er um 20 x 7 m stórt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:BP 1888; SS, 825

EY-004:033

66°09.029N 18°54.584V

Á korti Bjarna Þorsteinssonar af Siglufirði 1888 eru sýnd tvö samhlíða hús austan Álalækjar en vestan verslunarhúsa 028. Þau eru ónafngreind. Húsin gætu hafa staðið þar sem ráðhús Siglufirðinga er nú eða hugsanlega lítilla vestar. Vestan við ráðhúsið er torg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:BP 1888

EY-004:034 heimild um kvíar

"Jeríkó nefndist þar ofan búsins, þar hesthús [039] var og kvíaból er, þar nú bíli Karls Dúasonar [029]," segir í örnefnaskrá. Ekki er nú vitað hvar kvíabólið var né heldur hvort það tilheyrði Hvanneyri eða öðru býli. Þá er ekki ljóst hvort býli Karls Dúasonar var byggt ofan í eldri mannvirki, þ.e. kvíaból/hesthús.

Svæðinu hefur öllu verið raskað mikið vegna byggingar snjóflóðavarnargarða.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Hvanneyri, 2

EY-004:035 *Búðarhóll* heimild um býli

66°08.973N 18°54.763V

Býlið Búðarhóll stóð upp af lendingunni og höfninni 022, tæpa 800 m suður af Hvanneyri 001 og um 550 m norður af Höfn Ey-006:001. Það sést á kortum Bjarna Þorsteinssonar frá 1868, 1888 og 1918. Helgi Guðmundsson gat sér þess til í örnefnalýsingu að þarna hefði upphaflega staðið býli sem hefði borið nafnið Búð. Þótt kenningar hans beri að taka með fyrirvara er rétt að geta þess helsta: "Hér hefir og byggðarstæði best og fegurst verið við fjörð þennan. Hafa hús öll verið á melhjalla einum breiðum og bærinn á suðurenda hans er hæst ber. Hefir tún hér verið allmikið, þurrleint og slétt að mestu, en niður frá því víkin, djúpur ós og suðurströnd eyrarinnar, þar uppsátur hefir verið og síðar hin fyrstu verslunarhús...Upp frá bæjarstæðinu hefir þó nokkur hluti hins forna túns haldist óskemmdur til síðustu ára og enn sér efsta jaðar þess á kafla og þar mikinn og mjög fornan túngarð, sem einn er nú vottur þess að hér hafi bær verið á fyrri öldum, auk hins sjálfkjörna byggðarstæðis....Hæð sú, innst á hjallanum, þar staðið hefir bærinn, nefnist enn Búðarhóll. Sunnan og austan í melnum er brekka mikil, nú albyggð, en var grösug og fögur, nefnd Búðarbrekka, en suður frá melnum dældarhvolf mikið, Búðarlaut. Þá nefnast bakkarnir að neðan frá ytri merkjunum fornu og inn um lautina Búðarbakkar eins og Hafnarbakkar þar inn frá. Uppspretta er kemur fram úr þeim Búðarlind en Búðarlækur féll áður þvert yfir hjallann, utan bæjar. Ofan hjallans eru og melhöfðar nokkrir um rætur hlíðarinnar er nefnast Búðarhólar." Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Árið 1866 hefur trúlega þótt mikið byggingarár. Þá voru byggðir tveir torfbærir og eitt timburhús, svo það ár tvöfaldaðist tala byggðra bóla á Siglufirði. Timburhúsið byggði Bessi Þorleifsson skipstjóri og nefndi Búðarhól...Nánar tiltekið stóð Búðarhóll þar sem nú er húsið Lindargata 16. Ekki var þetta stór höll, aðeins 7,5 metrar á lengd og 4,4 á breidd, eða 33 fermetrar, samkvæmt mælingum í fasteignamati 1918. Samt var þarna starfrækt veitingasala mörg ár, líklega til 1881. Þar voru haldin mörg stór gleðmót, brúðkaupsveislur og þ h....Um það leyti [ca. 1880] keypti Hvanneyrarhreppur Búðarhól, og þar var fyrsti barnaskóli í hreppnum...Búðarhóll skipti um nafn eftir að skólahald hófst þar og var þá nefnt Skólahús...það var rífið 1924.. nokkuð af efnivið úr því var notað aftur í hús, sem byggt var á horni Túngötu og Eyrargötu. Það brann nokkru síðar..." Síðustu hús á Búðarhóli stóðu þar sem Lindargata liggur hæst, en hún fer yfir töluverða bingu um miðbikið, nálægt húsi nr. 16. Annað þeirra var gamla skólahúsið á Siglufirði. Malbikuð gata. Þrátt fyrir malbik og þetta byggð við götuna er ekki um að villast að töluverður höll hefur verið þar sem Búð/Búðarhóll stóð. Mikill halli er þaðan til austurs, að sjónum. Sé eitthvað hæft í getgátum Helga Guðmundssonar er ekki útilokað að mannvistarleifar leynist enn í hólum. Engin merki sjást hinsvegar um túngarðinn sem hann lýsir, enda þétt byggð allt um kring.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Búð, 1-2; SS, 861-862

EY-004:036 *Hvanneyrarbakki* bæjarstæði bústaður

66°09.522N 18°54.270V

"Þá býlið Hvanneyrarbakki, byggt um 1866 yst í jaðri Hvanneyrartúns við sjó niður, var síðar flutt skammt utar og ofar og stendur þar enn; en í stað þess neðra var byggð síldarstöðin Bakki," segir í örnefnaskrá. Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Sama árið [1866] og Bessi byggði Búðarhól [035] var byggður torfbær all langt utan við Hvanneyri. ...Þessi bær stóð í brekkunni sunnan og neðan við hús Guðmundar

Bjarnasonar, en það hús er nú kallað Bakki, auk þess sem allt hverfið utan Hvanneyrarár er kallað í Bakka...Þau bjuggu þarna til 1916, en þá var bærinn rifinn og jafnaður við jörðu." Hvanneyrarbakki yngri stóð neðan eða austan Hvanneyrabrautar, austur og niður af húsi sem nú er merkt nr. 69.

Grasi gróinn bakki, hús eru bæði norðan og sunnan við. Enn mótar fyrir grunnni undan húsinu, hann er um 10 x 6 m stór frá norðri til suðurs. Neðar, við sjávarborðið, sjást enn steypuleifar, eflaust frá síldarstöðinni, gætu verið bryggjuleifar. Á kortum Bjarna Þorsteinssonar af Siglufirði sést greinilega hvernig bæjarstæðið hefur verið flutt til. 1868 og 1888 er Bakki alveg fremst á sjávarbakka en 1918 er síldarstöðin komin til sögunnar og bærinn fluttur upp fyrir hana. Ekki sjást nú merki um eldra bæjarstæðið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Hvanneyri, 3; SS, 863; BÞ 1868, 1888 og 1918

EY-004:037 *Naust* bæjarstæði bústaður 66°08.983N 18°54.144V

"Svo er Hvanneyri og í Hvanneyrarlandi voru Hvanneyrarkot og Hvanneyrarkofi, Ytrihús, Vigfúsarbær - einnig kallaður Búðarbrékka - og niður á eyrinni er getið um Faktorshús, Lækinn, Sandhól, Lækjarbakka og Naustið - neðst á eyrinni ..." segir í örnefnaskrá. Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Árið 1887 var byggt lítið hús úr timbri neðarlega á eyrinni. Ekki hefur fundist heimild um hver byggði það, en ekki er ósennilegt að það hafi verið á vegum Gránufélagsins. Séra Bjarni segir í Aldarminningu, að ætlast hafi verið til að þar gætu fengið gistingu aðvífandi sjómenn, sem þyrftu að vera nætursakir, en auk þess gæti búið þar ein fjölskylda...Eftir 1897 var ekki búið þar, en það var litlu síðar flutt suður að salthúsi Gránufélagsins, og þar brann það skömmu eftir aldamótin." Naustið sést á korti Bjarna Þorsteinssonar af Siglufirði 1888, næsta hús norðan við Síldarhúsin 032. Það hefur verið hér um bil við austurenda húss sem er norðan Olísstöðvar og er merkt "Norðurfrakt". Allþétt byggð er allt um kring. Húsið hefur aðeins staðið um nokkurra ára skeið og sjást nú engar leifar af því.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 17; SS, 866-867; BÞ 1888

EY-004:038 *Eyri* bæjarstæði bústaður 66°09.076N 18°54.281V

"Þá var bílið Eiri, bigt 1884 ist á aðaleirinni stendur það nú í itri húsaröð Eirargötu ..." segir í örnefnaskrá. Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir að býlið hafi byggst 1881, þar var torfbær rifinn 1914 en þá byggt timburhús sem enn stendur. Gamli Eyrarbærinn stóð austarlega við Eyrargötu norðanverða, fast austan við gamalt timburhús sem nú er merkt sem Eyrargata 4. Auð lóð sem virðist notuð sem bílastæði. Engar leifar sjást af húsinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Hvanneyri; SS: Frá Hvanndölum til Úlfsdala, 864

EY-004:039 heimild um hesthús

"Jeríkó nefndist þar ofan búsins, þar hesthús var og kvíaból er [034], þar nú bíli Karls Dúasonar [029]," segir í örnefnaskrá. Ekki er nú vitað hvar hesthúsið var né heldur hvort það tilheyrði Hvanneyri eða öðru býli. Þá er ekki ljóst hvort býli Karls Dúasonar var byggt ofan í eldri mannvirki, þ.e. kvíaból/hesthús.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Hvanneyri, 2

EY-004:040 *Englendingabúðir* 66°09.053N 18°54.719V

Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Á Siglufirði voru tvö örnefni sem benda til langdvalar enskra þar. Englendingahóll nyrst á hólnum ofan Þormóðseyrar, og þar í nánd allmiklar rústaleifar, sem nefndar voru Englendingabúðir. Nú eru þessi örnefni horfin fyrir löngu og þar komnar götur og byggingar. Að kunnugra sögn, voru Englendingabúðir nálægt því sem kirkjan er nú, eða litlu sunnar, og Englendingahóll þar sunnan við. Ekki er vitað hvort einhver mannvirki hafa verið á Englendingahóli...Sú tilgáta hefur verið sett fram, að þessi örnefni, Englendingabúðir og Englendingahóll, eigi rætur að rekja til þess að á Siglufjörð hafi komið ensk verslunarskip, sem ekki hafi getað losnað við vörur sínar samsumars. Hafi þær því verið geymdar til næsta árs og hlað hlaðið yfir þær byrgi þarna uppfrá. Tvennt gerir þessa tilgátu afar ósennilega. Nafnið er ekki Englendinga -búð, heldur -búðir, enda voru þarna uppi á hólunum sýnileg merki um fleiri en eitt hús - þrjú eða fleiri, og eitt þeirra mjög stórt. Þarna hefur því verið tjaldað til meira en einnar nætur. Í annan stað er ekki trúlegt að vöruleifar hafi verið bornar upp á brekku, ef aðeins hefur verið hugsað til geymslu vetrarlangt." Helgi Guðmundsson segir í örnefnaskrá sinni: "...er sagt að enskir hafi átt þar bústaði nokkra þá mest var um þá hér á 15. og 16. öld; nefndust það Englendingabúðir. Eru þar nú hús nokkur sem víðar um þetta svæði, en sjá má þó að þar eru moldarbingir gamlir." Talið er að Englendingabúðir hafi verið lítilliga sunnan við núverandi kirkju en austan við kirkjugarðinn. Að öðru leyti er fátt um þær vitað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SS, 794-795; Ö-Búð, 2

EY-004:041 *Hafnarbúð* heimild um 66°08.987N 18°54.122V

Samkvæmt kortum Bjarna Þorsteinssonar frá 1868 stóðu Hafnarbúð, Hafnarhjallur, Dalabúð og Arngrímshjallur (055-057) allra fremst, þ.e. austast á Eyrinni. Á þessum stað er nú mikið iðnaðarsvæði og erfitt að staðsetja byggingarnar með nokkurri vissu. Hafnarbúð var þó nyrst húsanna, austast á miðri Eyrinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:BP 1868

EY-004:042 *Madömuhús* hús bústaður



Madömuhús 042, horft í vestur

66°09.007N 18°54.423V

Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir frá Madömuhúsi eða Maddömuhúsi. Hafist var handa við byggingu þess 1882 en flutt inn 1883. "Framan af var húsið kallað Madömuhús, en síðar Hafliðahús. Báðum þessum nöfnum bregður fyrir enn í dag, en opinberlega heitir það aðeins Norðurgata 1. Þetta er timburhús, sem áður segir, en steipt í binding, eins og það var nefnt, portbyggt með kvisti í gegn. Kjallari undir hálfu húsinu, hlaðinn og steinlímur. Grunnflötur er milli 70 og 80 fermetrar." Maddömuhús stendur enn við Norðurgötu 1. Húsið er glæsilegt, einlyft timburhús með kvisti. Það hefur nýlega verið uppgert og stendur til að þjóðlagasetur verði þar til húsa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SS, 865

EY-004:043 *Niðursuðuhús* heimild um 66°08.961N 18°54.526V

Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Sem kunnugt er setti Snorri Pálsson upp niðursuðuverksmiðju 1878. Yfir þá starfsemi var byggt hús, sennilega úr timbri. Það stóð sunnan Gránugötu, ef til vill nokkuð út í götuna, eins og hún er í dag, suður af ráðhúsi Siglufjarðar austanverðu. Þegar verksmiðjan hætti starfsemi sinni keypti Hafliði Guðmundsson húsið og breytti því í íbúðarhús...Kristín Antonsdóttir ekkja frá Skarðdal keypti húsið 1901 og setti þar upp brauðgerð, fyrsta bakarí á Siglufirði. Hún seldi það aftur Sigurði Sveinssyni bakara 1904, en húsið brann til kaldra kola á næsta ári." Niðursuðurhús og Syðra-Pakkhús [060] sjást bæði á korti Bjarna Þorsteinssonar frá 1888. Þau hafa verið fast sunnan við núverandi höfn en austan tjaldstæðis, pakkhúsið nær sjó en niðursuðuhúsið fast norðvestan við það.

Grasblettur í órækt er beint norður af bryggjunni en hús allt um kring, aðallega verksmiðju- og iðnaðarhúsnæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SS, 866; BP, 1888

EY-004:044 bæjarstæði bústaður

66°09.065N 18°54.425V

"Þegar séra Skafti Jónsson tók Hvanneyri til ábúðar 1881, fór hann fljótt að berjast í því að fá að byggja þar nýtt íbúðarhús. Eitthvað gekk það stírt að fá leyfi og fjármagn til byggingar....Loks tókst þó að byggja lítið timburhús á Hvanneyri, líklega 1886," segir í Frá Hvanndölum til Úlfsdala. Hús þetta var flutt niður á eyri haustið 1894 og stóð við Grundargötu 5. Ekki er ljóst hvort það var upphaflega staðsett á sjálfum bæjarhólnum 001 eða þar í nánd. Það mun nú horfið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SS, 868

EY-004:045 *Miðbær* bæjarstæði bústaður

Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Fimmta húsið, sem byggt var 1898, var torfbær sem Skarphéðinn Jónsson byggði á hólunum ofan við Eyrina. Skarphéðinn og kona hans, Guðlaug Guðmundsdóttir, bjuggu í bænum, líklega til 1910, en þá var hann rifinn og byggt aftur timburhús. Það stendur enn neðan við kirkjugarðinn...Hús þetta var lengi nefnt Miðbær." Staðsetning gamla torfbæjarins er ekki lengur ljós en

líkast til hefur hann staðið upp af eyrinni vestanverðri, á svæðinu austan eða norðaustan við núverandi kirkju á Siglufirði.

Heimildir:SS, 870-871

EY-004:046 *Hannesarhús* bæjarstæði bústaður 66°09.027N 18°54.464V
Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Eitt hús var reist 1899, svonefnt Hannesarhús. Hannes Hannesson skósmiður byggði það og bjó í því þar til ann andaðist 1905...Síðar var þetta hús rífið og verslunarhúsið "Aðalbúðin" byggt á lóðinni. Hluti hússins stóð þó allengi eða þar til hús Aðalbúðarinnar var lengt til norðurs." Hús þetta hefur staðið nálægt norðvesturhorni Grundargötu og Aðalgötu, skáhallt á móti Ytrahúsi 005. Húsið er horfið og þar stendur nú Aðalbúðin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SS, 871

EY-004:047 *Ólafsbær* bæjarstæði bústaður
Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Fjórði bærinn á þessu sama ári [1900] var nefndur Ólafsbær. Ekki hefur tekist að staðsetja hann nákvæmlega, en trúlegt er að hann hafi verið skammt frá Grund [018] til austurs, eða lítið eitt norðar. Ólafur Jónsson byggði þennan bæ, en bjó þar aðeins til 1903, fór þá til Ameríku." Bærinn mun hafa verið rífinn árið 1919. Nú er ekki vitað hvar Ólafsbær stóð. Hann gæti hafa verið nálægt því sem nú er Eyrargata 9 eða á svæðinu milli Grundargötu 14 og Norðurgötu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SS, 872

EY-004:048 *Grásteinn* heimild um huldufólksbústað
"Á efri hluta þess [túnsins] eru hávaðar þrír með byggðaleifum, ofan vegar er nú liggur um túnið endilangt; nefndist hinn ysti Ærhúshóll [014], var yst á honum steinn mikill nær hnöttóttur, nefndur Grásteinn; var hann álfabyli talinn og stóð af honum mikill geigur," segir í örnefnaskrá. Grásteinn er löngu horfinn er þó er vitað hér um bil hvar hann var. Þar er nú mikið jarðrask vegna byggingar snjóflóðavarnargarða skammt norðan við nyrstu hús við Hólaveg. Áður mun hafa verið grjótmulningsvél í fjallinu og er líklegt að Grásteinn hafi lent í henni.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Hvanneyri, 2

EY-004:049 *Gerði* örnefni 66°09.426N 18°54.386V
"Norðan árinna [Hvanneyrarár] nefndist neðri hluti túnsins Gerði, eru þar tvennar fornar tóftir," segir í örnefnaskrá. Enginn þeirra sem rétt var við kannaðist við örnefnið Gerði. Af lýsingunni að dæma gætu þau hafa verið í námunda við sundlaugina eða vestar, þar sem nú liggur Fossvegur.

Svæðið er allt löngu komið undir byggingar.

Þess má geta að á korti Bjarna Þorsteinssonar frá 1868 er sýnt eitthvert mannvirki einmitt á þessum stað, þ.e. h.u.b. þar sem sundlaugin er nú, greinilega ekki hús en gæti verið tóft eða e.t.v. kálgarður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Hvanneyri, 2; BÞ 1868

EY-004:050 *Redzlewshús* heimild um bústað 66°09.029N 18°54.469V
"Hús sitt reisti Redzlew [fyrsti kaupmaður á Siglufirði] þar sem nú eru gatnamót Aðalgötu og Grundargötu," segir í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala. Þetta var tilhöggvið timburhús frá Noregi, reist 1788. Ennfremur segir: "Um Redzlewshúsið er það að segja, að það var í fyrstu notað sem íbúð fyrir starfsfólk verslunarinnar og vinnufólk factors. Þar mun séra Ólafur Thorberg hafa búið sitt fyrsta búskaparar á Hvanneyri, meðan hann var að byggja staðinn upp. Þessu húsi mun ekki hafa verið haldið við sem skyldi, og það mun ekki hafa verið talið íbúðarhæft eftir miðja öldina. Þar hírðist þó einsetukerling uppi í risi. Hún hét Sigríður Jónsdóttir, oftast nefnd Sigga kópa. Þarna andaðist hún 6. mars 1872. Skömmu síðar var húsið rífið að mestu, en þó látinn standa lítill hluti, sem dyttað var að og hann látinn standa enn um árabíl. Þar bjó önnur einsetukona, Elínborg Björnsdóttir, og kofinn nefndur eftir henni og kallaður "Borgukofi". Þarna hírðist Borga gamla lengi og þarna andaðist hún 8. febrúar 1893. Þar eftir voru þessar síðustu leifar Redzlewshúss jafnaðar við jörðu."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SS, 802 og 826

EY-004:051 heimild um bústað
"Fimmta húsið, sem byggt var 1900, var timburhús, er Ágúst Þorsteinsson bókhaldari byggði í brekkunni þar sem nú er Suðurgata 12. Húsið var sagt ein hæð með porti og háu risi á hlöðnum kjallara, nálægt 34 fermetrum...," segir í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SS, 872

EY-004:052 *Kyhshús* heimild um bústað 66°09.011N 18°54.488V
"Hús sitt reisti Kyhn [kaupmaður á Siglufirði] nokkru sunnar en hús Redzlews [050] stóð, eða nálægt því sem nú er austurendi ráðhúss Siglufjarðar, trúlega aðeins norðan við núverandi húsalínu. Þetta hús var bæði verslunarbúð og íbúð verslunarstjóra, nokkuð stærra og veglegra en Redzlewshús. Þarna rétt hjá var einnig reist beykisbúð og pakkhús," segir í ritinu frá Hvanndölum til Úlfsdala. Kyhshús er löngu horfið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SS, 815

EY-004:053 *Brekkubær* heimild um bústað 66°08.989N 18°54.770V
"Páll Kröyer Jóhannsson byggði timburhús rétt norðan við Búðarhól [035] 1893. Það var í upphafi skírt Brekkubær, en nafnið festist aldrei við það, heldur var það jafnan kallað Búðarhóll, en gamli Búðarhóll var þá búinn að fá Skólahússnafnið....það var fært af grunni [1924] og flutt upp að kirkjugarði, þar sem það stendur enn og búið er í því. Í fasteignamati 1918 mældist húsið 7,5x4,4 metrar, eða 33 fermetrar," segir í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala. Ekki fengust nákvæmar upplýsingar um upphaflega staðsetningu annað en að húsið stóð skammt norðan Búðarhóls 035 en líklega sunnar en Eyrarland 015.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SS, 867

EY-004:054 *Húsabak* heimild um býli 66°08.973N 18°54.798V
Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Rétt vestan við Búðarhól [035] var byggður torfbær 1898. Eigendur hans voru Jón Jónsson og sambýliskona hans, Hansína Jónsdóttir. Bæ sinn kölluðu þau Húsabak." Þakið fauk af bænnum í norðaustan roki árið 1926. Litlu er við þetta að bæta og fátt annað vitað um staðsetninguna en að bærinn stóð skammt vestan Búðarhóls. Þar eru nú íbúðarhús um allt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SS, 870

EY-004:055 *Hafnarhjallur* heimild um hjall
Samkvæmt kortum Bjarna Þorsteinssonar frá 1868 stóðu Hafnarbúð 041, Hafnarhjallur, Dalabúð 057 og Arngrímshjallur 056 allra fremst, þ.e. austast á Eyrinni. Á þessum stað er nú iðnaðarsvæði og vonlaust að staðsetja byggingarnar með nokkurri vissu. Hafnarhjallur var fast sunnan við Hafnarbúð 041.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:BP 1868

EY-004:056 *Arngrímshjallur* heimild um hjall
Samkvæmt kortum Bjarna Þorsteinssonar frá 1868 stóðu Hafnarbúð 041, Hafnarhjallur 055, Dalabúð 057 og Arngrímshjallur allra fremst, þ.e. austast á Eyrinni. Á þessum stað er nú iðnaðarsvæði og vonlaust að staðsetja byggingarnar með nokkurri vissu. Arngrímshjallur var fast suðvestan við Hafnarhjall 055.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:BP 1868

EY-004:057 *Dalabúð* heimild
Samkvæmt kortum Bjarna Þorsteinssonar frá 1868 stóðu Hafnarbúð 041, Hafnarhjallur 055, Dalabúð og Arngrímshjallur 056 allra fremst, þ.e. austast á Eyrinni. Á þessum stað er nú iðnaðarsvæði og vonlaust að staðsetja byggingarnar með nokkurri vissu. Dalabúð var fast suðaustan við Arngrímshjall 056.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:BP 1868

EY-004:058 heimild
Samkvæmt kortum Bjarna Þorsteinssonar frá 1868 stóðu Hafnarbúð 041, Hafnarhjallur 055, Dalabúð 057 og Arngrímshjallur 056 allra fremst, þ.e. austast á Eyrinni. Árið 1888 hafði enn eitt húsið bæst við vestan þeirra og annað sunnan við [sjá 059]. Á þessum stað er nú iðnaðarsvæði og vonlaust að staðsetja byggingarnar með nokkurri vissu. Umrætt hús hefur verið næsta bygging suðvestan við Arngrímshjall 056.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:BP 1888

EY-004:059 heimild
Samkvæmt kortum Bjarna Þorsteinssonar frá 1868 stóðu Hafnarbúð 041, Hafnarhjallur 055, Dalabúð 057 og

Arngrímshjallur 056 allra fremst, þ.e. austast á Eyrinni. Árið 1888 hafði enn eitt húsið bæst við vestan þeirra [sjá 058] og annað sunnan við. Á þessum stað er nú iðnaðarsvæði og vonlaust að staðsetja byggingarnar með nokkurri vissu. Umrætt hús hefur verið hér um bil mitt á milli Naustsins 037 og Dalabúðar 057.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:BP 1888

EY-004:060 *Syðra Pakkhús* heimild um 66°08.961N 18°54.526V

Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Sem kunnugt er setti Snorri Pálsson upp niðursuðuverksmiðju 1878. Yfir þá starfsemi var byggt hús, sennilega úr timbri. Það stóð sunnan Gránugötu, ef til vill nokkuð út í götuna, eins og hún er í dag, suður af ráðhúsi Siglufjarðar austanverðu. Þegar verksmiðjan hætti starfsemi sinni keypti Hafliði Guðmundsson húsið og breytti því í íbúðarhús...Kristín Antonsdóttir ekkja frá Skarðdal keypti húsið 1901 og setti þar upp brauðgerð, fyrsta bakarí á Siglufirði. Hún seldi það aftur Sigurði Sveinssyni bakara 1904, en húsið brann til kaldra kola á næsta ári." Niðursuðurhús 043 og Syðra-Pakkhús sjást bæði á korti Bjarna Þorsteinssonar frá 1888. Þau hafa verið fast sunnan við núverandi höfn en austan tjaldstæðis, pakkhúsið nær sjó en niðursuðuhúsið fast norðvestan við það.

Grasblettur í órækt er beint norður af bryggjunni en hús allt um kring, aðallega verksmiðju- og iðnaðarhúsnæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SS, 866; BP, 1888

EY-004:061 *Lindin* lind vatnsból 66°09.093N 18°54.666V

"Lindin sem Lindargata og Lindarbrekka [017] draga nafn sitt af, er norður af Lindarbrekku. Yfir Lindina er nú búið að byggja. Hún var áður heldur en að vatnsveita fékkst í bæinn, þá var hún vatnsból fyrir nokkuð mörg býli þar," segir í örnefnaskrá. Lindin var beint norðan við Hvanneyrarbraut 2 og því nærri norðurenda Lindargötu. Malbikaðar götur og hús eru allt um kring og Lindin er með öllu horfin fyrir löngu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 23

EY-004:062 *Ísachsþær* bæjarstæði bústaður

Í Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Fyrsta tómhúsbylið, sem sögur fara af, var kallað Isachsþær, en hann var byggður 1801. Ekki er vitað til viss hvar hann hefur staðið, en ætla má að hann hafi verið skammt norður af Redzlewhúsi 050, austan Álalækjar. Ef til vill hefur hann staðið þar sem nú er Grundargata, skammt norðan símstöðvar. Johan Isach Grundtvig assistent byggði þennan bæ, eflaust úr torfi, og bjó þar til dauðadags 1808. Þar andaðist einnig kona hans, Sigríður Þorvarðardóttir, 1809. Eftir það bjó enginn í Ísachsþæ." Ísachsþær er vitanlega löngu horfinn og ekki er nákvæm staðsetning hans þekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SS, 858

EY-004:063 *Brenna* bæjarstæði bústaður

"... og 1898 [voru reist] tvö hjábíli sunnar, annað suður og upp frá Enskubúðum [Ey-004:040] nefnt Brenna ..." segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Brennna er ekki þekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Búð, 2

Ey-005 Hvanneyrarsel

1712 var jörðin einnig nefnd Selkot, og hafi byggst á selstæði staðarins út með sjónum fyrir 40 árum en byggðin varaði aðeins í 14 ár. JÁM X, 4. Ekki er getið hvenær jörðin byggðist upp aftur, en hún var líklega í byggð 1847. 1712 var túnið í órækt og féllu skriður á það. JÁM X, 4.

EY-005:001 *Hvanneyrarsel* bæjarhóll bústaður

66°10.106N 18°54.119V

"Nær miðleiðis út á Hvanneyrarströnd hefur selstöð verið, nefnist þar Hvanneyrarsel sunnan þess Selmíri en norðar Selgil ..." segir í örnefnaskrá. Í sömu skrá kemur fram að síðar hafi verið byggður upp stekkur á staðnum. Selið er fast austan við þjóðveginn, á síðasta undirlendinu sem þar blasir við áður en haldið er í




Hvanneyrarsel, horft í suðaustur. Dældin í forgrunni er Selgil.

Strákagöng. Þetta er 1,4 m norður af Hvanneyrarbæ Ey-004:001.

Grösugar brekkur í halla mót austri. Gil, væntanlega Selgil, er fast norðan við tóftirnar. Handan gilsins er mikil uppfylling af manna völdum. Háir sjávarbakkar eru neðan við tóftirnar og erfitt að ímynda sér að þar hafi verið gott að lenda bát.

Tóftirnar eru alls 5 talsins, á svæði sem er um 80 x 50 m stórt frá austri til vesturs. Verða þær hér merktar með bókstöfum til aðgreiningar. Nyrsta og vestasta tóftin, (A), er á gilbarmi 10-15 m austan við þjóðveg. Hún er fremur óljós en grænka þó nokkur í veggjum. Hún líkist iðagrænni upphækkun, um 5 x 6 m stór frá austri til vesturs en vesturhlutinn er ógreinilegastur.

Eiginlegir veggir eru ekki greinilegir, hæð mest um 0,5 m. Tóft (B) er um 10 m austar, um 12 x 7,5 m stór frá austri til vesturs og töluvert skýrari en sú sem fyrst var nefnd. Hún virðist skiptast í þrennt og er þá austasta



hólfíð stærst en jafnframt lægst. Dyr sjást ekki og veggir sem aðgreina meint hólf eru óverulegir. Austasta hólfíð er um 6 x 3 m að innanmáli N-S, það í miðið 3 x 2 m í sömu stefnu en það vestasta heldur stærra. Veggir eru algrónir, ytri veggjarbrúnir ógreinilegri en þær innri og má vera að hólfín hafi verið niðurgrafín. Veggjahæð er mest um 0,5 m. Um 2 m ASA við tóftina er áberandi dæld, um 2 m í þvermál. Það gætu verið leifar af viðbyggingu eða hugsanlega brunni. Tóft (C) er um 60 m austur af (B), fremst á sjávarbakka og gæti verið hrunin fram af að einhverju leyti. Hún er greinileg en ekki alveg regluleg, alls um 5 x 7 m stór hér um bil frá norðri til suður, virðist einföld og ekki sést op. Tóft (D) er um 40 m suðvestur af (C). Þar er iðagrænt þýfi á svæði sem er um 15 x 24 m stórt frá austri til vesturs en heillegar hleðslur þó hvergi að sjá. Þá er að lokum að nefna tóft (E) sem er 20-25 m SSA af tóft (A). Fast sunnan við hana er stór steinn. Þetta er þúst, um 10 x 4 m stór frá austri til vesturs. Um 5 m norðan við hana vottar fyrri samhliða hleðslu, 6-7 m langri. Kafagras er á öllu svæðinu og olli það því að rannsókn tóftasvæðisins var erfiðari en ella. Auður farvegur liggur út frá Selgili og til austurs fast við NA-horn tóftar (B). Hann fellur til sjávar norðan tóftar (C) og er ekki ljóst hvort leysingavatn rennur þarna á vorin eða hvort hugsanlegt er að vatni hafi verið veitt úr Selgilinu.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Hvanneyri, 4

Ey-006 Höfn

20 hdr. 1712. Hólastólseign. 1374: á Hólakirkja "Medr hofnum oll Reka gogn." - DI III, 277. 1449 á Hólakirkja "Jtem hamfn xij kvgyllde ero ix davd l. jc." DI V, 38. 1525 er Höfn talin meðal Hólastólseigna - DI IX, 301. 1550 á Hólakirkja "Med Hofn .iiij. kugillde. landskylld .j. c." DI XI, 862. 1569: "med Haufn 4 5 kugilldi. landskylld iij ær og x aurar." BG, 260, 5 kúgildi og 1 hdr í landskuld skv. DI XV, 229. 1570: Med Haufn .iiii. kug." DI XV, 460. [1575]: "med Haufn 4 kugilldi." BG, 16. 1582: "med Hofn v kugilldi. landskylld jc." BG, 225. 1583: "med Hofn v." BG, 231.

1712: "Enginu spilla skriður úr fjallinu til stórs skaða. Úthagarnir eru haglitlir fyrir stórgripi, er því mjög hættað engið beitist." JÁM X, 5 "... túnið sé fremur grasgefið og helmingur þess slétt. Það var þá rúmir fimm hektarar að stærð, girt af og gaf af sér 160-170 hest af töðu. Engjar voru votlendar og sléttar, og gáfu þær af sér um 400 hesta af útheyi. Beitiland var talið allgott einkum fyrir sauðfé." IK: Siglufjörður 1818-1918-1988, 87

EY-006:001 Höfn bæjarhóll bústaður

66°08.707N 18°55.087V

"Þá er hér inn með firðinum að vestan Minni-Höfn og Meiri-Höfn og þar liggur norðar Búð" segir í



Núverandi íbúðarhús á Höfn, horft í norðvestur

órnefnaskrá. Íbúðarhúsið Höfn stendur á gamla bæjarstæðinu. Það telst nú Suðurgata 58. Af kortum Bjarna Þorsteinssonar af Siglufirði að dæma hefur fyrirkomulag á bæjarhúsum haldist svipað frá 1868-1918, þ.e. þrjú hús staðið í hnapp á bæjarstæðinu. Að líkindum hafa það verið bær, fjós og síðan eitt hús að auki.

Húsið stendur býsna hátt líkt og flest hús á þessum slóðum, við ofanverða Suðurgötu og fellur að öllu leyti inn í húsaröðina. Ekið er upp með húsinu að norðan og er bílastæði að vestanverðu, milli íbúðarhússins og gamals fjóss sem er steipt og var breytt í gróðurhús fyrir margt löngu. Húsahverfið tók að byggjast upp milli 1940 og 1950.

Höfn er veglegt, steinsteypt hús á tveimur hæðum, reist 1935 eftir að eldra íbúðarhús brann. Eldra húsið var úr timbri og sambyggður því var hluti gamla bæjarins. Af lýsingum Pálínu Kröyer að dæma hefur gamli bærinn staðið örlítið norðar en húsið er nú. Geysileg trjárækt er kringum húsið og með öllu vonlaust að átta sig á umfangi bæjarhóls, ef hann þá er til staðar yfir höfuð. Samkvæmt Pálínu rákust hún og Ingólfur, eiginmaður hennar heitinn, oft á ösku og ýmiskonar drasl á lóðinni við garðvinnu og aðrar framkvæmdir. M.a. mundi hún eftir skálarbroti og gömlum lykli. Eins og áður sagði er gamalt, steinsteypt fjós á baklóðinni en enn eldra fjós mun hafa verið sunnan við bæ. Pálína telur að það hafi verið steipt að einhverju leyti en hlaðan var grjóthlaðin.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ó-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 5; BÞ 1868, 1888 og 1918

EY-006:002 Minni-Höfn bæjarstæði bústaður

66°08.206N 18°55.900V

"Þá er hér inn með firðinum að vestan Minni-Höfn og Meiri-Höfn og þar liggur norðar Búð [sjá Ey-004:035]," segir í órnefnaskrá. Í skrá Helga Guðmundssonar segir: "Allt frá landnámi hefir verið kunn og góð höfn innst í Siglufirði að vestan, þó mest á fyrri öldum, því mjög er á hana gengið að síðustu, af náttúru og mönnum. Hafa og tvö býli er nærri henni hafa verið reist, þegar í fornöld, fengið nafn af henni; stóð hið innra vestur frá syðri enda hennar og nefndist Innri- eða Minnihöfn. Hefir þar byggðarstæði verið mjög fagurt, tún og engi sibreiða ein neðan hlíðar, slétt og grösug; túnið hallandi grundir, þurrt og sjálfgjört, en engi rök; stóð bærinn nokkuð upp frá sjó og sést nú óglöggt fyrir rúst hans lítið ofan vegar og túngarður forn á kafla, sunnar og ofar. Mun hér hafa búið verið hinar fyrri aldir, en í auðn farið á 15. öld; er býlis þessa getið seint á 14. öld, en virðist nýlega í auðn komið 1449. Hefir það máski valdið, að lækur féll norðan bæjar er nefnst

mun hafa Minnihafnarlækur er svo hefir brotist á túnið og mjög á það borið aur og möl og hulið að síðustu flest mannvirki, tún og garða, utan syðst og efst; en þar sýnir hinn forni garður takmörk þess, aðeins að sunnan og ofan; verður stærð þess því ekki séð. Lönd hefir býli þetta átt upp til fjalla, þó ekki stór, en engi mikil og samfelld neðra; mun mestur hluti landsins inn og niður frá bæ þá hafa nefnst Minnihafnarengi auk sérnafna nokkurra; en glötuð munu nú flest gömul örnefni kringum byggð þessa." Í ritinu Frá Hvanndöllum til Úlfsdala segir að tóftir þessar séu oft kallaðar Hafnarstekkur (sjá einnig 015). Hann telur að þessar tóftir séu gamalt bæjarstæði Hafnar en skriða hafi grafið meiri hluta túnsins og sennilega einhverjar byggingar. Þá hafi bærinn verið fluttur á núverandi stað en síðar hafi byggst hjáleiga á þessu bæjarstæði. Lýsingar þessar eru frekar ruglandi og má minna á að Helgi Guðmundsson var óhræddur við að setja fram kenningar um byggðir á misjafnlega góðum rökum. Enginn núlifandi Siglfirðingur sem rétt var við kannaðist við Minni-Höfn. Helgi segir býlið hafa verið sunnan Minnihafnarlækjar, en hann rennur úr svonefndri Jörundarskál. Því hlyti býlið að hafa verið á tungunni milli Snóksár, sem rennur á merkjum við Skarðdal, og Minnihafnarlækjar. Þar er nú hesthúsahverfi Siglfirðinga. Hestagirðingar eru nú á svæðinu norðvestur af hesthúsahverfi og norður af Hafnarrett. Svæðið er því bitað en alls engar tóftir sjáanlegar. Harðlengi er mikið og land óslétt, virðist að mestu myndað af uppgrónum skriðtaumum úr Jörundarskálinni. Þess má geta að Pálína Kröyer telur að Hafnarstekkur hafi verið mun norðar, sjá 015. Að sögn Örlygs Kristfinnssonar og Hannesar Baldvínssonar hafa menn í seinni tíð getið þess til að sagnir um Minni-Höfn séu sprotnar af misskilningi. Annars vegar geti verið um það að ræða að í fornbréfasafni er talað um "Hafnir" í fleirtölu. Hins vegar sé mögulegt að heiti lækjarins sé orsök - hann hafi heitað Minni-Hafnarlækur, þá væntanlega til aðgreiningar frá öðrum og vatnsmeiri læk en hafi hreint ekki verið nefndur eftir býlinu Minni-Höfn.

Heimildir:Ö-Siglufrjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 5; Ö-Minni Höfn; SS, 610

EY-006:003 heimild um brunn

66°08.707N 18°55.137V

Á korti Bjarna Þorsteinssonar frá 1888 sést að bygging var á Hafnarlæknum skammt ofan eða vestan bæjar 001. Líklega hefur þetta verið brunnhús en það sést ekki á eldra korti frá 1868.

Lækjarbakkarnir ofan bæjar eru að mestu óspilltir og grasi grónir.

Engin tóft er sjáanleg en á dálitlum kafla ofan bæjar vottar fyrir tveimur samhliða farvegum og er sá nyrðri mun reglulegri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:BP 1888

EY-006:004 Gamlistekkur tóft stekkur

66°08.302N 18°55.480V


Greinileg tóft er beint upp af meintri Stekkjareyri, rúma 800 m SSV af bæ 001. Líklega er þetta sami staður og segir um í örnefnalýsingu: "...innsta [engjatangun] Stekkjartunga í henni miðri eru leifar af stekki, en síðast nefndist Gamlistekkur."

Lækur rennur með tóftinni að norðan. Hún er inni í hestagirðingu, á þurru bakka ofantil í mýri.

Tóftin er alveg greinileg en nauðbitin og þúfuhlaupin, líkist því helst hrúgaldi. Hún er um 14 x 16 m stór frá norðri til suðurs og þótt einstakir veggir sjáist nú ekki má



Gamlistekkur 004, horft í suður



ætla að hún hafi verið tvískipt. Norðar mótar fyrir hringlaga hólfi sem er 4-5 m í þvermál en sunnar aflöngu hólfi sem er um 10 x 4 m stórt frá austri til vesturs og hugsanlega opið í austurátt. Minna hólfið rís hærra og eru þar veggjaleifar allar allt að 1,5 m háar. Þústin er algróin og hvergi sér í grjóti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Meiri Höfn, 2

EY-006:005 náma mógrafir 66°08.122N 18°55.938V
Mógrafir eru beint ofan eða vestan við hesthúsahverfi Siglfríðinga, á norðurbakka Snóksár, 1,3 km SSV af bæ 001. Snöggbitið mýrlendi. Mógrafirnar eru rúmlega 30 x 30 m stórar en þeim hefur verið raskað austast vegna hesthúsanna. Pálína Kröyer (f. 1923) man eftir mótekju á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-006:006 heimild um túngarð 66°08.650N 18°55.130V
"... um það [túnið] er garður forn, allt á bakka ofan, sem nokkuð hefir verið færður út að norðan, þegar á firri öldum," segir í örnefnaskrá. Pálína Kröyer man eftir túngarði við suðurmörk túns og minnst þess að börn máttu ekki fara suður fyrir túngarð. Þá er vitað að garður lá frá austri til vesturs skammt norðan við þar sem nú er Suðurgata 66 og hefur líklega verið hluti túngarðs. Nú er þétt byggð á þessu svæði.
Engar leifar Hafnartúngarðs virðast sjáanlegar lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Meiri Höfn, 1

EY-006:007 garðlag
Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Einnig lá um eyrina austur og vestur gamall garður, sem enn var það skýr á fyrstu árum tuttugustu aldar, að við hann var miðað við lóðaúthlutanir á eyrinni. Nú er þessi garður löngu horfinn og engu hægt að slá föstu um legu hans. Líklega má þó telja að hann hafi verið nokkrum metrum sunnan við barnaskólann." Af stefnunni að ráða hefði mátt ætla að garðurinn hefði komið í framhaldi af garði 022 en það er auðvitað ekki hægt að staðfesta, enda er hann löngu horfinn. Nú er þétt byggð allsstaðar á eyrinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SS, 604

EY-006:008 *Neðri Höfn* bæjarstaði bústaður 66°08.754N 18°54.886V
"... í horni túnsins var hús reist af timbri um 1864 bjó þar eigandi Hafnar um sinn og nefndist það Neðri Höfn, er það hús nífallið," segir í örnefnaskrá Árið 1864 var jörðinni skipt og var þetta þriðjungur jarðarinnar. Neðri Höfn stóð skammt norðan við þar sem nú er Hafnartún 2. Auð lóð er milli Hafnartúns 2 og hússins þar norðan við. Þar er nokkuð um ójöfnur og lausagrjót en annars eru öll merki um timburhúsið löngu horfin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Meiri Höfn, 1

EY-006:009 *Lambhúshóll* frásögn lambhús 66°08.667N 18°55.129V
"Í túni eru örnefni fá og smá, nefnist Lambhúshóll suður frá bæ ..." segir í örnefnaskrá. Á korti Bjarna Þorsteinssonar af Siglufirði bæði 1868, 1888 og 1918 er sýnt stakt hús í túni skammt sunnan við Höfn 001. Pálína Kröyer telur að það hafi verið útihús á Lambhúshól. Tvö hús eru nú við Suðurgötu sunnan Hafnar en þá kemur auð lóð. Þar má ætla að Lambhúshóll hafi verið. Gróin lóð með smáhæð, ójöfn og gætu leynst þar rústaleifar undir sverði. Samkvæmt Pálínu var útihús sem þarna stóð skammt innan túngarðs 006, jafnvel sambyggt honum. Hún telur að þetta hafi verið lambhús en síðar var það notað fyrir hross.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Meiri Höfn, 1

EY-006:010 *Fjóstóftahóll* örnefni fjós 66°08.718N 18°55.100V
"Í túni eru örnefni fá og smá, nefnist Lambhúshóll [009] suður frá bæ, síðst á túni, Fjóstóftahóll utan bæjar og lækjar," segir í örnefnaskrá. Pálína Kröyer kannast ekki við örnefnið og enginn annar þeirra sem rætt var við. Enginn tóftalegur hóll sést utan (norðan) bæjar og lækjar. Hóllinn gæti hafa verið þar sem nú er næsta hús norðan við Höfn, væntanlega Suðurgata 56. Þýfð brekka er ofan við húsið en alls engin tóftamerki sjáanleg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Meiri Höfn, 1

EY-006:011 *Hesthúshóll* örnefni hesthús
"Í túni eru örnefni fá og smá, nefnist Lambhúshóll [009] suður frá bæ, síðst á túni, Fjóstóftahóll utan bæjar og lækjar. Hesthúshóll nokkuð utar og íst af túni Skriðuhæð ..." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt þessari lýsingu var Hesthúshóll utar, þ.e. norðar en Fjóstóftahóll. Nú er ekki vitað nákvæmlega hvar og verður að teljast líklegt að hann hafi lent undir byggð við Suðurgötu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Meiri Höfn, 1


EY-006:012 tóft

66°08.747N 18°55.175V

Tóft er í brekku ofan við Höfn, um 100 m norðvestur af bæ 001 og rúma 50 m norðaustur af stórum tanki í hlíðinni. Grösug hlíð mót austri, forðum Hafnartún. Pálína Kröyer virtist ekki kannast við tóftina og er ekki alveg útilokað að þetta séu leifar fremur nýlegs umróts. Um er að ræða tvær niðurgrafnar dokkir. Sú nyrðri er um 10 x 2 m frá austri til vesturs og virðist op hafa verið í austurátt, veggjahæð allt að 1,8 m. Veggirnir líkjast þó meira



Tóft 012, horft í austur



ruðningum heldur en eiginlegum hleðslum. Syðri dokkin er samsíða, um 6 x 1 m að innanmáli og einnig með op í austur, þar grillir í grjóti, líklega hleðslur, í veggjum. Ef um tóft er að ræða hefur hún alls verið um 10 x 6 m stór. Greni hefur verið plantað fast sunnan við.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**EY-006:013** Hlíðarhús bæjarstæði bústaður

66°08.682N 18°55.195V



Hlíðarhús 013, horft í norðvestur. Grjóthleðslan sést neðst til vinstri.


"Upp frá bæ við hinn forna túngarð [006] var einnig hjából reist um 1898 nefnt Hlíðarhús er þar enn búið," segir í örnefnaskrá. Hlíðarhús er enn uppistandandi, það er 50-70 m suðvestur af Höfn 001 og stendur við Háveg vestanverðan. Hálfgróin brekka er ofan við húsið og engin byggð þar.

Hlíðarhús er járnklætt, snoturt timburhús, ein hæð og ris. Það er byggt á grjóthlaðinni uppþyllingu - líklega til að ná sléttum fleti í hallanum. Það sér í grjóthleðslu ofan götunnar, sunnan og austan við húsið. Hún er 5-6 m löng frá norðri til suðurs og rúmlega 1 m há.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:**Ö-Meiri Höfn, 2**EY-006:014** tóft

66°08.285N 18°55.666V

Tóft er tæpa 100 m norður af húsi sem nefnt er Steinaflatir og um 900 m suðvestur af bæ 001. Tóftin er á háum holtrana sem gengur til austurs frá hæð þar sem enn sést steypur grunnur undan skíðaskála sem nefndur var Skíðaborg. Tóftin er fremur óregluleg, þó nærri því sporöskjulaga, 13 x 10 m stór frá norðri til suðurs. Hún er einföld og engar dyr sjáanlegar, veggir mest um 0,5 m háir. Aðspurð taldi Pálína Kröyer að þetta gæti verið staður þar sem haldin voru töðugjöld í ungdæmi hennar. Var þá grafin niður grunn dokk en set höfð í kring og eldur kveiktur í miðju. Nú er þýfi innan veggja.

Hættumat: engin hætta

EY-006:015 *Hafnarstekkur* heimild um stekk 66°08.434N 18°55.392V
"Neðst í horni á bökkunum eru og fornar tóftir, líklega af stekk og það suður frá Stekkjareyri, sem getið er frá Minni Höfn," segir í örnefnaskrá. Stekkjareyri var norðan Langeyrar og því u.þ.b. þar sem nú er allra syðsta byggðin á Siglufirði. Austurendi snjóflóðavarnargarðsins Stórbola er því á Stekkjareyri. Henni hefur gjörsamlega verið umbylt. Framan við hana og norðan Langeyrar er lón en vegur liggur austan við það. Engar tóftir sjást nú en Pálína Kröyer telur að stekkur sem hún nefnir Hafnarstekk hafi lent undir Stórbola. Enginn annar gat staðfest þetta en hins vegar er vitað um þrjú hús sem voru áður þar sem garðurinn liggur nú. Öll tók af í snjóflóði, þ.á.m. Leikskála sem var skíðaskáli en einnig var húsið notað sem barnaheimili. Hér má nefna að einhver ruglingur virðist vera á staðsetningu Hafnarstekkjar, enda taldi Helgi Guðmundsson að hann hefði verið á sama stað og meint býli, Minni Höfn 002.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Meiri Höfn, 2

EY-006:016 *Höskuldarfen* þjóðsaga
Í fornleifaskýrslu Gamalíels Þorleifssonar, prests á Hvanneyri, frá 1818 segir um merkilegar fornaldar-leifar í Hvanneyrarsókn: "Höskuldar Fen, skamt frá Heimátúninu á Höfn, hvar eirn Bónde i Höf, ad nafni Höskuldar (:en brav Hexemester:) skal hafa fólgið Penínga Qvarter. Menn hafa og viliad forvitnast um þetta Fen, enn sá núverande eigande og Ábúande Iardarinnar, alligevel han er en dansk Mand og Repstyr, vel ingenlunde saadan tilstaar, i fald der da skulle hændes nogen Ulykke paa hans Køer eller Melefaar. Credat Iudæus apella!" "Síðst og neðst í Stekkjartungunni eru fenholar tvær litlar, nefnast þær: Efra-Höskuldarfen og Neðra-Höskuldarfen hefir því verið hér trúað að í öðru hverju þessara pitta hafi Höskuldar bóndi á Höfn, áður nefndur falið fé nokkurt mun og talsvert hafa verið rótað við báðum þessum holum," segir í örnefnaskrá. Nú er ekki vel ljóst hvar Höskuldarfen var/voru, enda hefur svæðið allt verið tekið undir byggingar fyrir löngu. Pálína Kröyer telur þó að það hafi verið einhversstaðar neðan við Suðurgötuna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: FF, 529; Ö-Meiri Höfn, 2

EY-006:017 *Kvíahóll* örnefni kvíar
"Lönd hefir býli þetta [meint Minnihöfn 002] átt upp til fjalla, þó ekki stór, en engi mikil og samfelld neðra; mun mestur hluti landsins inn og niður frá bæ þá hafa nefnst Minnihafnarengi auk sérnafna nokkurra; en glötuð munu nú flest gömul örnefni kringum byggð þessa. Mun Kvíahóll hafa nefnst ofan túnsins, þar kvíaból var en kallast nú Nýistekkur frá Ytrihöfn," segir í örnefnalýsingu. Enginn kannast nú við örnefnið Kvíahóll og Nýistekkur. Skv. lýsingu Helga Guðmundssonar hefði staðurinn átt að vera ofan eða vestan við 002. Þar er gróið land og fremur slétt.

Engin merki um rústir sjást.

Heimildir: Ö-Minni Höfn, 1

EY-006:018 frásögn fjárhús 66°08.770N 18°55.049V
Pálína Kröyer man eftir gömlu fjárhúsi sem nú er horfið. Það stóð um 120 m norður af bæjarhól 001, þar sem nú er íbúðarhús við Suðurgötu, annaðhvort nr. 50 eða 52. Öll merki um fjárhúsið eru horfin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-006:019 *Fljótamannavöð* heimild um vað 66°08.021N 18°55.256V
"Allt til síðustu tíma var alfaraleið [sjá 020] frá kaupstaðnum inn fjörur, austur Langeyri og suður um síkið og Hafnarnes; svo tvisvar austur yfir Siglufjarðará, inn nokkuð frá Álfról uns leiðir skildu og Fljótamenn fóru innan Grísarár upp til Skarðsdals; voru þeirra ferðir tíðastar og nefndust því brotin á ánni Fljótamannavöð, einkum hið innsta, og ofan við það Fljótamannahylur er þó sumir nefndu Fimmhólahyl," segir í örnefnalýsingu. Fljótamannavöð hafa einkum verið tvö. Hið efra var skammt ofan við staðinn þar sem Snóksá og Grísará renna í Siglufjarðará og því í landi Skarðsdals. Þar er nú dælustöð. Neðra vaðið er skráð hér. Það var þar sem nú er verið að byggja nýja brú yfir Siglufjarðará, um 430 m norður af efra vaðinu en um 1,3 km suður af bæ 001.

Áin virðist þokkalega greiðfær en rask hefur orðið á bökkunum vegna brúarbyggingarinnar.

Heimildir: Ö-Minni Höfn, 2

EY-006:020 heimild um leið
"Allt til síðustu tíma var alfaraleið frá kaupstaðnum inn fjörur, austur Langeyri og suður um síkið og Hafnarnes; svo tvisvar austur yfir Siglufjarðará, inn nokkuð frá Álfról uns leiðir skildu og Fljótamenn fóru innan Grísarár upp til Skarðsdals; voru þeirra ferðir tíðastar og nefndust því brotin á ánni Fljótamannavöð

[019]...," segir í örnefnalýsingu. Engar leifar gamalla gatna fundust sunnan Siglufjarðarbæjar og verður að teljast líklegt að þær séu komnar undir vegi og byggð eða uppgrónar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ó-Minni Höfn, 2

EY-006:021 *Skriðuland* bæjarstæði bústaður 66°08.778N 18°54.919V
Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Stefán Sveinsson byggði torfbæ í Hafnarlandi 1900, og nefndi Skriðuland. Hann bjó þar og kona hans, Ástríður Þorfinnsdóttir, til 1907...Páll [Guðmundsson] og kona hans, Halldóra Stefánsdóttir, fóru að búa þar 1904...Páll reif torfbæinn 1916, en byggði á lóðinni hús úr timbri og steini. Það var lítið hús...rifið um eða rétt eftir 1980." Í örnefnalýsingu segir: "Þar litlu utar [en Hesthúshóll 011] var og hjábýli reist um 1900 nefnt Skriðuland. Var það af torfi og lengi einstakt, þó nú sé þangað komin byggð kaupstaðarins; norðan við það fellur Skriðulækur." Skriðuland var þar sem nú er auð lóð norðan við Laugarveg 5, Töluverður bratti mót austri. Ummerki um byggingar sjást ekki.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SS, 871; Ö-Meiri Höfn, 2

EY-006:022 garðlag landamerki 66°08.995N 18°55.002V
Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir "Höfn átti fjallshlíðina alla út undir öxlina sunnan Hvanneyrarskálar. Miðhlíðis í fjallinu, rétt sunnan skálarinnar, eru þrjár klettahausar, nefndir Gimbraklettur. Milli syðsta og miðkletsins voru merkin milli Hafnar og Hvanneyrar. ... Snemma á þessari öld sást fyrir fornum garði þarna í hlíðinni, sem án efa hefur verið merkjagarður til forna." Á stað sem kemur heim og sama við lýsinguna sjást reyndar leifar af hrundum og mosagrónum grjótgardi en tæplega er það þó garðurinn sem lýst er í bókinni. Garður þessi gengur niður frá gili sem er næst suðvestan við kirkjugarðinn.

Gil í brattri en gróinni hlíð. Gilið á upptök sunnan við syðsta Gimbraklettinn. Garðurinn hefst þar sem draga fer úr giliinu, sunnan við austurenda þess. Hann er grjóthlaðinn en að mestu hruninn og hefur trjám verið plantað meðfram honum að sunnanverðu. Hann er hægt að rekja tæpla 30 m til austurs en þar eru lóðamörk ofan við íbúðarhús. Garðurinn virðist ekki mjög gamall þótt hruninn sé og gæti tengst annaðhvort vatnsveitingum úr giliinu eða jafnvel hafa verið girðingarundirstaða á einhverjum tímapunkti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SS, 604



Garðleifar 022, horft í austur

EY-006:023 heimild um fjárhús 66°08.671N 18°54.911V
Á kortum Bjarna Þorsteinssonar bæði frá 1868 og 1888 sést stakt hús niðri á sjávarbakknum austan við Höfn 001. Pálína Kröyer segir að afi hennar hafi haft fjárhús á þessum slóðum. Húsið hefur verið í námunda við þar sem nú er Hafnargata 24.

Húsið er því löngu horfið og sést raunar ekki á korti Bjarna frá 1918.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: BÞ 1868; BÞ 1888 og BÞ 1918

5. Fornleifar og byggð

Hér á eftir verður fjallað um helstu minjaflokka á skráningarsvæðinu en áður skal þó gerð grein fyrir landsháttum og einkennum byggðar. Skráningarsvæðið skiptist í tvennt, bæði frá landfræðilegu og byggðarlegu sjónarmiði:

1. **Úlfssdalir (Máná, Dalabær, Engidalur).** Úlfssdalir samanstanda af tveimur dölum. Austar er Engidalur, lítið dalverpi sem gengur skammt upp í landið en vestar dalur sem Máná rennur um. Nefnist hann oftast Mánárdalur vestanmegin við ána en Dalabæjardalur að austanverðu. Undirlendi er takmarkað á svæðinu en einna mest þó kringum Dalabæ. Sjósókn hefur verið stunduð frá öllum býlunum og skepnum mest verið beitt meðfram strandlengjunni. Landið í dölunum hefur hins vegar verið haft til sláttar, mótekju og jafnvel verið byggð þar sel þar sem skepnur voru reknar til beitar á sumrum. Svæðið hefur löngum verið talið harðbýlt. Lengst var búið á Máná og eru þar íbúðar- og útihús enn uppistandandi. Dalabær fór í eyði 1950 og Engidalsbæinn tók af í mannskæðu snjóflóði árið 1919 en hann hefur verið endurbyggður síðan. Hann stendur nú nær sjó en áður og nefnist Sauðanes.
2. **Siglufjarðarbær (Höfn, Hvanneyri, Hvanneyrarsel).** Siglufjarðarbær byggðist við vesturströnd Siglufjarðar og var ein meginforsenda þéttbýlisins góð höfn frá náttúrunnar hendi og nálægð við fengsæl fiski- og hákarlamið. Áður voru þar tvö býli, Hvanneyri ásamt Hvanneyrarseli, sem var í byggð um skamma hríð, og Höfn. Hvanneyrarbærinn stóð þar sem nú er prestsbústaður Siglufirðinga, ofan við Hvanneyrabraut, en Höfn þar sem nú er Suðurgata 58. Áður var Siglunes, handan fjarðarins, verstöð og höfuðbýli en það breyttist árið 1614 þegar kirkjustaðurinn var fluttur til Hvanneyrar og byggð tók þar óðum að þéttast.

Bæjarhólar og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr góflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna

og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld.

Alls voru skráðir 6 bæjarhólar haustið 2004. Bæjarhóll á Máná (Ey-001:001) er illa farinn vegna síðari tíma bygginga. Á Dalabæ er hins vegar prýðilega varðveittur hóll (Ey-002:001) og gerast þeir vart myndarlegri. Í Engidal er gamla bæjarrústin varðveitt (Ey-003:001) en afar takmörkuð hólmyndun undir henni. Þá hefur þrengt að henni í seinni tíð, vegur verið lagður fast sunnan við og tún verið sléttað að norðanverðu. Bæjarhólar í kaupstaðarlandinu, á Hvanneyri (Ey-004:001) og Höfn (Ey-006:001) eru báðir illa farnir og Hafnarhóllinn sennilega sýnu ver, enda vart við öðru að búast þar sem byggð hefur risið bæði á hólum og allt í kring um hann.

Til viðbótar við lögbýlin sex voru mörg bæjarstæði skráð, yfirleitt sem voru aðeins í byggð um skamma hríð ef að líkum lætur. Helgi Guðmundsson, sem ritaði örnefnalýsingar fyrir bæi í Siglufirði, taldi tvö býli hafa verið á dalnum upp af Máná og Dalabæ. Mánármegin (Ey-001:011) eru óverulegar rústir en þó nokkrar Dalabæjarmegin og vildi Helgi nefna það býli Læki (Ey-002:022). Engar heimildir geta um þessi býli og erfitt að staðfesta nokkuð af yfirborðsummerkjum einum saman en þó verður að segjast að það er hreint ekki ólíklegt að búið hafi verið um hríð á báðum stöðunum. Á Dalabæ er getið um Dalabæjarkot (Ey-002:013) árið 1709 og talið að það hafi farið í eyði 6 árum fyrr. Líklegt er að það hafi staðið skammt ofan bæjar en þar eru nú óverulegar tóftir og hefur sennilega verið stekkur í seinni tíð. Í Engidal er getið um tóftarústir (Ey-003:006), hugsanlegar hjáleiguleifar, í jarðabók árið 1709 en þær eru nú með öllu horfnar. Tvö yngri bæjarstæði eru í Engidalssandi, annars vegar var þar reist timburhúsið Árbakki (Ey-003:005) árið 1897 og hins vegar var bærinn sjálfur fluttur norðar í túnið eftir snjóflóðið mikla árið 1919 en stóð þar einungis skamma hríð.

Mörg bæjarstæði til viðbótar voru skráð innan kaupstaðarlandsins og langflest þeirra tilkomin eftir 1850. Nánar verður fjallað um flest þeirra í næsta kafla.

Þéttbýlismyndun á Siglufirði – verslun og síld⁴

Líkt og flestir þéttbýlisstaðir á Íslandi er Siglufjörður tiltölulega ungur bær. Áður en byggð tengd verslun og síðar síldveiðum fór að þéttast að ráði voru tvö býli þar sem

⁴ Sögulegar staðreyndir í kaflanum eru að mestu fengnar úr tveimur heimildum: *Frá Hvanndölum til Úlfsdala* eftir Sigurjón Sigtryggsson og *Siglufirði* eftir Ingólf Kristjánsson.

kaupstaðarlandið er nú: Höfn og Hvanneyri. Bæði voru miðlungsbylí, hvort um sig 20 hdr. að fornu mati og hvorugt þeirra var upphafleg miðstöð svæðisins, enda er talið að fjölmennasti og öflugasti byggðakjarni svæðisins hafi lengst af verið á höfuðbóluni Siglunesi handan fjarðarins, en þaðan var stunduð útgerð, einkum á hákarl. Upphaflega var hreppurinn kenndur við bæinn og nefndur Sigluneshreppur en síðar Hvanneyrarhreppur. Sóknarkirkjan var frá öndverðu á Siglunesi en hún var færð að Hvanneyri árið 1614, enda erfitt fyrir mörg sóknarbörn að sækja kirkju að Siglunesi. Mannskætt snjóflóð í Nesskriðum árið 1613 mun hafa gert útslagið, en sagan segir að þar hafi allt að 50 manns látið lífið.

Líkt og víða annarsstaðar á Íslandi er talið að viðskipti hafi úðkast við lausakaupmenn á Siglufirði, t.d. Hollendinga og Englendinga. Með einokun sem komst á 1602 var hins vegar blátt bann lagt við slíkri kaupmennsku, enda skyldu landsmenn allir einvörðungu versla við danska kaupmenn. Siglufjörður og nágrenni heyrði undir verslunarsvæði Eyjafjarðar en þangað var bæði langt og óhægt að sækja, einkum fyrir þá sem bjuggu á vestanverðu svæðinu, í Siglufirði og Úlfisdölum. Sóttust þessir íbúar því fremur eftir því að versla við kaupmann á Hofsósi. Verslun var gefin frjáls árið 1787. Skömmu eftir það hóf maður að nafni Christian Redzlew kaupmennsku á Siglufirði og er talið að hið verðmæta hákarlalýsi, sem nóg var af á svæðinu, hafi ráðið þar nokkru um. Sennilega hefur staðsetning verslunarinnar við Þormóðseyri fremur en á Siglunesi ráðist af því að við eyrina var skjólbetra og þar var hentugri höfn frá náttúrunnar hendi. Einnig hefur betra aðgengi fyrir nærsveitunga vafalaust skipt máli, líkt og áður var getið í sambandi við færslu sóknarkirkju frá Siglunesi yfir á Hvanneyri. Í þessu sambandi má til gamans benda á að margt er líkt með staðhátum og byggðaþróun við Reykjarfjörð í Árneshreppi og Siglufjörð. Á báðum stöðum var hákarlaútgerðin stunduð frá útnesjum þaðan sem skammt var á miðin, annars vegar Siglunesi og hins vegar Gjögri og á báðum stöðum reis verslunarstaður gegnt verstöðinni, handan fjarðarins, þar sem skipalægi var betra. Kaupstaðurinn í Reykjarfirði, Kúvíkur, varð reyndar aldrei nærri jafn blómlegur og Siglufjörður og fór endanlega í eyði um miðja 20. öld. Siglufjörður var löggiltur sem verslunarstaður árið 1818 en umfang hans var þá enn mjög lítið og aðeins 8 sálir búsettar í kaupstaðnum. Síldveiðar Norðmanna hófust á Siglufirði upp úr aldamótunum 1900 og eftir það byrjaði uppgangur bæjarins fyrst fyrir alvöru. Kaupstaðarréttindi hlaut hann árið 1918. Síldarsögu Siglufjarðar hafa annars verið gerð góð skil á öðrum vettvangi og verður hún ekki rakin frekar hér. Hér að neðan fylgir tafla sem er samantekt yfir helstu byggð ból í kaupstaðnum, byggingarár þeirra og núverandi ástand.

Nafn býlis eða húss (nr. í fornleifaskrá)	tegund húss	reist	ástand
Redsléshús (Ey-004:050)	timburhús	1788	horfið
Ísachsbær (Ey-004:062)	torfbær	1801	horfið
Kyhnhús (Ey-004:052)	timburhús (?)	nálægt 1800	horfið
Hvanneyrarkot (Ey-004:003)	torfbær	1831	rifið 1908, þá byggt timburhús (Valgerðarhús)
Ytrahús (Ey-004:005)	timburhús	1860	rifið 1979
Neðri-Höfn (Ey-006:008)	timburhús	1864	horfið
Vigfúsarbær/Búðarbrekka/Önnubær (Ey-004:006)	torfbær	1866	rifið um 1925
Hvanneyrarbakki (Ey-004:036)	torfbær	1866	rifinn 1916
Búðarhóll (Ey-004:035)	timburhús	1866	rifið/brann 1924
Faktorshús (Ey-004:007)	timburhús (?)	1874	horfið
Lækur (Ey-004:008)	torfbær	1881	rifið 1920
Sandhóll (Ey-004:009)	torfbær	1882	horfið
Lækjarbakki/Jensbær (Ey-004:010)	torfbær (?)	snemma á 19. öld?	horfið
Lækjarbakki (Ey-004:011)	torfbær	1882	rifið fljótlega eftir 1918
Maddömuhús/Hafliðahús (Ey-004:042)	timburhús	1882	stendur enn
Eyri (Ey-004:038)	torfbær	1884	rifinn 1914 (þá byggt timburhús)
Sabýsbær (Ey-004:012)	timburhús	1886	stendur enn
hús sr. Skapta Jónssonar (Ey-004:044)	timburhús	1886	horfið? flutt á eyrina 1894
Naust (Ey-004:037)	timburhús	1887	brann skömmu eftir 1900
Brekkubær (Ey-004:053)	timburhús	1893	fært af grunn 1924
Tjarnir (Ey-004:013)	torfbær	1895	rifið 1905
Eyrarland (Ey-004:015)	torfbær	1898	rifið um 1920
Kambhóll og Kambur (Ey-004:016)	torfbærir	1897-1898	tók af í brimi 1912 (?)
Brenna (Ey-004:063)		1898	horfið
Húsabak (Ey-004:054)	torfbær	1898	fauk 1926
Miðbær (Ey-004:045)	torfbær	1898	rifið 1910 (þá byggt timburhús)
Hlíðarhús (Ey-006:013)	timburhús	1898	stendur enn
Hannesarhús (Ey-004:046)	timburhús	1899	horfið
Lindarbrekka (Ey-004:016)	torfbær	1900	rifið um 1910 (þá byggt timburhús)
Grund (Ey-004:017)	torfbær	1900	rifið 1917 (þá byggt timburhús)
hús Ágústs Þorsteinssonar (Ey-004:051)	timburhús	1900	horfið
Ólafsbær (Ey-004:047)	?	1900	rifið 1919
Skriðuland (Ey-006:021)	torfbær	1900	rifið 1916 (þá byggt timburhús)
Fåborg (Ey-004:018)	?	?	horfið

Kuml, kirkjugarðar og legstaðir

Bænhús var á Dalabæ, enn uppistandandi og í fullri notkun árið 1712 þegar Jarðabók Árna og Páls var rituð. Þrátt fyrir það er staðsetning þess nú týnd og aðeins vitað að Bænhúshóll (Ey-002:002) var „ofan bæjar“. Fyrrum ábúandi á Dalabæ taldi líklegt að

hóllinn hefði farið undir þjóðveg en það hefur ekki fengist staðfest. Í það minnsta er ekki kunnugt um neinn mannabeinafund í grennd við bæinn. Bænhús var einnig á Hvanneyri framan af öldum og frá 1614 var aðalsóknarkirkjan (Ey-004:002) flutt þangað frá Siglunesi. Kirkjan mun hafa staðið skammt sunnan og vestan við Hvanneyrabæinn. Nánast öll ummerki um kirkju og leiði eru nú horfin en eftir stendur minnisvarði. Engin kuml hafa fundist á skráningarsvæðinu svo vitað sé og raunar ekki á stóru svæði allt frá Fljótum austur að Dalvík. Tvær þjóðsögur eru þó til um leiði fornanna á svæðinu sem skráð var haustið 2004. Annars vegar er það Úlfshaugur (Ey-002:010) skammt austan við Dalabæ, sem er sagður greftrunarstaður Úlfs þess er nam Úlfsdali. Ekki er annað að sjá en haugurinn sé náttúrlegur að öllu leyti. Hins vegar er í fornleifaskýrslu frá 1817 getið um Þormóðsleiði (Ey-004:004) í Hvanneyrartúni en nú veit enginn hvar það hefur verið og þess er ekki getið í öðrum heimildum svo vitað sé.

Útihús og túngarðar

Mörg útihús hafa jafnan verið í túni á hverju byggðu bóli. Oft hefur þessi minjaflokkur þó orðið illa úti í túnasléttun á 20. öld. Sú er raunin á Máná þar sem aðeins er ein útihústóft eftir uppistandandi, Gunnlaugstóftir (Ey-001:012). Á Dalabæ eru hins vegar fjölmargar útihústóftir, enda hefur túnið aldrei verið sléttað með stórvirkum vinnuvélum. Hins vegar hefur túnið orðið sífellt mýrlendara á undanförunum árum og það er helst af þeim sökum sem sumar tóftanna eru að verða ógreinilegar. Örnefni í túninu eru nokkuð á reiki og því er hlutverk tóftanna ekki alltaf fyllilega ljóst. Þó hafa þar klárlega verið bæði fjárhús og hesthús. Engar greinilegar útihúsatóftir sjást nálægt rústunum af gamla Engidalsbænum. Þar eru þó leifar af ósnortnu túni og túngarði (Ey-003:013) sunnan bæjarins, ofan þjóðvegur og þar er víða stórþýft, hugsanlega einhverjar mannvistarleifar. Nokkrar tóftir sjást á Hvanneyrarseli (Ey-005:001) og eru áreiðanlega einhverjar þeirra af útihúsum. Allar útihúsatóftir eru hins vegar löngu horfnar inni í bæjarlandinu, á Höfn og Hvanneyri.

Samkvæmt heimildum var mikill sameiginlegur túngarður umhverfis tún Mánár og Dalabæjar (Ey-001:008) og getur Helgi Guðmundsson hans í örnefnalýsingum sínum. Nú sést mjög óljós garðspotti við sunnanvert Dalabæjartún (Ey-002:006 og 014) en að öðru leyti virðast þessi miklu garðlög horfin. Túngarðsleifa sem áður var getið sjást sunnan gömlu Engidalsrústa (Ey-003:001), liggja þar í sveig um gamlan túnblett. Ekki er ólíklegt að hann hafi teygt sig norður fyrir túnið en þar hefur land nú

verið sléttað fyrir margt löngu. Vitað er að túngarður var umhverfis Hafnartún (Ey-006:006), a.m.k. að hluta, en hann er nú með öllu horfinn. Ekki er ólíklegt að túngarður hafi einnig verið á Hvanneyri en um það er ekkert vitað og ekki sjást leifar af slíku mannvirki.

Kvíar og stekkir

Kvíar og stekkir voru yfirleitt á hverjum bæ á Íslandi allt fram á 20. öld, hvorutveggja mikilvæg aðhöld sem tengdust mjöltum á ám. Kvíarnar voru oftast nálægt bæjum, í túnjöðrum, en stekkirnar öllu fjær. Á Máná er örnefnið Kvíamór (Ey-001:015) þekkt í túnjaðri en nú sést þar engin tóft, enda gróður mikill. Á Dalabæ er ekki vitað um kvíar – þó er nefnt þar Kvíaból (Ey-002:047) í örnefnaupptalningu en ekki ljóst af samhenginu hvar það hefur verið. Kvíatunga (Ey-003:009) er í Engidal en þar sjást nú engin mannvirki. Í örnefnalýsingu er getið kvíabóls (Ey-004:034) ofan við Hvanneyri, að líkindum skammt frá Hvanneyrará en þar hefur landi nú verið raskað gríðarmikið vegna byggingar snjóflóðavarnargarða. Helgi Guðmundsson nefnir Kvíahól (Ey-006:017) skammt ofan við Minnihöfn en nú er staðsetning býlisins nokkuð á reiki og því ekki vitað hvar hóllinn var.

Stekkir voru oft fleiri en einn á hverri jörð. Á Máná eru tvær stekkjartóftir vestur frá bæ, nálægt svonefndri Stekkjarlaut (Ey-001:016 og 021) en þriðji stekkurinn, Gamli-Stekkur (Ey-001:024), sem var sunnan bæjar, er kominn undir túnrækt. Á Dalabæ virðast sömuleiðis hafa verið þrjár stekkir hið minnsta. Fjárhúsi, sem nefnt var Vörðhús, var breytt í stekk, sennilega síðla á 19. öld og var eftir það einfaldlega nefnt Stekkur (Ey-002:032). Stekkjarlegar tóftir, næstum nákvæmlega sömu gerðar, eru bæði á Háagerði (Ey-002:013) og á meintum býlisrústum sem Helgi Guðmundsson vildi kalla Læki (Ey-002:022b). Þá eru Stekkjarvellir (Ey-002:046) nefndir í Dalabæjarlandi í örnefnaupptalningu fyrir Siglufjörð og nágrenni en ekki ljóst af samhengi hvar þeir hafa verið og er vel hugsanlegt að þeir eigi við einhvern hinna staðanna þriggja. Í Engidalsslandi er örnefnið Gamli-Stekkur (Ey-003:012) þekkt en engin tóft sjáanleg. Fram kemur í örnefnalýsingu að stekkur hafi síðast verið hafður heima í túni og virðist sennilegt að þar sé átt við færivíar. Engin heilleg stekkjartóft er í Hvanneyrarlandi en í örnefnalýsingu kemur fram að stekkur hafi verið á Hvanneyrarseli (Ey-005:001) eftir að byggð lagðist þar af og hlýtur hún að vera ein tóftanna sem enn blasir þar við frá þjóðvegi. Síðar mun stekkur hafa verið innar á

ströndinni samkvæmt sömu skrá en nú er ekki vitað hvar og verður að teljast líklegt að hann sé kominn undir byggð. Sunnan við Siglufjarðarkaupstað er stekkjjarleg tóft inni í hestagirðingu og er það líklega Gamlistekkur (Ey-006:004) sem getið er í örnefnaskrá. Hafnarstekkur (sjá Ey-006:002 og 015) er nokkuð víða nefndur í heimildum en staðsetning hans er nokkuð á reiki. Sumir telja hann hafa verið reistan á rústum býlis, sem nefnt var Minni-Höfn, en óvíst er hvar það var. Aðrir telja að hann hafi jafnvel lent undir snjóflóðavarnargarðinum Stórabola. Í það minnsta sjást engar leifar Hafnarstekks og má telja víst að hann sé með öllu horfinn.

Beitarhús og sel

Ekki er vitað um beitarhús á Máná en aðra sögu er að segja um Dalabæ, handan árinna en þar voru mýmörg beitarhús niðri á bökkunum, í það minnsta í seinni tíð. Þó munu hafa verið fleiri en eitt fjárhús á svonefndu Gerði (Ey-001:017) í landi Mánar skammt frá bæ en það er nú komið undir tún. Á Dalabæ voru fjölmörg fjárhús svo langt frá bæ að þau hljóta að teljast til beitarhúsa fremur en venjulegra fjárhúsa. Ber fyrst að nefna Gerði (Ey-002:012) en þar eru tóftir að minnsta kosti tveggja fjárhúsa. Lambhagi (Ey-002:030) var skammt norðar, og er ekki fyllilega ljóst hverskonar mannvirki voru þar, enda eru þau hrunin í sjó að nokkru leyti. Sennilega hefur verið þar a.m.k. eitt fjárhús í seinni tíð. Önnur beitarhús voru meðfram ströndinni til austurs sem hér segir og sjást tóftir þeirra allra: Miðhús (Ey-002:031), Vörðhús (Ey-002:032), Stórhús (Ey-002:034), Látrahús (Ey-002:036) og Geldsauðatóft (Ey-002:038). Þessi fjöldi húsa bendir til að mikil áhersla hafi verið á sauðfjárrækt og sennilega helst þá sauðabúskap á Dalabæ, í það minnsta á síðasta skeiði byggðar þar. Er freistandi að rekja það til Þorvalds ríka sem safnaði miklum auðæfum á Dalabæ á 19. öldinni, sennilega í formi sauða ekki síður en sjávarfangs.

Beitarhús í Engidal sem höfð voru fyrir útigöngusauði voru annars vegar þar sem nú er Sauðanesviti og hins vegar þar skammt frá (Ey-003:016 og 017). Nú sjást lítil merki um þau. Á Hvanneyri sjást nú engin merki um beitarhús fremur en aðrar tóftir og ekki getið um slík í neinum rituðum heimildum sem eru þekktar. Mögulegt er að fjárhús hafi verið á Gerði (Ey-004:049) norðan við Hvanneyrará en hæpið að telja þau til beitarhúsa vegna nálægðar við bæinn. Svipað er að segja um Höfn, ekki vitað um nein beitarhús og má e.t.v. draga þá ályktun af þessu að sauðfjárbúskapur hafi verið mikilvægari fyrir afkomu íbúa á Úlfsdölum en inni í Siglufirði.

Sel voru á nokkrum bæjanna. Bæði Máná og Dalabær áttu selstöður á Mánárdal/Dalabæjardal (Ey-001:010 og Ey-002:011) og voru þau andspænis hvort öðru við Máná. Af tóftum að dæma hafa umsvif verið meiri á Dalabæjarseli en þar er líka landrými meira og beit fyrir fleiri skepnur. Ekki var sel í Engidal svo vitað sé, enda jörðin lítil og beutiland af skornum skammti. Hvanneyrarsel (Ey-005:001) var í Hvanneyrarlandi en það hefur greinilega verið í byggð öðru hvoru og þá selstaðan væntanlega fallið niður á meðan. Þannig er selið talið eyðibýli í Jarðabók Árna og Páls 1712 en var aftur í byggð um hríð á 19. öld. Ekki er ljóst hvort svo hefur verið lengi en byggðaleifar benda hvorki til langvinnrar byggðar né mikilla umsvifa við búskap á selinu.

Mógrafir og torfrista

Mór var eitt helsta eldsneyti sem menn áttu völ á fyrr á öldum en ekki var jafngott mótak á öllum jörðum. Miklar mógrafir eru bæði á Mánárdal og Dalabæjardal og sýnilegt að þar hefur verið tekinn mór lengi, sennilega langt fram á 20. öld (Ey-001:006, Ey-002:019 og 042). Einnig eru mógrafir (Ey-002:009) austarlega í Dalabæjarlandi, skammt vestur af Stórhúsum. Í Engidal er þökkalegt mógrafasvæði niðri á bökkunum vestur af Sauðanesi (Ey-003:021). Ekki er vitað hvort eða þá hvar mór var tekinn í Hvanneyrarlandi en á Höfn er enn ágætlega varðveitt grafasvæði skammt frá hestúshverfi (Ey-006:005). Þar er vitað að mór var tekinn fram á 20. öld.

6. Niðurstöður

Tölfræði

Eins og áður sagði voru, sumarið 2004, alls skráðar 189 fornleifar á sex jörðum, eða að meðaltali rúmlega þrjátíu minjastaðir á jörð. Þær sem hægt var að flokka eftir hlutverkum skiptast á eftirfarandi hátt:

akur	1	bænhús	1
beitarhús	5	fjánhús	8
brunnur	1	fjós	1
bústaður	39	hesthús	8
býli	7	heystæði	6

hjallur	3	sel	2
huldufólksbústaður	2	skemma	2
kálgarður	1	stekkur	9
kirkja	2	túngarður	7
kvíar	5	uppsátur	1
lambhús	3	útihús	6
landamerki	1	vað	1
legstaður	2	vatnsból	1
leið	5	þingstaður	1
mógrafir	7		
rétt	1		
rista	2		

Hættumat var gert fyrir langflesta staðina á vettvangi. Í upphafi 4. kafla var útskýrt hvernig matinu er háttað en það skiptist svo:

hættustig	fjöldi minjastaða
engin hætta	59
hætta	113
stórhætta	6

Hættuorsakir voru eftirfarandi:

hættuorsök	fjöldi minjastaða
vegna ábúðar	93
vegna rofs	13
vegna vegagerðar	5
vegna framkvæmda	5
vegna trjáræktar	2
vegna rasks	1

Eftirfarandi staðir teljast í stórhættu:

- Dalabúðir (Ey-002:021) og Lambhagi (Ey-003:030) eru hvoru tveggja smám saman að hrynja í sjó vegna landbrots. Á báðum stöðum eru töluverðar minjar. Erfitt er að koma í veg fyrir áframhaldandi eyðileggingu en athugandi væri að gera nákvæmar uppmælingar og grunnrannsóknir á báðum stöðum áður en tóftirnar skemmast enn frekar.

- Býli Karls Dúasonar (Ey-004:029), kvíaból (Ey-004:034) og hesthús (Ey-004:039). Ekki var unnt að staðsetja allar þessar minjar með mikilli nákvæmni en þó virðist nokkuð ljóst að þær hafa verið á svæðinu þar sem verið er að reisa mikinn snjóflóðavarnargarð ofan við byggðina, fast norðan við Hvanneyrará. Líklega eru öll mannvistarmerki horfin af svæðinu nú þegar.
- Kirkjugarður og kirkja á Hvanneyri (Ey-004:002). Hætta er ekki yfirvofandi en þar sem mörk kirkjugarðsins eru ekki þekkt og ummerki um hann og kirkjuna lítil sem engin á yfirborði verður að telja miklar líkur á að minjunum verði raskað ef farið verður út í einhverjar framkvæmdir á svæðinu, s.s. jarðvegsvinnu eða byggingar.

Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Þótt erfitt sé að gera upp á milli minjastaða, skal hér reynt að draga fram staði á svæðinu sem af einhverjum sökum þykja áhugaverðari en aðrir, ýmist vegna rannsóknna-, varðveislu- eða kynningargildis:

1) **Bæjarhóllinn á Dalabæ (Ey-002:001) og raunar túnstæði allt** og svæðið niður á bakkana með fjölda beitarhúsa, Dalabúðum og mógröfum. Svæðið má telja einstaka minjaheild sem gæti hentað vel hvort heldur sem er til rannsókna og/eða kynningar fyrir almenningi. Það er sjaldgæfara en margan grunar að slík minjaheild, sem gefur góða mynd af búskaparháttum fyrri tíma, skuli varðveitt svo nálægt þéttbýli.

2) **Meint býli á Dalabæjardal (Ey-002:022)**. Helgi Guðmundsson hafði þá kenningu um tóftirnar að þar hefði verið býli en þess er hvergi getið í ritheimildum. Tóftirnar eru óspilltar og gætu hentað til rannsókna.

3) **Dalabæjarsel (Ey-002:011) og mógrafasvæði** þar hjá (Ey-002:041 og 042). Fallegar og vel varðveittar sel- og kvíatóftir eru til vitnis um löngu horfna búskaparhætti og mógrafirnar gefa góða mynd af þeirri vinnu sem fólk þurfti að leggja á sig til að ná í eldivið á þessu svæði. Skemmtileg og hæfilega löng ganga er að selinu sem gæti hentað vel til kynningar fyrir ferðamenn.


4) **Rústin af gamla Engidalsbænum (Ey-003:001)** er eina heillega bæjarrústin á skráningarsvæðinu, með skýrri herbergjaskipan. Henni hefur þegar verið sýndur sá sómi að merkja hana með skilti og mikilvægt að hlúa áfram vel að varðveislu hennar.

5) **Hvanneyrarsel (Ey-005:001) og Álfkonusteinn (Ey-004:025)**. Þónokkrar tóftir eru á Hvanneyrarseli. Þar var bæði selstaða frá Hvanneyri og býli um tíma. Álfkonusteinninn er mikilfenglegur og sagnir sem honum tengjast býsna skemmtilegar. Staðurinn gæti hentað vel til kynningar og selið býður upp á góða rannsóknarmöguleika.

6) **Bæjarhólar Hafnar (Ey-006:001) og Hvanneyrar (Ey-004:001)**. Þótt nú séu engar framkvæmdir fyrirhugaðar við þessa merku minjastaði verður að telja þá í töluverðri hættu vegna byggðarinnar allt í kring. Lagt er til að fyllsta aðgát verði sýnd við báða staðina ef til framkvæmda kemur í nágrenni þeirra.

Siglufjörður 1868.


1. Bakki.
2. Hvanneyri.
3. Kirkjan.
4. Fjærhús.
5. Hafnarbúð.
6. Hafnarhjallur.
7. Arngrímsbjallur.
8. Dalabúð.
9. Hvanneyra kot.
10. Kofi Siggu gömlu.
11. Ytrahúsið.
12. Bræðsluhús.
13. Verzlunarhús.
14. Búð Johanss í Höfn og Lilla búðin.
15. Beykishús og paki hús.
16. Búðarhöll.
17. Neðri Höfn.
18. Efri Höfn.



Siglufjörður 1888.

1. Bakki.
2. Hvanneyri.
3. Kirkjan.
4. Naustið.
5. Silðarhúsin.
6. Salthúsið.
7. Bræðsluhúsin.
8. Eyri.
9. Hvanneyrarkofi.
10. Lækur.
11. Lækjarbakki.
12. Sandhöll.


13. Sæbys hús.
14. Maððómuhús.
15. Faktorshús.
16. Gamla og nýja húðin.
17. Borgukofi.
18. Ytrahúsið.
19. Niðarsubhúsið.
20. Syðra pakkhúsið.
21. Búðarhöll.
22. Neðri Höfn.
23. Efri Höfn.



Siglufjörður 1918.

1. Bakki.
2. Hvanneyri.
3. Kirkjan.
4. Naustið.
5. Silðarhúsin.
6. Salthúsið.
7. Bræðsluhúsin.
8. Eyri.
9. Hvanneyrarkofi.
10. Lækur.
11. Lækjarbakki.
12. Sandhöll.
13. Sæbys hús.
14. Maððómuhús.
15. Faktorshús.
16. Gamla og nýja húðin.
17. Borgukofi.
18. Ytrahúsið.
19. Niðarsubhúsið.
20. Syðra pakkhúsið.
21. Búðarhöll.
22. Neðri Höfn.
23. Efri Höfn.

24. Sæbys hús.
25. Maððómuhús.
26. Faktorshús.
27. Gamla og nýja húðin.
28. Borgukofi.
29. Ytrahúsið.
30. Niðarsubhúsið.
31. Syðra pakkhúsið.
32. Búðarhöll.
33. Neðri Höfn.
34. Efri Höfn.
35. Sæbys hús.
36. Maððómuhús.
37. Faktorshús.
38. Gamla og nýja húðin.
39. Borgukofi.
40. Ytrahúsið.
41. Niðarsubhúsið.
42. Syðra pakkhúsið.
43. Búðarhöll.
44. Neðri Höfn.
45. Efri Höfn.




Kort sr. Bjarna Þorsteinssonar af Siglufirði


FORNLEIFAKORT

Hér á eftir fylgja fornleifakort af Máná, Dalabæ, Engidal, Hvanneyrarseli, Hvanneyri og Höfn. Loftmyndirnar eru fengnar að láni hjá Ofanflóðasjóði. Engin ábyrgð er tekin á landamerkjum.


Skýringar: Fornleifar eru merktar með gulum dílum og númeri sem samsvarar fornleifaskrá. Sjáanleg garðlög eru merkt með grænum línunum og landamerki með rauðum línunum. Þar sem margar tóftir eru skráðar undir sama númeri eru rústasvæði skyggð til afmörkunar.




Kort 1: Dreifing minja á skráningarsvæðinu




Kort 2: Norðurhluti Mánár og Dalabæjar



Kort 3: Suðurhluti Mánár og Dalabæjar




Kort 4: *Engidalur*



Kort 5: *Hvanneyrarsel*



Kort 6: Hvanneyri



Kort 7: Höfn. Fordum er talið að töluverður hluti eyrarinnar hafi heyrð undir Höfn en í allt frá því á 18. öld hafa merki milli Hvanneyrar og Hafnar verið umdeild.

Heimildaskrá

- BE 1990 I:** *Byggðir Eyjafjarðar 1990*. 1993. Búnaðarsamband Eyjafjarðar.
- BP 1868,**
BP 1888,
BP 1918: Kort Bjarna Þorsteinssonar af Siglufirði árin 1868, 1888 og 1918, prentuð í: Bjarni Þorsteinsson. 1918. *Siglufjarðarverzlunarstaður hundrað ára : 1818 - 20. maí - 1918 : aldarminning : ágrip af sögu kaupsins og sveitar*. Reykjavík.
- Bjarni F. Einarsson. 1997. *Leiðigarðar á Siglufirði: álitgerð vegna fornleifa í tengslum við umhverfismat og fyrirhugaða leiðigarða á Siglufirði*. Þjóðminjasafn Íslands.
- DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kh. og Rv. 1853-1976.
- FF:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. I-II. 1985. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Á sprekamó:** *Á sprekamó. Afmælisrit tileinkað Helga Hallgrímssyni náttúrufræðingi sjötugum, 11. júní 2005*. 2005. Hólar, Akureyri.
- JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1-11*, Kh. 1913-43; 12-13 Rv. 1990.
- JJ:** J.Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.
- Orri Vésteinsson. 2001. *Fornleifakönnun. Jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar*. FS141-01061. Fornleifastofnun Íslands.
- SS:** Sigurjón Sigtryggsson. 1986. *Frá Hvanndölum til Úlfsdala. Þættir úr sögu Hvanneyrarhrepps*. I-III. Sögusteinn, Reykjavík.
- Siglufjörður:** Ingólfur Kristjánsson. 1968. *Siglufjörður*. Siglufjarðarkaupstaður og Sögufélag Siglufjarðar.
- Túnakort fyrir Hvanneyrarhrepp frá því um 1920. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Viðtal við PH:** Myndband með viðtali Örlygs Kristfinnssonar og Þ. Ragnars Jónassonar við Þórhöllu Hjálmarsdóttur frá Dalabæ. Í einkaeigu [eintak af myndbandinu er til á bókasafninu á Siglufirði].
- Ö-Búð: Örnefnalýsing Búðar. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Dalabær: Örnefnalýsing Dalabæjar. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Engidalur: Örnefnalýsing Engidals. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hvanneyri: Örnefnalýsing Hvanneyrar. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Lækir: Örnefnalýsing Lækja. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Meiri Höfn: Örnefnalýsing Meiri Hafnar . Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Minni Höfn: Örnefnalýsing Minni Hafnar. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Máná: Örnefnalýsing Mánár. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir: Örnefnalýsing frá Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamenn:

Einar Þórarinsson f. 1929

Hannes Baldvinsson f. 1931

Pálína Kröyer f. 1923

Páll Helgason f. 1941

Sigurður Helgi Sigurðsson f. 1948

Trausti Magnússon f. 1918

Örlygur Kristfinnsson f. 1949